FRÉTTABLAÐIÐ
218. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER 2019

# Stjórnleysi leiddi til mistaka

**STJÓRNSÝSLA** Breyta þarf fyrirkomulagi á stjórn Sorpu að mati viðmælenda Fréttablaðsins. Reykjavíkurborg hefur ábyrgst lán upp á nærri milljarð króna vegna mistaka í áætlanagerð Sorpu. Tíð stjórnarskipti hafi gert það að verkum að enginn nema framkvæmdastjóri hafi í raun yfirsýn yfir öll verkefnin, stjórnleysi hafi leitt til kostnaðarsamra mistaka.



Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ.

Einnig er það gagnrýnt að fulltrúar minnihlutans séu ekki í aðstöðu til að veita rekstrinum aðhald.

„Það eru bara fulltrúar meirihlutans í stjórnunum, síðan eru það bæjarstjórarnir sem taka ákvarðanirnar sem eigendur,“ segir Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ.

„Með núverandi fyrirkomulagi koma þessi mál aldrei beint inn á borð til okkar, nema þá bara í gegnum fundargerðir á bæjarstjórnarfundum þar sem þær renna ljúft í gegn. Þar mætti þeim fulltrúum, sem eiga sæti í þessum stjórnum, renna blóðið til skyldunnar og vera betur upplýsandi þegar eins umfangsmikil mál dúkka upp og Sorpumálið er.“ **– ab**





**»** Sala rafhjóla jókst um á bilinu 35-65% frá árinu 2017 til 2018 á stærstu mörkuðum Evrópu.

**»** Það stefnir í að tæp 30% af heildarsölu reiðhjóla á Íslandi árið 2019 verði rafknúin hjól.

# Stór vandi leystur með litlu tæki

Umferðarhnúturinn herðist og pirringurinn eykst með. Lítil farartæki með litlum mótor eins og hjól og hlaupahjól eiga mögulega eftir að verða stór liður í að losa um þennan hnút. Fólk hefur lengi spáð í framtíðina í samgöngutækjum og séð fyrir sér hin mestu furðutól en kannski er rafhjólið flugbíllinn sem aldrei kom? → 10



Michelle Ballarin ætlar ótrauð að koma WOW air aftur á loft.

## Ætlar að koma WOW í loftið

**VIÐSKIPTI** Athafnakonan Michele Ballarin, einnig þekkt sem Michele Roosevelt Edwards, sem hyggst endurreisa flugfélagið WOW air, greiddi 50 milljónir króna fyrir eignirnar sem hún keypti úr þrotabúi WOW air. Meðal þess sem hún keypti voru fjölubláir búningar, varahlutir og handbækur. Ballarin, sem er stjórnarformaður USAerospace Associates LLC, sagði á blaðamannafundi í byrjun mánaðarins að hún hefði tryggt um 10 milljarða króna í reksturinn. Til stendur að hefja flug til Bandaríkjanna í næsta mánuði.

Til að byrja með verða tvær flugvélar notaðar og flogið daglega milli Íslands og Bandaríkjanna. Fleiri vélum verður bætt við í samræmi við eftirspurn. Unnið er að því nú að endurreisa vefsíðu WOW air til að hægt verði að bóka flug.
**– ab /** **sjá síðu 4**

## Hinkra með áfengismálið

**STJÓRNMÁL** Svo kann að fara að ekkert þingmannamál um smásölu áfengis verði lagt fram á komandi þingi en helstu áhugamenn um málið bíða nú og sjá hvað nýr dómsmálaráðherra hyggst fyrir. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir hefur stutt frumvörp um málið sem hafa verið fastur liður á hverjum þingvetri í mörg ár.

Frumvarp um heimild til áfengiskaupa í netverslun er á þingmálaskrá nýs dómsmálaráðherra og verður að óbreyttu lagt fram í mars á næsta ári. **– aá /** **sjá síðu 4**



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.



## Veður




Sunnan 8-13 í dag með súld eða rigningu og hita 8 til 13 stig, en úrkomulítið austanlands og heldur hlýrra. SJÁ SÍÐU 34



Ferðamenn í rigningu og dumbungi í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rigning um allt land næstu daga

**VEÐUR** Búast má við miklum rigningum um land allt í dag og næstu daga. Gefin hefur verið út gul viðvörun á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og á Faxaflóa en mögulegt er að slík viðvörun verði einnig gefin út fyrir norðanvert landið, Breiðafjörð og Vestfirði.

Þrátt fyrir að afar mikið hafi rignt á landinu í gær segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, að ekki sé um óeðlilega rigningu að ræða. „Þetta er bara haustveður, en það sem er óvenjulegt er frekar það hversu hlýtt það er, það getur farið alveg upp í tuttugu gráður fyrir norðan en oft er komið frost á þessum tíma,“ segir hann.

**Búast má við að örlítið dragi úr rigningunni í dag en í kvöld bætir aftur í.**

Búast má við að það dragi örlítið úr rigningunni í dag en í kvöld bætir aftur í. Búast má við miklum rigningum um allt land fram að helgi.

Þorsteinn segir ekki mikla hættu stafa af rigningunni en þó geti hrunið úr fjallshlíðum og ár bólgnað. Mælt er með að erlendir ferðamenn, og aðrir sem gera sér ferð upp á hálendi, hugi sérstaklega að viðvörunum og sýni athygli.

Einnig er mælt með að fólk hugi vel að niðurföllum og hreinsi frá þeim svo ekki safnist þar saman vatn. **– bdj, fbl**

# Mótmælt með þögninni



Fjöldi kvenna kom saman við skrifstofu héraðssaksóknara og mótmælti með þögninni miklum fjölda niðurfellinga á nauðgunarmálum á Íslandi. Þær sögðu með öllu óviðunandi að nauðgun, sem er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja og mikið samfélagsmein, sé nánast refsilaus. Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari smeygði sér í gegnum mótmælendahópinn og virtist ekki láta þögnina raska ró sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Ruby Tuesday er gjaldþrota öðru sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ruby Tuesday gjaldþrota

**VIÐSKIPTI** Rekstrarfélag veitingastaða Ruby Tuesday, sem starfræktir voru á tveimur stöðum, var úrskurðað gjaldþrota þann 12. september. Félagið, RK20 ehf. áður Ruby ehf., var í eigu veitingamannsins Guðmundar Arnfjörð. Guðmundur tók við rekstrinum 2015 eftir rekstrarerfiðleika fyrri eiganda. Guðmundur er helst þekktur fyrir aðkomu sína að veitingastaðakeðjunni Pizzunni sem hann byggði upp í tæpa tvo áratugi. **– bþ**

# Meiðyrðamál Manna í vinnu tekin fyrir

Eiríkur Jónsson baðst einn afsökunar vegna ummæla eða fréttar í tengslum við starfsmannaleigu sem var sökuð um misnotkun á starfsmönnum. Hópur verkalýðsforingja fékk kröfubréf. Tvö meiðyrðamál tekin fyrir á morgun.

**DÓMSMÁL** Á morgun verða tekin fyrir tvö meiðyrðamál sem Jóhannes S. Ólafsson, lögmaður starfsmannaleigunnar Manna í vinnu ehf., höfðaði fyrir hönd fyrirtækisins gegn Maríu Lóu Friðjónsdóttur, sérfræðingi í vinnustaðaeftirliti ASÍ, og Unni Sverrisdóttur, forstjóra Vinnumálastofnunar.

Málin voru höfðuð vegna þeirra þungu orða sem María Lóa og Unnur létu falla í fjölmiðlafárviðri sem skapaðist í febrúar eftir að fulltrúar ASÍ og lögreglunnar könnuðu aðstæður rúmenskra starfsmanna fyrirtækisins. Hafði starfsemi fyrirtækisins verið í gjörgæslu í rúma fjóra mánuði eftir ítarlega umfjöllun fréttaskýringarþáttanna Kveiks og Kastljóss um starfsmannaleiguna og meðferð hennar á starfsfólki.

Að mati Jóhannesar voru ásakanir sem komu fram um að Rúmenarnir hefðu verið leiknir grátt af hálfu starfsmannaleigunnar úr lausu lofti gripnar, það hafi öll gögn málsins sýnt. „Þessi aftaka á fyrirtækinu í fjölmiðlum er sennilega einsdæmi hérlendis og því er það mat mitt og skjólstæðinga minna að það verði að fá úr því skorið hvort slík aðför líðist. Það er ljóst að öðru málinu verður vísað frá en við munum halda hinu til streitu,“ segir Jóhannes.

Greint var frá því í byrjun mars að Jóhannes hefði sent bréf á fjölmarga aðila þar sem krafist var afsökunarbeiðni sem og greiðslu miskabóta fyrir meiðandi ummæli. Í þeim hópi voru Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, Drífa Snædal, forseti ASÍ, Halldór Þór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, og Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, auk áðurnefndra twímenninga. Þá var slíkt bréf einnig sent á forsvarsmenn Sýnar hf. og fjölmiðlamanninn Eirík Jónsson. „Sá eini sem baðst afsökunar á ummælum sínum var Eiríkur,“ segir Jóhannes.



Eiríkur baðst einn afsökunar á umfjöllun sinni um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þessi aftaka á fyrirtækinu í fjölmiðlum er sennilega einsdæmi hérlendis.**
>
> Jóhannes S. Ólafsson, lögmaður



Í kjölfarið hafi málarekstur verið undirbúinn og síðan höfðað mál gegn Maríu Lóu og Unni í fyrstu lotu. „Það var öllum ljóst að fjárhagsstaða skjólstæðings míns var mjög slæm eftir þessa aðför sem kippti fótunum undan rekstri fyrirtækisins. Það gerði því stöðuna erfiða að dómari fór fram á að fyrirtækið myndi leggja fram 1,2 milljónir króna í málskostnaðartryggingu í hvoru máli fyrir sig. Að vandlega athuguðu máli var ákveðið að leggja fram þá tryggingu í málinu gegn Maríu Lóu en ekki í málinu gegn Unni sem mun þýða að því verður vísað frá á morgun. Skaðinn er gegn Mönnum í vinnu. Það er að okkar mati brýnt réttlætismál að fá úr því skorið hvort svona aðför gegn fyrirtækjum líðist í íslensku samfélagi.“ **bjornth@frettabladid.is**




Herra lagerinn outlet
BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Troðfull verslun af merkjavöru
40% 50%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)


Alvarlegt vinnuslys á Kársnesi

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 **Alvarlegt vinnuslys á Kársnesi** Vinnueftirlitið og lögreglan mættu á svæðið eftir að tilkynnt var að steinblokkir hefðu fallið á vinnumann. Maðurinn var fluttur á slysadeild.

2 **Tíu ára stelpu sagt að drepa sig á Tik Tok** Óprúttnir aðilar stofnuðu hatursreikning gegn tíu ára stelpu þar sem birtar voru myndir af henni með hryllilegum athugasemdum.

3 **WOW fékkst á 50 milljónir** Michele Ballarin greiddi alls 50 milljónir íslenskra króna fyrir þær eignir sem hún keypti úr þrotabúi flugfélagsins WOW air.

4 **Skilja ætti samkeppni frá öðrum þáttum Isavia** Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia, segir fagfjárfesta þurfa að Isavia með sérþekkingu á rekstri flugvalla.

5 **Trump um nýlátna fréttakonu: „Hún kom aldrei vel fram við mig“** Donald Trump Bandaríkjaforseti fór nokkuð hörðum orðum um fréttakonuna Cokie Roberts, sem lést í gær.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Borgaði 50 milljónir fyrir eignir úr þrotabúi WOW

**VIÐSKIPTI** Athafnakonan Michele Ballarin, einnig þekkt sem Michele Roosevelt Edwards, sem hyggst endurreisa flugfélagið WOW air, greiddi 50 milljónir króna fyrir eignirnar sem hún keypti úr þrotabúi WOW air.

Meðal þess sem hún keypti voru fjólubláir búningar, varahlutir og handbækur.

Ballarin, sem er stjórnarformaður USAerospace Associates LLC, sagði á blaðamannafundi í byrjun mánaðarins að hún hefði tryggt um 10 milljarða króna í reksturinn. Til stendur að hefja flug til Bandaríkjanna í næsta mánuði.

Sagði hún einnig að nafnið WOW air yrði notað og útlitið yrði það sama.

Til að byrja með verða tvær flugvélar notaðar og flogið daglega milli Íslands og Bandaríkjanna. Fleiri vélum verður bætt við í samræmi við eftirspurn. Unnið er að því nú að endurreisa vefsíðu WOW air til að hægt verði að bóka flug.

Hið nýja WOW air verður með höfuðstöðvar á Dulles-flugvelli í Virginíu í Bandaríkjunum og skrifstofur hér á landi. **– ab**


**Ballarin hefur fest kaup á eignum WOW air.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Tvær flugvélar WOW air munu fljúga daglega milli Íslands og Bandaríkjanna. Fleiri vélum verður bætt við í samræmi við eftirspurn.**

# Gefa ráðherra kost á að leggja til breytingar á áfengislöggjöf

**Svo kann að fara að ekkert þingmannamál um smásölu áfengis verði lagt fram á komandi þingvetri en fyrirhugað frumvarp dómsmálaráðherra um heimild til netkaupa á áfengi kann að hafa áhrif. Áætlað er að leggja frumvarpið fram á vorþingi. Ekki liggur fyrir hvort slíkt frumvarp fæst samþykkt í ríkisstjórn.**

**STJÓRNMÁL** Tvö frumvörp um áfengi hafa verið lögð fram á Alþingi á þeirri rúmu viku sem liðin er frá þingsetningu. Hvorugt þeirra fjallar um aukið frelsi í smásölu áfengis en hatrömm umræða um brennivín í búðir hefur verið fastur liður á Alþingi í áraraðir. Hefur ágreiningur um málið oft valdið töfum á afgreiðslu annarra mála.

Nú kann hins vegar að hafa áhrif fyrirhugað frumvarp dómsmálaráðherra um heimild til sölu á eigin framleiðslu og heimild til áfengiskaupa í netverslun, sem kynnt er í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar.

„Í ráðuneytinu er vinna í gangi um að leyfa netverslun með áfengi, en hér á landi er hægt að kaupa áfengi frá öðrum löndum en ekki frá íslenskum aðilum,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra, aðspurð um efni hins boðaða frumvarps. Hún vísar til tillögu að tilskipun ESB sem liggur fyrir þinginu um að þeir sem stundi netverslun í EES-svæðinu megi ekki mismuna viðskiptavinum á grundvelli þjóðernis heldur beri að selja vörur til allra landa óháð búsetu viðskiptavina. „Augljóslega er tilskipunin almennt hagsmunamál fyrir íslenska neytendur sökum fjarlægðar frá meginlandi Evrópu,“ segir Áslaug. Samkvæmt þingmálaskránni er ráðgert að frumvarpið verði lagt fram á vorþingi.

Meðal frumflytjenda málsins á undanförnum árum eru Sigurður Kári Kristjánsson, Vilhjálmur Árnason og Teitur Björn Kárason. Á síðasta þingi brá hins vegar svo við að Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, varð fyrstur til að leggja málið fram. Kann þar að hafa áhrif að Pawel Bartoszek, fyrrverandi þingmaður flokksins, fór fyrir mikilli vinnu um málið á vettvangi allsherjar- og menntamálanefndar á síðasta kjörtímabili, en hann var einnig virkur í starfi ungra Sjálfstæðismanna áður en hann tók þátt í stofnun Viðreisnar.

„Ég tel eðlilegt að við gefum nýjum dómsmálaráðherra færi á að setja málið á dagskrá ríkisstjórnar enda ekkert launungarmál að hún hefur stutt þau frumvörp sem komið hafa fram á síðustu þingum,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. Hún segir að flokkurinn muni að sjálfsögðu styðja þau mál sem fram kunni að koma um efnið og eru í frelsisátt.

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók í svipaðan streng og sagði ákveðið skref stigið með boðuðu frumvarpi ráðherra í þingmálaskrá.

Enn á eftir að koma í ljós hvort fyrirhugað frumvarp nýs dómsmálaráðherra hlýtur náð í ríkisstjórn en þar situr einn helsti andstæðingur frjálsrar smásöluverslunar með áfengi, Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

Þau þingmannafrumvörp um áfengismál sem þegar hafa verið lögð fram lúta annars vegar að afnámi banns við framleiðslu áfengis til einkaneyslu með gerjun en það eru Píratar sem leggja það fram. Hins vegar leggja þrír þingmenn stjórnarflokkanna, Bryndís Haraldsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson og Willum Þór Þórsson, fram frumvarp sem mælir fyrir um aðkomu sveitarfélaga að staðarvali nýrra áfengisverslana.

Í greinargerð með því segir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi fullt frelsi um staðarval án skyldu til samráðs við handhafa skipulagsvaldsins. Garðabær hafi til dæmis kvartað yfir því að „ÁTVR hafi einhliða lokað verslun sinni í miðbæ Garðabæjar og hafi svo nokkrum árum síðar opnað nýja verslun í Kauptúni en ekki í miðbæ Garðabæjar þrátt fyrir skýrar óskir sveitarfélagsins þar um.“

**adalheidur@frettabladid.is**


**Hatrömm umræða um brennivín í búðir hefur verið fastur liður á Alþingi í áraraðir. Þingmenn hafa oft deilt um það fram á nætur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Í ráðuneytinu er vinna í gangi um að leyfa netverslun með áfengi.**


Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra

# Morð í Mehamn til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Norska lögreglan hefur lokið rannsókn sinni á máli Gunnars Jóhanns Gunnarssonar sem grunaður er um að hafa ráðið hálfbróður sínum bana í bænum Mehamn í Noregi í apríl. Málið verður sent saksóknara og gert er ráð fyrir að réttarhöld hefjist í desember. RÚV greinir frá.

Gunnar Jóhann er grunaður um að hafa skotið bróður sinn, Gísla Þór Þórarinsson, með haglabyssu. Gunnar Jóhann birti í framhaldinu færslu á Facebook-síðu sinni þar sem hann virtist játa verknaðinn, auk þess sem hann er sagður hafa játað morðið við handtöku. Á seinni stigum sagðist hann telja að um slys hefði verið að ræða. **– sks**





ISBAND
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM


FERÐAÞJÓNUSTURÁÐSTEFNA LANDSBANKANS
Varnarsigur – en hvað svo?
SILFURBERG HÖRPU, FIMMTUDAGUR 26. SEPTEMBER KL. 8.30–10.45.
DAGSKRÁ
Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, setur fundinn.
Við vertíðarlok – staða og horfur í ferðaþjónustunni
Dr. Daníel Svavarsson
Forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans
Erfitt ár en víða vöxtur og bjartsýni
Gústaf Steingrímsson
Hagfræðingur hjá Landsbankanum
Bein áhrif af beinu flugi
Kristján Sigurjónsson
Ritstjóri vefmiðilsins Túristi.is
Sjálfbærni er samnefnari
Pétur Þorsteinn Óskarsson
Framkvæmdastjóri Íslandsstofu
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, viðskiptastjóri hjá Landsbankanum, stýrir fundi.
PALLBORÐSUMRÆÐUR
Bjarnheiður Hallsdóttir
Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar
Bogi Nils Bogason
Forstjóri Icelandair Group
Sveinbjörn Indriðason
Forstjóri Isavia
Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans, stýrir umræðum.
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á LANDSBANKINN.IS/FERDATHJONUSTA
#ferðaþjónusta
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000



Lagning nýrra raflína krefst umhverfismats. Hér sést raforkuflutningskerfi Landsnets við Hellisheiðarvirkjun í Hverahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sinnir ekki lögbundnum skyldum vegna manneklu

**STJÓRNSÝSLA** Landsnet bíður enn eftir því að Skipulagsstofnun skili áliti sínu vegna Hólasandslínu 3 en Landsnet, sem áformar uppbyggingu raforkukerfisins á þessu svæði, lagði inn skýrslu til Skipulagsstofnunar um verkefnið síðastliðið vor. Tafir Skipulagsstofnunar valda því að ekki er hægt að hefjast handa við að styrkja raforkukerfið og tengja Þeistareykjasvæðið við Eyjafjarðarsvæðið með öflugum hætti.

Jakob Gunnarsson, sviðsstjóri umhverfismats hjá Skipulagsstofnun, segir matið verða birt í dag. Matið hafi verið mikið að umfangi þar sem um stórt verkefni hafi verið að ræða. Einnig hafi verið mikið að gera hjá stofnuninni og mörg mál á hennar borði sem hafi valdið þessum töfum.

„Við skiluðum inn matsskýrslu vegna Hólasandslínu 3 í lok mars 2019. Því eru um 24 vikur síðan eða næstum hálft ár. Samkvæmt lögum hefur Skipulagsstofnun fjórar vikur til að skila áliti. Fyrir okkur hjá Landsneti þýðir þetta óvissu með verkefnið, og leiðir til tafa og aukins kostnaðar,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets. „Í raun er það þannig að við getum ekkert eða lítið gert fyrr en álitið liggur fyrir. Það er áhyggjuefni að okkar stærstu framkvæmdir eru allar háðar þessum ferlum og við stöndum frammi fyrir töfum eins og þessum.“

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta orkunýtingu á landinu öllu og auka flutningsgetu á svæðinu. Með lagningu Hólasandslínu 3 er tryggður stöðugleiki flutningskerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin er einnig mikilvæg fyrir flutningskerfi landsins í heild þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu og veikari hluta þess á Austurlandi.

Jakob segir það rétt að samkvæmt lögum þurfi að skila mati á umhverfisáhrifum á skemmri tíma. Hann segir að stofnunin geti ekki sinnt þessum lögbundnu skyldum sínum vegna manneklu þar sem mikið sé að gera hjá stofnuninni. Því þurfi að ráða fleira fólk með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð.

„Við höfum áður vakið athygli á mikilvægi þess að opinber ferlar séu skilvirkir. Það á ekki síst við um verkefni eins og Hólasandslínu 3, sem fellur að stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þar sem markmiðið er að tengja lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi, en Eyjafjarðarsvæði er eitt af þremur svæðum sem stjórnvöld hafa sett í forgang að styrkja,“ bætir Steinunn við.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, sem er sameiginlegur vettvangur allra sveitarfélaga við Eyjafjörð um atvinnumál, lýsti á sameiginlegum fundi sínum í gær yfir áhyggjum sínum af þessari miklu töf sem hefur orðið.

sveinn@frettabladid.is


Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls - hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs auglýsa eftir umsóknum um styrki. Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.
**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2019.**
Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna
**www.vinirvatnajökuls.is**




30%
afsláttur
á Heliosa hiturum

Margar gerðir til á lager.
Hvítir og svartir.

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra.
Helstu kostir HELIOSA hitara eru:
- Hitna strax
- Með fjarstýringu
- Vatnsheldir og menga ekki

Finndu okkur á facebook

30 ÁRA 2018 Flísabúðin

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is




Formaður segir byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu á Álfsnesi vera langt komna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stöðugri stjórn yfir Sorpu í stað óstjórnar

**Reykjavíkurborg ábyrgist lán upp á nærri milljarð vegna mistaka hjá Sorpu. Stjórnarformaður segir ástæðulaust að skipa neyðarstjórn yfir fyrirtækið. Mikilvægt sé að tryggja að stjórnarmenn sitji lengur en eitt kjörtímabil.**

**STJÓRNSÝSLA** Tryggja þarf að stjórnarmenn í byggðasamlögum á borð við Sorpu sitji lengur en eitt kjörtímabil. Um þetta eru viðmælendur Fréttablaðsins sem þekkja vel til slíkra mála sammála. Samþykkt var í borgarstjórn á þriðjudagskvöld að Reykjavíkurborg ábyrgist 990 milljóna króna lán til Sorpu til að klára byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu á Álfsnesi.

Núverandi stjórn Sorpu tók við eftir sveitarstjórnarkosningarnar í fyrra, í vetur voru lagðar fram fjórar framvinduskýrslur um framkvæmdina. Í janúar sagði Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, stjórninni að verkið væri á áætlun miðað við útboð. Tvær aðrar slíkar kynningar fóru fram í apríl og maí. Í júlí síðastliðnum kom svo fram að ekki var gert ráð fyrir 719 milljóna kostnaði í tækjabúnað og 637 milljónum króna í jarðvinnu. Alls gerir þetta tæplega 1,4 milljarða króna.

„Stjórnin samþykkti á síðasta fundi að fela mér og varaformanni stjórnar að fá óháðan aðila til að taka út starfsemi félagsins. Það er stjórnarfundur á föstudaginn í næstu viku, ég geri ráð fyrir að leggja fram tillögu þar að lútandi,“ segir Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður Sorpu. Verkið sé klárað að þremur fjórðu og því kemur ekki til greina af hans hálfu að stöðva framkvæmdir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er óánægja meðal bæjarfulltrúa með stjórnleysi innan Sorpu. Er það vegna þess að skipt sé svo oft um stjórn að enginn nema framkvæmdastjóri hafi í raun yfirsýn yfir öll verkefnin. Er það upplifun eins viðmælenda Fréttablaðsins að stjórnin virki frekar eins og nefnd sem taki við skilaboðum frá eigendum og framkvæmdastjóra.

Theodóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi BF/Viðreisnar í Kópavogi, hefur lagt fram tillögu um að neyðarstjórn taki við verkefninu. „Það þarf sérfræðinga í mannvirkjagerð til að klára þetta verkefni og svo til að fara ofan í kjölinn á áætlunum og allri ákvarðanatöku í fyrirtækinu. Verkið er ekki búið og því getur það hæglega gerst að kostnaðurinn aukist enn frekar.“

Þar að auki vill hún endurskoða fyrirkomulag byggðasamlaga í heild.

Undir þetta taka fleiri bæjarfulltrúar flokksins, þar á meðal Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ. „Það eru bara fulltrúar meirihlutans í stjórnunum, síðan eru það bæjarstjórarnir sem taka ákvarðanirnar sem eigendur,“ segir Sara. „Með núverandi fyrirkomulagi koma þessi mál aldrei beint inn á borð til okkar, nema þá bara í gegnum fundargerðir á bæjarstjórnarfundum þar sem þær renna ljúft í gegn. Þar mætti þeim fulltrúa sem á sæti í þessum stjórna renna blóðið til skyldunnar og vera betur upplýsandi þegar eins umfangsmikil mál dúkka upp og Sorpumálið er.“

Birkir Jón segir það ekki vænlegt að skipa neyðarstjórn yfir Sorpu. „Framkvæmdirnar eru á áætlun, það sem menn hafa sett út á er hvernig staðið var að málum í upphafi. Mér finnst rétt að halda því í þeim farvegi sem það er í, enda ganga verklegir hlutar vel.“

Það sem skiptir meira máli að mati Birkis er að það sé stöðugleiki í stjórnarsetu. „Það er mjög mikilvægt að þekking í stjórn félags fari ekki út á einu augabragði á fjögurra ára fresti,“ segir Birkir. „Það er margt annað við stjórn félagsins sem þarf að skoða, sem ég á von á að sjá í úttektinni.“ **arib@frettabladid.is**

> **Með núverandi fyrirkomulagi koma þessi mál aldrei beint inn á borð til okkar, nema þá bara í gegnum fundargerðir á bæjarstjórnarfundum þar sem þær renna ljúft í gegn.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ



> **Það er mjög mikilvægt að þekking í stjórn félags fari ekki út á einu augabragði á fjögurra ára fresti.**

Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður Sorpu



# Fjórðungur sofið hjá

**SAMFÉLAG** 75 prósent 10. bekkinga hafa ekki stundað kynlíf samkvæmt niðurstöðum nýrrar skýrslu um heilsu og líðan grunnskólanema. Skýrslan ber yfirskriftina Heilsa og lífskjör skólanema á Íslandi og hefur hún verið lögð fyrir um árabil hérlendis að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Rannsóknastofa í tómstundafræðum við Háskóla Íslands annaðist framkvæmdina en skýrsluhöfundar eru doktor Einar B. Þorsteinsson og Ársæll M. Arnarsson.

Alls svöruðu 7.159 nemendur um land allt könnuninni. Hlutfallslega hafa flest ungmenni stundað kynlíf á Norðurlandi vestra eða tæplega 36 prósent. Hlutfallið er minnst á Austurlandi eða um 21 prósent. Höfuðborgarsvæðið er rétt undir meðaltalinu. Þar hafa rúmlega 24 prósent 10. bekkinga stundað kynlíf. **– bþ**

> **7.159**
> **nemendur um land allt svöruðu könnuninni.**

# Meiri hollusta



**25% afsláttur**

Íslands Naut

**Nautafile**

**4.424** kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg




**California style ferskt Guacamole**

**799** kr/stk



**25% afsláttur**

Íslands Naut

**Nautahakk 4% fita**

**1.949** kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg

Tilboð gildir út 22. september

*Ef verslað eru 24 stk
**Ef verslað eru 14 stk




**225** kr/stk**
v.á. 299 kr/stk

**Barebells Core**
**14 stykki að eigin vali**

**3.150** kr/ks
Verð áður 4.186 kr/ks




**25% afsláttur**

**25% afsláttur af öllum NOW vítamínum**




**233** kr/stk*
v.á. 319 kr/stk

**KASSATILBOÐ**

**Nocco BCAA drykkir**
**24 Nocco drykki að eigin vali**

**5.592** kr/ks
Verð áður 7.656 kr/ks



**25% afsláttur**

**Crop´s frosnir ávextir tilbúnir í bústið**

Verð frá **746** kr/pk
Verð áður 995 kr/pk




**Special K**

**599** kr/pk




**25% afsláttur**

**Lífrænt Himneskt hnetusmjör**

**329** kr/stk
Verð áður 439 kr/stk

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabær og Skeifan

HAGKAUP
Meira svona alla daga


Fjármálaráðherrann kynnir neyðarlög á rafrettur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Indversk lög banna rafrettur

**INDLAND** Indverjar hafa sett neyðarlög til að banna innflutning, framleiðslu og sölu á rafrettum og rafrettuvökva að viðurlögðu eins árs fangelsi og hárri sekt. Þetta tilkynnti Nirmala Sitharaman fjármálaráðherra í gær og sagði ástæðuna fyrir lagasetningunni lýðheilsusjónarmið og rafrettunotkun ungs fólks. Þá verður eign rafretta einnig bönnuð að viðurlögðu hálfs árs fangelsi og sekt.

Lagasetningin kemur í kjölfar skýrslu heilbrigðisráðuneytisins frá því í vor þar sem kom fram að ónægar rannsóknir væru á heilsufarsáhrifum rafretta og því ekki óhætt að leyfa þær. Í Bandaríkjunum hafa nýlega komið upp atvik þar sem dauðsföll eru tengd rafrettum.

„Samkvæmt fréttum eru sumir líklega að byrja að nota rafrettur af því að það þykir svalt,“ sagði Sitharaman á blaðamannafundi. – khg

## Deilt um breska heilbrigðiskerfið


Heimsókn forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, á Whipps Cross háskólasjúkrahúsið í Leytonstone á Englandi í gær vakti fjölmiðlaathygli þegar faðir veikrar stúlku hellti sér yfir Johnson. Atvikið kom forsætisráðherra mjög í opna skjöldu. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS


Tilkoma Trumps hefur aukið hættuna. NORDICPHOTOS/AFP

## Auknar líkur á kjarnorkustríði

**ALÞJÓÐAMÁL** Rannsóknarteymi í Princeton-háskóla í New Jerseyfylki segir að hættan á kjarnorkustyrjöld á milli NATO og Rússlands hafi aukist eftir að Trump Bandaríkjaforseti tók við embætti. Helsta ástæðan er að stórveldin hafi undið ofan af afvopnunarsáttmálum að undanförnu.

Miðað við reiknilíkan rannsóknarteymisins myndu tugmilljónir falla í valinn í slíkum átökum. Aðeins á fyrstu klukkutímunum myndu 34 milljónir manns deyja og 57 milljónir særast. Langtímaáhrif geislunar eru ekki inni í líkaninu.

Líklegasta útkoman er stríð milli NATO og Rússlands í Evrópu. Rússar gætu ekki keppt í landhernaði og myndu skjóta fyrstu kjarnorkuflauginni frá Kalíníngrad og NATO svara. Í kjölfarið myndu hundruð flauga, skotið frá jörðu eða úr flugvélum, hæfa skotmörk í Evrópu.

Flest skotmörkin yrðu í Rússlandi, Þýskalandi, Póllandi, Ítalíu, Grikklandi og Úkraínu. Seinna myndu Bandaríkjamenn og Rússar skjóta um tíu flaugum á fjölmennar borgir úr kafbátum. – khg




# Stjórnarmyndun í Ísrael verður erfið

**Báðir stóru flokkarnir töpuðu fylgi í kosningum í Ísrael á þriðjudag. Helsta fyrirstaða stjórnarmyndunar virðist vera forsætisráðherrann sjálfur. Avigdor Lieberman, leiðtogi sigurflokksins Yisrael Beitenu, hefur alla ásana á hendi.**

**ÍSRAEL** Líkúd-flokkurinn tapaði sjö þingsætum í ísraelsku þingkosningunum sem fram fóru á þriðjudag og forsætisráðherrann Benjamin Netanyahu er nú í enn verri stöðu til að mynda ríkisstjórn en hann var í kosningunum í apríl.

Fylgistap Bláa og hvíta bandalags Benny Gantz var minna en samt upp á þrjá þingmenn. Flokkurinn er nú stærsti þingflokkurinn með 32 þingmenn en Líkúd hefur 31. Þessi niðurstaða samrýmist vel skoðanakönnunum á undanförnum mánuðum sem sýndu hnífjafnt fylgi.

Sigurvegari kosninganna er veraldlegi hægriflokkurinn Yisrael Beitenu undir stjórn Avigdor Lieberman, en flokkurinn er klofningur út úr Líkúd. Yisrael Beiteinu bætti við sig fjórum þingsætum, hefur nú níu þingmenn og er Lieberman talinn hafa öll spilin á hendi varðandi stjórnarmyndun. Lieberman hefur talað fyrir breiðri stjórn með báðum stóru flokkunum en óvíst er hver myndi leiða slíka stjórn. Netanyahu getur ekki myndað hægristjórn án aðkomu Lieberman.

Sameinaður listi Arabaflokka vann einnig sigur, bætti við sig þremur þingsætum og hefur nú 13. Skýrist það af mikilli kosningaþátttöku ísraelskra Araba, 12 prósent meiri en í vor. Líkur eru á að hann verði áfram einangraður á þinginu.

Fylgi smærri flokka, sem margir eru hægrisinnaðir og eiga sterkar rætur í gyðingdómi, breyttist lítið. Verkamannaflokkurinn, sem á rætur í hinum gamla Verkamannaflokki sem áður réð lofum og lögum í ísraelskum stjórnmálum, hélt sínum sex þingmönnum en flokkurinn hlaut mikinn skell í þingkosningunum í vor.


Avigdor Lieberman, forystumaður veraldlega hægriflokksins Yisrael Beitenu sem er klofningur út úr Líkúd-flokki Netanyahu. NORDICPHOTOS/GETTY

Búist er við að stjórnarmyndun muni taka margar vikur, ef hún er þá möguleg eftir kosningarnar. Ljóst er að almenningur hefur litla þolinmæði fyrir þriðju kosningunum á árinu og því mikil pressa á leiðtogunum að útkljá málið.

Tveggja flokka stjórn Líkúd og Bláa og hvíta bandalagsins hefur verið rædd. Vandamálið er að Gantz getur ekki unað Netanyahu að vera áfram forsætisráðherra, sérstaklega ekki eftir kosningaúrslitin og spillingarmál sem dómstólar munu taka fyrir í október. Netanyahu er sagður ekki geta tekið annað í mál en að hann sjálfur verði áfram forsætisráðherra eins og hann hefur verið undanfarin tíu ár.

Breið stjórn á hægrivængnum, með Líkúd, Yisrael Beiteinu og heittrúuðum gyðingum er ekki líkleg nema að Lieberman brjóti odd af oflæti sínu og gangi gegn eigin kosningaloforðum. Deila Lieberman og smærri flokkanna snýst um kröfu þeirra um að ungir heittrúaðir gyðingar verði undanskildir herþjónustu.

Bæði Netanyahu og Gantz hafa heitið að mynda stjórn þrátt fyrir slæma kosningu. „Á næstu dögum munum við byrja viðræður um að mynda sterka síoníska ríkisstjórn til að koma í veg fyrir hættulega and-síoníska,“ sagði Netanyahu á kosninganótt. Gantz talaði fyrir „breiðri stjórn sem endurspeglar vilja þjóðarinnar“, í sinni ræðu.

Reuven Rivlin, forseti landsins, á ekki öfundsvert hlutskipti fyrir höndum. Í ljósi úrslitanna er talið að hann muni fyrst ræða við Gantz um stjórnarmyndunarumboð. Gantz þarf samt kraftaverk til að geta myndað stjórn með Aröbum, Verkamannaflokknum og Yisrael Beitenu. kristinnhaukur@frettabladid.is




Kosið var til þings í Ísrael í gær og fagnaði forsætisráðherra landsins, Benjamin Netanyahu, fyrstu tölum ásamt flokks-félögum sínum og fjölskyldu. Gengið var til kosninga í Ísrael í gær, í annað sinn á þessu ári, en boðað var til kosninga eftir að illa tókst að mynda ríkisstjórn eftir kosningar í apríl. Gera má ráð fyrir að það verði ekki auðveldara í þetta skiptið því afar mjótt var á munum á milli tveggja stærstu flokkanna. NORDICPHOTOS/GETTY




Hópur andsnúinn Donald Trump Bandaríkjaforseta mótmælti Kaliforníuheimsókn hans á Pershing-torgi í Los Angeles. Trump forseti hélt meðal annars ræðu á fjáröflunarviðburði í Beverly Hills og heimsótti San Diego sem á landamæri við Mexíkó.




Japanska prinsessan Kako af Akishino hitti Birgitte Bierlein, kanslara Austurríkis, í Vín í gær. Prinsessan hefur verið í opinberri heimsókn í Austur-ríki og Ungverjalandi seinustu daga í tilefni af 150 ára stjórnar-sambandsafmæli ríkjanna.



Miklar rigningar hafa verið á Indlandi síðastliðna daga, íbúum til mikilla trafala. Líkt og sjá má sniðu börnin á myndinni sér stakk eftir vexti en faðir þeirra lét rigninguna ekki á sig fá.



Þykkur svartur reykur reis til himins þegar mikill eldur braust út í leðurverksmiðju á Tuzla-svæðinu í Istanbúl í Tyrklandi í gær. Tveir slökkviliðsmenn eru slasaðir eftir brunann.


Kringlan
GEFUM SAMAN AF ÖLLU
hjarta
GÓÐGERÐARDAGUR KRINGLUNNAR ER Í DAG OG ÞVÍ RENNA
5% AF VELTU VERSLANA
OG VEITINGASTAÐA TIL
FORELDRAHÚS
VÍMULAUS ÆSKA
Félagið safnar fyrir eigin húsnæði, ráðgjöf og fræðslu til stuðnings fjölskyldum ungmenna í vímuefnavanda.
Dagskrá
Kl. 16.00 Heiðursathöfn og skemmtidagskrá
Eliza Reid forsetafrú heiðrar starfsmann Foreldrahúss
Söngatriði: Gissur Páll Gissurarson
Björgvin Franz
Kl. 18.30 Lalli töframaður
Kl. 19.00 Söngskemmtun þar sem fram koma:
Tara Moby, Rebekka Blöndal, Leó Ingi og Ingunn
Fræðsla á vegum Foreldrahúss verður í göngugötunni allan daginn og þar verður hægt að kaupa happdrættismiða til styrktar félaginu. Verslanir í Kringlunni gefa glæsilega vinninga.
Nánari upplýsingar um dagskrá, tilboð og happdrætti er á kringlan.is
OPIÐ TIL NÍU Í KVÖLD
KONTOR REYKJAVÍK

# Skráning á markað orðin fýsilegri

**Samdráttur í lánveitingum og íbúðafjárfestingu getur beint fjármagni inn á hlutabréfamarkað. Þannig verður skráning á markað fýsilegur kostur fyrir smærri fyrirtæki. Ísland að verða eina Norðurlandaþjóðin sem hefur ekki tekið upp svokallaða sparifjárreikninga.**

Samdráttur í lánveitingum í bankakerfinu og minni fjárfesting einstaklinga á fasteignamarkaði getur skapað tækifæri fyrir smærri fyrirtæki til að leita fjármagns á hlutabréfamarkaði. Íslensk stjórnvöld geta horft til úrræða sem Norðurlöndin hafa gripið til í því skyni að efla þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði. Þetta segir Baldur Thorlacius, viðskiptastjóri hjá Nasdaq Iceland, í samtali við Fréttablaðið.

Í síðustu viku hófst námskeiðið First North – næsta skref sem er á vegum Nasaq Iceland og samstarfsaðila. Um er að ræða undirbúningsnámskeið fyrir stjórnendur fyrirtækja sem líta á skráningu á hlutabréfamarkað sem eitt af mögulegum framtíðarmarkmiðum sínum. Þetta er annað árið í röð sem námskeiðið er haldið og hafa tíu fyrirtæki skráð þátttöku.

„Það er fyrirséð að samdráttur verði í lánveitingum hjá bönkunum og að hlutverk þeirra verði fremur að miðla fjármagni í gegnum skuldabréfaútgáfur á verðbréfamarkaði. Eins og staðan er í dag á verðbréfamarkaði má segja að smærri fyrirtæki séu að missa af lestinni og við viljum sjá til þess að svo verði ekki,“ segir Baldur.

„Auk þess hafa fjárfestingar almennings farið að miklu leyti á fasteignamarkaðinn, til dæmis í kaup og útleigu á íbúðum á Airbnb, en margt bendir til þess að nú sé minna fjármagn að streyma þangað. Þannig verða eflaust tækifæri fyrir annars konar fjárfestingarkosti á komandi misserum.“

Námskeiðið fer þannig fram að einu sinni í mánuði er haldinn fundur þar sem stjórnendur fá fræðslu og lesefni frá sérfræðingum sem gagnast til að undirbúa frekari vöxt óháð því hvort fyrirtækið verði skráð á markað. Baldur segir að stjórnendur fyrirtækja sem hafi mætt á námskeiðin séu allir á sama máli um að skráning á markað sé ekki jafn íþyngjandi og þeir bjuggust við.



Skráning er ekki jafn íþyngjandi og mörg fyrirtæki búast við. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Skráning á markað er sú leið sem hefur sannað sig mest hér á landi eins og sjá má á ævintýralegum vexti félaga eins og Marel, Össurar og Actavis. Þau fóru öll tiltölulega snemma á markað og nýttu það til að fara í yfirtökur, vaxa og ná þeirri stöðu sem þau hafa í dag. Við viljum nota þessi dæmi sem innblástur fyrir nýsköpunarfyrirtæki morgundagsins,“ segir Baldur.

Aðspurður segir Baldur að engin formleg viðmið séu um stærð fyrirtækja til að þau geti skráð sig á markað. Hann bendir jafnframt á að hið hefðbundna fyrirtæki á First North í Stokkhólmi, þar sem markaðurinn er hvað virkastur á Norðurlöndunum, sé með um 20 starfsmenn og 100 milljónir íslenskra króna í veltu. Þar megi finna mörg fyrirtæki sem réðust snemma í skráningarferli.

Þá bendir hann á að stjórnvöld geti horft til úrræða sem gripið hefur verið til með farsælum hætti á hinum Norðurlöndunum til að auka þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði.

„Umhverfið hér er að mörgu leyti ásættanlegt en ekki framúrskarandi. Ef við berum okkur saman við hinar Norðurlandaþjóðirnar þá verðum við frá næstu áramótum eina þjóðin sem er ekki búin að taka upp það sam kallast sparifjárreikningar. Það eru reikningar sem einstaklingar geta notað til þess að fjárfesta í hlutabréfum og sjóðum, og fela í sér skattalegt hagræði,“ segir Baldur.

„Svíar tóku þetta upp árið 2012 og hin löndin sáu hversu vel þessir reikningar virkuðu til að efla fjármögnun smærri fyrirtækja. Útfærslurnar eru ólíkar og skattahagræðið mismikið en viðleitnin er sú sama.“

Af þeim tíu fyrirtækjum sem taka þátt í námskeiðinu eru fjögur í hugbúnaðargeiranum, fjögur í iðnaði, eitt í rannsóknum og nýsköpun og eitt í skapandi greinum. Stærð fyrirtækjanna er allt frá því að vera að hefja tekjuöflun upp í að vera með tvo milljarða króna í ársveltu. Um helmingur þeirra skilaði hagnaði á síðasta reikningsári. Á fyrsta námskeiðinu tóku 17 fyrirtæki þátt og leiddi könnun Nasdaq Iceland í ljós að af þeim ellefu fyrirtækjum sem svöruðu stefndu átta á skráningu á markað innan fimm ára.

„Lokaákvörðun um skráningu tekur oft lengri tíma en maður myndi vilja en það er skiljanlegt vegna þess að þetta er stór ákvörðun.“ **thorsteinn@frettabladid.is**

**Skráning á markað er sú leið sem hefur sannað sig mest hér á landi eins og sjá má á ævintýralegum vexti félaga eins og Marel, Össurar og Actavis.**


Baldur Thorlacius, viðskiptastjóri Nasdaq Iceland

**8**

**fyrirtæki sem hafa tekið þátt á námskeiðinu stefna á skráningu innan fimm ára.**







## ÓDÝRT OG GOTT

**Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.**

**Heilslátur**
3 stk
**3.899** kr/pk

**Heilslátur**
5 stk
**5.999** kr/pk

**Heilslátur 3 stk**
án blóðs
**3.699** kr/pk

**Heilslátur án blóðs**
5 stk
**5.699** kr/pk

**Frosið heilslátur**
3 stk
**3.999** kr/pk

**Frosið heilslátur**
5 stk
**6.099** kr/pk

**Frosið heilslátur**
3 stk með
próteinkeppum
og mör
**4.699** kr/kg

**Eistu**
**599** kr/kg

**Dilkanýru**
**399** kr/kg

**Dilkalifur**
**399** kr/kg

**Dilkahjörtu**
**599** kr/kg

**Þindar**
**399** kr/kg

**Blóð**
**229** kr/lítri

**Próteinkeppir**
10 stk
**1.399** kr/pk

**Mör**
**189** kr/kg

**Brytjaður mör**
u.þ.b. 3 kg
**269** kr/kg

**Sviðahausar**
**579** kr/kg

**Kalóneraðar**
**vambir**
3 stk
**1.249** kr/pk


Kringlan

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Flugbíllinn sem aldrei kom



**Fjórar til fimm ferðir eru farnar á dag á íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Umferðin er að þyngjast verulega og nauðsynlegt er að draga úr umferð. Rafhjól og önnur tæki knúin litlum mótor eru næsta byltingin í samgöngum. Sala hefur aukist mjög og er aukningin miklu meiri en í sölu á hefðbundnum reiðhjólum.**

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Síðustu vikur virðist hafa verið rætt enn meira en venjulega um umferðina og meðfylgjandi teppur. Er umferðin að þyngjast? „Já, hún er að þyngjast og þjóðfélagið er að stækka. Það er búinn að vera uppgangur í þjóðfélaginu og hagsveiflur og innflutningur á bílum helst í hendur. Fjöldi bíla á heimili er að aukast," segir Jökull Sólberg Auðunsson, ráðgjafi hjá Parallel ráðgjöf, sem sjálfur er mikill áhugamaður um rafhjól og hjólar gjarnan um á einu slíku.

„Það voru gerð umferðarlíkön og lögð að grundvelli borgarlínu fyrir nokkrum árum sem spáðu þessu. Við erum að nálgast milljón ferðir á dag á höfuðborgarsvæðinu," segir Jökull og bætir við að umferðarþunginn ætti ekki að koma okkur á óvart.

### Háværar raddir vilja skyndilausnir

„Við erum ekki undirbúin hvað varðar pirring og núning í þjóðfélaginu þegar þetta raungerist. Við höfum vitað að það stefnir í þetta en núna eru raddirnar orðnar háværar sem vilja bara skyndilausnir. Skipulagsfólk veit að það er ekki í boði þannig að þetta verður erfitt, það er ekki hægt að bjóða upp á einhverjar skyndilausnir nema kannski varðandi rafhjólin.

Á höfuðborgarsvæðinu hafa jaðarsveitarfélögin verið að stækka. Það er bara nýbúið að snúa þessu við og farið að þétta byggð. Það var óvinsæl aðgerð en í samhenginu við umferðarteppurnar sést hver pælingin á bak við það er; að koma í veg fyrir ferðaþörf."

Það eru áreiðanlega einhverjir sem dreymir um að vera einn af þeim sem bruna fram hjá á hjóli þegar setið er við stýrið og silast áfram í umferðarteppu.

### Vilt bara komast leiðar þinnar

Bíllinn er lúxusumhverfi, segir Jökull, og það er vissulega þægilegt að sitja inni í honum með miðstöðina í gangi. „Sætin í bílum eru hönnuð til að sitja lengi í þeim. Nýjustu bílarnir verða bara flottari og flottari; þú ert kominn með betra hljómflutningskerfi en heima hjá þér. Ef þú ert að verða seinn, þá skiptir ekkert af þessu máli. Þá er þér alveg sama um hljómflutningskerfið og öll þessi þægindi, þú vilt bara komast leiðar þinnar."

Rafhjólið lítur vel út sem samgöngutæki þegar rýnt er í ferðaþarfirnar. „Er ekki besta farartækið það sem kemur þér frá A til B og þú ert ekki í umferð? Svona hlutir breytast hratt þegar ferðatíminn er kominn úr 15 mínútum í kannski 50 mínútur. Þá lítur rafhjólið betur og betur út," segir Jökull sem lítur á rafhjól í raun frekar sem betri bíl heldur en betra hjól.

Hann segir rafhjól geta keppt við bíl númer tvö á heimilum og að fleiri heimili ættu að geta litið á þetta sem samgöngukost.

*Hvað myndi gerast hér ef bíll númer tvö færi út?*

„Ferðavenjur myndu breytast gríðarlega. Við erum með á milli 4-5 ferðir á dag á íbúa á Reykjavíkursvæðinu. Við megum ekki fara ofar en það; það má ekki gerast því við erum nú þegar að takast á við fólksfjölgun og uppsveiflu í efnahag," segir hann og útskýrir að umhverfismálin liggi til grundvallar þessu öllu.

### Umhverfismál eru grunnurinn

„Fólk er ekki að tala sama tungu-

Framhald á síðu 14 ›

### Sala á reið- og rafhjólum frá 2017 til 2021

Sala á rafhjólum eykst hratt og stefnir allt í að 29% af heildarsölunni árið 2019 verði rafknúin hjól.




**Heimild:** Innflutningsverðmæti samkvæmt gögnum frá Tollstjóra. 2019-2021 er spá frá Parallel ráðgjöf.

### Lögregla á rafhjóli?

Jökull er ánægður með að Pósturinn keyri um á rafhjólum en Pósturinn er með 49 létt bifhjól fyrir póstburð. Hann segir að fyrirtæki á borð við Domino's gæti skoðað rafhjólanotkun, ekki síst þar sem vandamál er að fá bílastæði á kvöldin.

**Ómetanlegt innsæi**

„Löggan ætti að skoða rafhjól, finnst mér. Það yrði frábært ef lögreglan væri í fyrsta lagi komin með ódýrari rekstur, í öðru lagi með hraðskreiðasta fararmátann, og væri komin með ómetanlegt innsæi fyrir lögregluþjóna að skilja virka fararmáta þannig að þjónusta þeirra tæki meira mið af þessu fólki."




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

málið varðandi skipulag nema það sé sammála um umhverfismálin. Umhverfismálin eru þannig að við verðum að draga úr umferð. Það er engin útgáfa af planinu um orkuskipti sem mun nægja. Það skiptir ekki máli þó ríkið myndi liggur við gefa rafmagnsbíla, við myndum ekki ná að velta bílaflotanum það hratt að við náum Parísarskuldbindingunum okkar,“ segir hann. Nauðsynlegt er því að draga úr umferð, sama hversu vel gangi í orkuskiptunum en skattaendurgreiðslur vegna rafbíla árið 2018 námu 3.035 milljónum króna.

„Ef fólk er sammála þessu og sammála Parísarsamkomulaginu og að við eigum að reyna að standast okkar skuldbindingar þar, þá lítur þetta allt öðruvísi út. Ef þú ert pirraður undir stýri í umferðinni, þá finnst þér sjálfsagt að stilla til umferðarljósin, sjálfsagt að það komi göngubrú og að greiða fyrir flæði og leysa hnúta. En ef þú ert sammála því að það þurfi að draga úr umferð, þá hugsar maður allt öðruvísi um allar umferðarhvetjandi framkvæmdir,“ segir Jökull og útskýrir að fólk vilji ekki heyra þetta. „Við þurfum að draga úr umferð og ég velti fyrir mér hversu langt við eigum að ganga í því. Er þetta ekki númer eitt, tvö og þrjú ef við erum að hugsa um umhverfismálin?“

Hann segir að umhverfismálin séu farin að valda mörgum kvíða og sjálfur hafi hann hætt í fyrra starfi meðal annars vegna þess að í því þurfti hann að fljúga mikið.



### Lítill mótor fyrir stuttar ferðir

Í framtíðarmyndum eru það oftar en ekki fljúgandi bílarnir sem eru mest áberandi í umferðinni. Þeir eru ekki á teikniborðinu enn en næsta byltingin í samgöngum virðist vera rafhjólin sem koma í staðinn fyrir flugbílana og sömuleiðis rafhlaupahjól og jafnvel rafhjólabretti.

„Fólk er að nota litla mótora. Lítill mótor er nóg fyrir stuttar ferðir. Ef þú ferð lengri ferðir ferðu bara í stærri mótora. Algengustu tækin í dag eru reiðhjól B og C, reiðhjól B er hjól með 250 W mótor sem aðstoðar þig þegar þú stígur á pedalana. Langflest rafhjól sem eru til sölu sem líta út fyrir að vera venjuleg hjól eru í þeim flokki. Svo er C, þar koma hlaupahjólin inn, þau eru ekki lögleg á götum. Í Noregi er búið að lækka hámarkshraðann á þeim úr 25 í 20. Það er ákveðinn núningur af þeim,“ segir Jökull, sem kallar þetta byrjunarörðugleika. Hann hefur sjálfur skoðað það sem kallast örflæði, sem er einmitt þetta, að fyrir styttri ferðir sé mótor á stærð við hnefa nóg fyrir flestar ferðir.

Þetta snýst ekki síst um að fækka stuttu ferðunum sem er auðveldara að gera á rafhjóli en hlutfall stuttra ferða er hátt. „Í Bandaríkjunum er tölfræðin þannig að tveir þriðju af ferðum eru undir 10 kílómetrar í bíl. Margar bílferðir eru stuttar og þessar styttri ferðir eru markaðurinn fyrir örflæði,“ segir Jökull en þetta lítur svipað út hér á landi.

Þó að rafhjól séu umhverfisvæn og fólk hreyfi sig meira en í bíl selur Jökull ekki hugmyndina út frá þessum forsendum. „Þetta er bara betri bíll og svo skemmtilegt. Hugsjón hjálpar en það þarf að fókusa á ferðaþarfir fólks. Þá ertu farinn að tala öðru máli í þessum pirringi í umferðinni,“ segir Jökull og bætir við að þetta snúist ekki um að það sé verið að taka bílinn af fólki heldur koma með eitthvað betra. „Ég ætla ekki að troða þér í strætó eða borgarlínu, ég er bara að segja, það er hérna nýr möguleiki sem alltof fáir átta sig á, sem er lítill mótor fyrir lítið tæki.“

### Fólk vill eigið samgöngutæki

Fólk vill almennt ekki láta stjórna sér of mikið. „Það vill persónulegar samgöngur. Ég skil alveg fólk sem vill ekki leigja íbúðina sína á Airbnb og horfir á kvikmyndir heima hjá sér frekar en að fara í bíó. Það vill vera með sitt eigið samgöngutæki. Ég held að rafhjól sé ótrúlega íslenskt. Ég held þetta eigi eftir að verða stórt á Íslandi. Ég held að borgin verði rafhjólaborg og við verðum leiðandi í þessu,“ segir hann en hlutdeild ferða á hjóli er komin upp í 8 prósent samkvæmt ferðavenjukönnunum.

„Ég held að rafvæðingin og hjólastígavæðingin eigi eftir að spila saman og auka hlutdeild hjóla enn meira. Þetta spilar saman með borgarlínu líka. Þú getur farið á hjóli og hent því inn í borgarlínu til að taka einhvern stóran ás til að fara á milli sveitarfélaga. Borgarlína er langtímaprógramm en við erum komin með vísi að framtíðarskipulagi sem er hagkvæmara. Fólk er með miklar væntingar um að þetta gangi allt saman upp einn, tveir og tíu.“

Rafhjólin eru eitthvað sem hægt er að notfæra sér núna. Skírskotunin fyrir rafhjól er svo miklu víðari en fyrir hefðbundin reiðhjól, segir Jökull. „Hjól er svo mikið – hraustur karlmaður fer í vinnuna – sem vill fá sturtu og er ekkert að spá í að greiða sér eða mála sig. Mótorinn er jafnari og gjörbreytir tækinu; þú ert kominn með hitt kynið í miklu meira mæli og líka stærra aldursbil og fleiri hópa. Jafnvel fatlað fólk; fólk sem er með fötlun þar sem það á erfitt með að ganga en auðvelt með að hjóla á rafhjóli,“ segir hann

> **Hjól er svo mikið – hraustur karlmaður fer í vinnuna – sem vill fá sturtu og er ekkert að spá í að greiða sér eða mála sig. Mótorinn er jafnari og gjörbreytir tækinu; þú ert kominn með hitt kynið í miklu meira mæli og líka stærra aldursbil og fleiri hópa.**
>
> Jökull Sólberg



en ef það dregur úr umferð skapast meira pláss fyrir fatlað fólk og þarfir þess í umferðinni.

### Fjölskyldubíllinn og snattbíllinn

Hann vill alveg standa vörð um fjölskyldubílinn. „Hann er flott konsept og kannski á borgin að vera hönnuð fyrir hann líka,“ segir Jökull sem vill frekar losna við „snattbílinn“. Hann segir að rafburðarhjól geti verið góður valkostur í því, hjól sem er með sæti fyrir tvö börn og pláss fyrir innkaupin.

Hann segir rafhjól geta líka verið frelsandi fyrir unglinga. Núna hafa verið margar fréttir af unglingum, sem fara hratt á vespum, sem hefur valdið ákveðnum núningi á stígum. „Mér finnst að unglingamenning eigi að vera svolítið óþægileg. Ef unglingamenningin okkar leiðir til þess að fleiri krakkar nenni ekki að fá sér bílpróf og verði búin að kynnast þarna tveggja hjóla fararmáta, þá er púkinn í mér alveg sáttur við það.“

## Rafhlaupahjól stytta ferðatíma

Rafhlaupahjól gætu stytt ferðatíma í mörgum borgum í Bretlandi þar sem umferðin er hvað mest um allt að 70% ef þau væru leyfð á götum. Þetta kemur fram í nýrri umfangsmikilli rannsókn umferðarupplýsingafyrirtækisins Inrix.

Meðalhraði þeirra er 19 km á klukkustund og myndu hlaupahjólin komast hraðar yfir en bílar í London, Manchester, Glasgow og Sheffield. Skoðuð voru gögn úr bílum, símum og umferðarskynjurum sem leiddu í ljós að meiri en tveir þriðju af bílferðum á þeim svæðum þar sem umferðarteppan er mest eru styttri en 4,8 km. Þó aðeins hluti þeirra yrði farinn á rafhlaupahjólum eða rafhjólum gæti það verið til mikilla hagsbóta fyrir borgirnar en í Manchester myndi ferðatíminn styttast mest. Rafhjól mega fara um göturnar en sem stendur eru rafhlaupahjólin ólögleg á vegum úti.

■ Rafhjól með sveifarmótor virka þannig að hjólið nemur hversu fast er stigið á pedalana og stýrir þannig aflinu sem mótorinn gefur frá sér. Þegar hjólið nær 25 km/klst. hættir mótorinn að gefa aukinn stuðning. Þetta er eins og að fá vind í bakið og jafna út brekkur borgarinnar svo hún virðist flatari en það sem flestum mislíkar við hjólreiðar er ekki síst þessi vindur og brattar brekkur.

■ Sala rafhjóla jókst á bilinu 35-65% frá árinu 2017 til 2018 á stærstu mörkuðum Evrópu; 65% í Austurríki, 40% í Frakklandi og 36% í Þýskalandi. Hlutdeild rafhjóla á reiðhjólamarkaði er að nálgast 40% í mörgum löndum. Það stefnir í að 29% af heildarsölu reiðhjóla á Íslandi verði rafknúin árið 2019.

■ Allir vita að hlutur hjólandi í Kaupmannahöfn er mikill en kannski færri að hann hefur verið að aukast mikið síðustu ár og var 36% árið 2012, 52% árið 2015 en nú hjóla 62% íbúa í skóla og vinnu. Árið 2012 var sett af stað 14 ára áætlun til að bæta gæði, öryggi og þægindi hjólreiða í borginni. Hjólafólk í Kaupmannahöfn hjólar nú í tæpar 1,3 milljónir km á dag. Hluti af aukningunni er rakinn til rafhjóla sem hafa aukið hlutfall eldri borgara sem hjóla og einnig rafvespa sem höfða til ákveðins hóps.

■ Nú stendur yfir árleg evrópsk samgönguvika sem víða er haldið upp á hérlendis. Henni lýkur með bíllausa deginum sunnudaginn 22. september en þá verður frítt í strætó. Haldin verður skrúðganga fyrir fjölbreytta ferðamáta um Miklubraut og Hringbraut að Lækjartorgi. Mæting á Klambratún við horn Lönguhlíðar og Miklubrautar kl. 12.30. Í göngunni verða allir mögulegir fararskjótar aðrir en einkabílar.



# Sófasett á hjólum

**Sævar Helgi Bragason fékk sér rafhjól fyrir um mánuði og hefur heillast af þessum samgöngumáta. Hann segir bílferðunum hafa fækkað hressilega og að hjólið geri hann hamingjusaman.**

Sævar hefur notað rafhjólið í öllum veðrum og vindum og er heillaður af þessum samgöngumáta. „Nú hefur maður eiginlega enga afsökun til að nota bílinn lengur, sérstaklega í styttri ferðir. Þetta hefur fækkað bílferðunum mjög hressilega. Maður kýs frekar hjólið. Það að hjóla gerir mig persónulega hamingjusaman. Ég nýt þess miklu betur að vera úti þegar mér líður vel og finn fyrir náttúruöflunum og skora þau á hólm í leiðinni. Það gerir maður með því að klæða sig vel. Veður er engin afsökun og brekkur ekki heldur þegar maður er kominn á rafhjól og í góð föt,“ segir hann.

„Margir Íslendingar hugsa um hjól sem líkamsræktartæki en þegar maður hættir að gera það og fer að hugsa um það sem samgöngutæki, þá leitar maður bara í líkamsræktina annars staðar. Þar fyrir utan sýna rannsóknir að fólk sem á rafhjól notar þau meira og fær þar af leiðandi jafn mikla og jafnvel meiri hreyfingu út úr því en fólk sem fer í líkamsrækt eða er á venjulegu hjóli. Ef maður vill komast á meiri hraða en þessi 25 km/klst. sem hjólið slær út á þá fær maður heldur betur góða hreyfingu,“ segir Sævar sem getur ekki mælt nógsamlega með því að fólk prófi rafhjól.

„Til dæmis ef fólk er í þeim hugleiðingum að kaupa sér annan bíl, þá frekar að sleppa því og fjárfesta í einu eða tveimur góðum rafhjólum. Þá ertu á grænni grein og farinn að breyta ferðavenjum í takt við heilsu, fjárhag og umhverfi,“ segir Sævar sem er ekki að tala um að sleppa því að nota bíl í allar ferðir og segir sjálfsagt að nota bíl til að fara lengri vegalengdir og út fyrir bæinn ef þarf.

Hann hjólaði áður á venjulegu hjóli. „Ég er búinn að stytta ferðatímann um að minnsta kosti tíu mínútur og er ekki lengur löðrandi sveittur og þarf á sturtu að halda þegar ég kem á áfangastað því þetta er minni áreynsla,“ segir hann og minnir á að þetta sé einmitt það sem fólk veigri sér oft við varðandi hjólreiðar, að koma kófsveittur í vinnuna.

**Erum svolítið löt**

„Svo er eitt sem má aldrei segja; við erum svolítið löt þegar öllu er á botninn hvolft og nennum ekki að prófa aðra hluti. Ég var alveg sjálfur þar,“ segir Sævar sem skorti ekki afsakanir á borð við, „æ það er rigning“, eða „það er svo kalt úti“ þegar hann vaknaði á morgnana og ætlaði að fara að hjóla. „Svo þegar maður hættir að nota þetta sófasett á hjólum sem bíllinn er og ákveður að skora náttúruöflin á hólm, þá líður manni miklu betur,“ segir Sævar sem veit ekkert leiðinlegra en að hanga inni í bíl í umferð sem silast áfram.

„Það veldur mér streitu, kvíða, stressi og pirringi. Það er best í heimi að byrja daginn á hreyfingu. Þetta hefur bara góð áhrif og hlýtur að vera framtíðin hjá mörgum í samgöngumálum. Þetta er loftslagsvænasta, umhverfisvænasta og heilsusamlegasta leið, bæði andlega og líkamlega, sem þú getur valið til að ferðast á milli staða. Og að sjálfsögðu á maður að velja það sem er best fyrir budduna í leiðinni. Það er miklu ódýrara að reka rafhjól og hjól en nokkurn tímann bensínknúið sófasett á hjólum. Ég skora á fólk að prófa; það versta sem þú gætir komist að er að þetta er æðislegt og þú vildir ekki gera neitt annað.“

> **Þetta hlýtur að vera framtíðin hjá mörgum í samgöngumálum. Þetta er loftslagsvænasta, umhverfisvænasta og heilsusamlegasta leið, bæði andlega og líkamlega, sem þú getur valið til að ferðast á milli staða. Og að sjálfsögðu á maður að velja það sem er best fyrir budduna í leiðinni.**
>
> Sævar Helgi Bragason



**Við erum teppan**

Umferðarhnúturinn er að herðast. „Sú staðreynd að umferðarteppurnar séu að aukast er engum öðrum að kenna en okkur öllum sem erum ein í bíl því við búum umferðarteppurnar til,“ segir Sævar sem lítur sérstaklega til þeirra sem eru í framhaldsskóla og háskóla að nota aðrar leiðir til að ferðast til og frá.

Hann segir okkur hafa verið að „búa til samfélag þar sem við reynum að hafa allt eins auðvelt og einfalt og hægt er en það gerir okkur þvert á móti ekki hamingjusamari, heldur latari. Við þurfum stundum að herða okkur. Við vitum að það gerir okkur gott að reyna á okkur, við gerum það engan veginn nóg þar sem við keyrum um allar trissur. Þegar við erfiðum fáum við meira út úr því líka og við verðum ánægðari og hamingjusamari með lífið þegar við höfum aðeins fyrir hlutunum.“

# Hreyfingin skilar sér

Doktor.is



Það þarf engan að undra að í nánast hvaða samhengi sem er er skynsamlegt að hreyfa sig og það sem mest. Mikill munur er á því hvernig við ferðumst á Íslandi miðað við annars staðar og er einkabíllinn þar í algerum forgrunni hjá flestum. Það er kannski ekki undarlegt í ljósi veðurs sem er oftsinnis nefnt til sögunnar, enginn vill verða holdvotur eða skítkalt og veikjast af öllu volkinu, ef hann getur mögulega komist hjá því. Auðvitað eru ekki allir með aðgang að bíl til að flytja sig milli staða og reiða sig þá á aðrar samgöngur í staðinn og er aukin fjölbreytni þar en áður.

En við sem ferðumst töluvert með einkabílnum finnum fyrir því að umferðin gengur á vissum tímum sólarhrings í höfuðborginni ekki sérlega vel, helgast það af ýmsum þáttum sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér í þessum pistli. Það mætti kannski segja að sú ákvörðun einstaklings að nota bílinn í stað annarra samgöngumöguleika sé verri leið til að halda heilsu ef horft er til hjarta- og æðasjúkdóma, offitu og sykursýki sem og annarra lífsstílssjúkdóma. Á hinn bóginn má kannski líka færa rök fyrir því að geðheilsa eða í það minnsta líðan einstaklinga geti sveiflast eftir því sem þeir ergja sig meira á umferðaröngþveiti dagsins og sitja löngum stundum í bíl.

Kollegi minn ritaði nýverið grein um nákvæmlega þetta og stakk upp á því að nota tímann í eitthvað uppbyggilegt annað en að bölsótast út í ríki og sveitarfélög og aðra samferðamenn á leið til og frá vinnu. Líklega myndi það létta verulega á spennustigi í kerfinu almennt og í samskiptum milli aðila að nýta þær leiðir sem bjóðast aðrar. Mögulega hafa eitthvað líkamlegt ekki síður en andlegt út úr því. Það er mjög vel þekkt til dæmis að hreyfing hefur verulega góð áhrif á depurðar- og kvíðasjúkdóma, streitu og kulnunareinkenni ekki síður en þá ofangreindu og rita læknar út hreyfiseðla í því skyni að meðhöndla þann vanda ekki síður en annan.

Þeir sem hafa ferðast um heiminn sjá auðvitað að það er margt frábrugðið því að búa á Íslandi með tiltölulega takmarkaða kosti í samgöngum og svo líka hin eilífa umræða um veðrið. Stærðir þessara eininga skipta auðvitað miklu máli og þurfum við að vera raunsæ. Óumdeilanlega ættum við að höfða til betri vitundar fólks varðandi það að nýta aðrar leiðir en einkabílinn. Sérstaklega þá mánuði sem er nákvæmlega ekkert að veðri, sem í dag er orðinn meirihluti mánaða ársins. Þá má ekki gleyma því að okkur vanhagar ekkert um fínan útivistarfatnað almennt, sem mætti vafalaust nota meira en bara í skíða-, göngu- og hjólaferðir. Fyrirtæki gætu gert sér far um að greiða leið þessara einstaklinga með góðum aðbúnaði á vinnustað, jafnvel mætti kolefnisjafna vinnu fólks í samhengi við styttingu vinnuvikunnar og hleypa því fyrr heim eða seinna til vinnu með formerkjum græns ferðamáta. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í þessu erlendis sem hefur skapað mikla ánægju og dregur vafalítið úr vanda á mörgum sviðum. Hvort heldur sem er í veikindum af ýmsum toga, draga úr umferðarþunga og ekki síst viðhalda geðheilsu og lágmarka streitustig.

**Teitur Guðmundsson**
læknir

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Íslenskt lambakjöt
# Af nýslátruðu




2.379 kr./kg
**KF Lambahryggur**
Af nýslátruðu




1.459 kr./kg
**KF Lambalæri**
Heilt, af nýslátruðu




979 kr./kg
**KF Lambasúpukjöt**
Af nýslátruðu




279 kr./kg
**KF Lambalifur og -hjörtu**
Af nýslátruðu

KJARNAFÆÐI

**Án mjaðmabeins**




1.498 kr./kg
**KF Lambalæri stutt**
Án mjaðmabeins, af nýslátruðu

**Lundapartur**




2.479 kr./kg
**KF Lambahryggur**
Lundapartur, af nýslátruðu




198 kr./kg
**KF Lambanýru**
Af nýslátruðu

BÓNUS®

EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **22. september** eða meðan birgðir endast.



**Útsýni til Drangaskarða er hvergi fallegra en úr Drangavík en fjaran er einnig spennandi.** MYND/TG

# Dulin djásn Drangavíkur

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Það er engu líkt að koma í Drangavík, lítinn fjörð norður á Ströndum milli Eyvindarfjarðar og Drangaskarða. Drangavík er ekki í alfaraleið og aðeins verður komist þangað gangandi eða með bát. Mikilfenglegast er að koma þangað gangandi úr Eyvindarfirði því þegar gengið er fyrir Engjanes blasa Drangaskörðin skyndilega við – einhver stórkostlegasta náttúrusmíð á Íslandi. En djásnin í Drangavík eru ekki bundin við Drangaskörð. Fjaran er sérlega falleg, þakin rekavið og skammt frá er gróskumikill gróður sem er heimkynni fugla og refa. Við ströndina eru bjargfuglar úr Drangaskörðum mættir í ætisleit og oft sést til sela og jafnvel hvala. Skammt frá eru litlar eyjar og sker þar sem æðarfugl heldur til í skjóli frá rebba.

Búið var í Drangavík þar til 1947 og má slá því föstu að bæjarstæðið hafi verið með þeim fallegri á Íslandi. Það er gaman að ráfa á milli rústa eyðibýlanna innan um hávaxna hvönn. Ósjálfrátt leitar hugurinn til harðrar lífsbaráttu ábúendanna því þarna eru vetur harðir og ekki lifði fólk á útsýninu. Auk þess gátu hvítabirnir átt til að mæta óboðnir í heimsókn og eru til frægar sögur af því þegar ábúendur í Drangavík rétt náðu að flýja í hús undan banhungruðum bangsa. En dulin djásn Drangavíkur og dýrmæt eru uppi á heiðunum og inn af Drangavíkurdal, því þar eru blátær stöðuvötn sem orkufyrirtæki ásælast sem uppistöðulón fyrir Hvalárvirkjun. Sem er fáránleg hugmynd því þessi vötn eru við dyragætt Drangavíkur – stað sem á engan sinn líka í heiminum. Reyndar gera landeigendur í Drangavík, sem eru mótfallnir virkjun, tilkall til vatnsins í Eyvindarfjarðarvatni og vísa til landamerkja frá 1890. Verði það niðurstaða dómstóla gætu forsendur Hvalárvirkjunar verið brostnar.

Frá bílastæðinu við Hvalárfossa er rúmlega 20 km ganga í Drangavík, en brjóta má upp gönguna með því að slá upp tjaldi í Eyvindarfirði. Tjaldstæðið í Drangavík er þó enn tilkomumeira, ekki síst í kvöldsól, en á leiðinni þangað úr Eyvindarfirði er Gathamar við samnefnda vík. Í Drangavík má einnig komast gangandi frá Reykjafirði nyrðri eða frá bænum Dröngum norðan Drangaskarða. Fyrir þá sem eru tímabundnir er valkostur að sigla í Drangavík frá Norðurfirði með litlum bát, en í stilltu veðri er hægt að komast á land í gúmbát og njóta djásnanna í návígi.



Fókus á hjarta landsins



**Á leiðinni í Drangavík er Gathamar í samnefndri vík.** MYND/DAGNÝ HEIÐDAL



**Kvöldsigling í Drangavík gleymist seint.** MYND/TG




*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

# Ekkert gerist



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb@frettabladid.is

Siðanefnd gerir ekki verulegt gagn ef sá einstaklingur sem siða á til tekur ekki mark á úrskurði hennar heldur snýr þóttafullur upp á sig. Siðanefnd Alþingis virðist einmitt vera nefnd af þessu tagi. Hún ályktar en um leið er eins og ekkert hafi gerst, einfaldlega vegna þess að enginn tekur mark á henni.

Þingmaður Pírata, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, er formaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og Bergþór Ólason á víst að verða formaður í umhverfis- og samgöngunefnd. Bæði hafa, samkvæmt úrskurði siðanefndar Alþingis, gerst brotleg gegn siðareglum. Hún vegna ummæla um akstursgreiðslur þingmannsins Ásmundar Friðrikssonar. Hann vegna ummæla á barnum á Klaustri. Hvorugt þeirra hefur sýnt iðrun vegna orða sinna.

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lét nýlega bóka það í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að hann styddi ekki Þórhildi Sunnu til formennsku í nefndinni, og sagði ástæðuna þá að hún hefði sýnt siðanefnd lítilsvirðingu með viðbrögðum sínum. Í viðtali var Brynjar spurður um formennsku Bergþórs í umhverfis- og samgöngunefnd. Hann sagði Bergþór hafa beðist velvirðingar og viðurkennt mistök. Brynjar er skarpur maður, alltof skarpur til að láta Klausturþingmennina blekkja sig. Öll gerumst við þó einhvern tímann sek um of mikla trúgirni, og einmitt það kann að hafa hent Brynjar. Skyndilega sér hann ekki það sem blasir þó við, sem sagt það að iðrun Klausturþingmanna var engin, þeim þótti hins vegar mjög miður að upp um þá hefði komist. Ef Klausturþingmenn hefðu séð eftir orðum sínum þá hefðu þeir ekki gripið til forkastanlegra aðgerða gegn öryrkjanum Báru Halldórsdóttur. Þar urðu þeir sjálfum sér til ævarandi minnkunar, ekki síður en á barnum.

Þórhildur Sunna og Bergþór iðrast einskis. Þau taka ekki mark á áliti siðanefndar. Hvaða gagn gerir siðanefnd Alþingis ef þingmenn taka ekki nokkurt mark á henni? Þórhildur Sunna sagðist vera ósammála úrskurðinum og hljómaði um leið eins og ráðherra sem hún vill örugglega helst ekki líkjast, sem er Sigríður Á. Andersen.

Ekki verður annað séð en að úrskurðir siðanefndar Alþingis hafi engar afleiðingar. Þarna er einungis á ferð enn ein nefndin sem fundar og skilar síðan af sér áliti sem fellur dautt niður. Fall er fararheill, segir á góðum stað, en erfitt er að sjá fyrir sér að siðanefndin muni upp rísa og verða marktæk. Þingmenn sem nefndin mun áminna í framtíðinni þurfa ekki að taka nokkurt mark á úrskurðum. Þeir munu líta í eigin barm og ekki sjá nokkra sök heldur horfa til Þórhildar Sunnu og Bergþórs sem urðu formenn í nefndum stuttu eftir úrskurði siðanefndar.

Fyrr á þessu ári sagði Brynjar Níelsson: „Siðanefndin getur haft einhverja skoðun á hlutunum en það gerist ekkert meira. Menn ákveða bara sjálfir hvað þeir gera.“ Hárrétt hjá þingmanni sem lýsti því þá einnig yfir að siðanefnd Alþingis væri alls óþörf. Kollegar hans á þingi hefðu betur hlustað á hann.

**Hvaða gagn gerir siðanefnd Alþingis ef þingmenn taka ekki nokkurt mark á henni?**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Klúður á klúður ofan**
Vandræðalega saga ársins er hvernig stjórnmálin hafa tekið á Klausturmálinu. Vanhæfnin kristallast í deilum um hvort Bergþór Ólason megi vera formaður umhverfis- og samgöngunefndar, sem hann á endanum mátti. Eins og það skipti máli. Siðanefndarmálið var eitt stórt klúður, tímasóun sem skilaði engu. Klausturmenn tóku út sína refsingu þegar málið kom upp. Bæði gagnvart almenningi og samstarfsfólki. Þeir misstu ekki lýðræðislegt umboð eða rétt til að taka þátt í nefndarstörfum. Þeir misstu virðingu og einangruðust. Í stað þess að beita þessum klúðurslegu aðferðum hefðu andstæðingarnir átt að glotta út í annað og leyfa þeim að stikna í eigin vessum.

**Bjarna blöskraði á barnum**
Bjarni Ben fór á barinn um daginn og komst að því að bjór er dýr á Íslandi. Gæti það verið að hár áfengisskattar spili þar inn í? Aðeins stórstúkusamfélagið Noregur stendur okkur framar í þeim efnum. Annars er gott að vita að fjármálaráðherra sé að stíga inn í raunhagkerfið líkt og leiðtogar fortíðar. Gvendur heitinn jaki vissi alltaf hvað mjólkurlítrinn kostaði. Nú er spurning hvað Bjarni gerir við uppgötvunina. Hvort hann muni beita óumdeildum áhrifum sínum til að lækka skatta eða endurvekja Verðlagsráð.
kristinnhaukur@frettabladid.is

# Ólympískar skattahækkanir



**Katrín Atladóttir**
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Frá árinu 2012 til 2018 hækkuðu skatttekjur Reykjavíkur um 48% umfram verðlag, eða 27,5 milljarða. Samt sem áður hafa skuldir borgarinnar aukist um 63% umfram verðlag, á fordæmalausum góðæristímum. Flestir skattar og opinber gjöld eru og hafa verið í leyfðu hámarki. Á þessu tímabili hafa mörg sveitarfélög ásamt íslenska ríkinu lækkað skuldir sínar.

Íbúar Reykjavíkur greiða hærra hlutfall tekna sinna til borgarinnar en íbúar annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt skýrslu Samtaka atvinnulífsins frá síðasta ári. Rekstrartekjur Reykjavíkur námu tæpum 120 milljörðum árið 2018, sem þýðir að borgin hafði rúmar 330 milljónir til ráðstöfunar hvern einasta dag ársins. Það virðist þó ekki nóg.

**Djúpir vasar**

Á fundi borgarstjórnar í byrjun september var samþykkt að skoða nánar tillögu Sósíalista um að leita til hinna sveitarfélaga landsins með það að markmiði að mynda samstöðu um að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur með lögum frá Alþingi. Þrátt fyrir gríðarlegan tekjuvöxt leitast meirihluti borgarstjórnar eftir því að skattleggja íbúa borgarinnar enn frekar til að leysa rekstrarvandann, nú þegar kreppir að í efnahagslífinu.

Sem betur fer er ólíklegt að þessar hugmyndir verði að veruleika, enda standa flest sveitarfélög í landinu ágætlega vel að vígi. Þá ber að hafa í huga að mikil hækkun á fjármagnstekjuskatti myndi hafa ýmiss konar óæskileg áhrif, svo sem að draga úr sparnaði landsmanna.

Fyrst og síðast er umhugsunarvert að ætla að skattleggja sig út úr rekstrarvanda. Þá er athyglisvert að Viðreisn, sem á tyllidögum þykist vera frjálslyndur flokkur, tekur fagnandi undir þetta nýsköpunarstarf í skattheimtu. Ef meirihlutinn gæti sýnt jafn mikla hugmyndaauðgi á kostnaðarhliðinni og á tekjuhliðinni, væri Reykjavík eflaust í glimrandi málum. En það er því miður ekki þannig.

**Ef meirihlutinn gæti sýnt jafn mikla hugmyndaauðgi á kostnaðarhliðinni og á tekjuhliðinni, væri Reykjavík eflaust í glimrandi málum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hagfræðingur sem gerði gagn

Í DAG
Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Ég hitti hann fyrst á fundi í Tennessee 1985. Hann hét Martin Weitzman og var þá rösklega fertugur prófessor í hagfræði í Tækniháskólanum í Massachusetts (MIT) en hann færði sig nokkrum árum síðar yfir í Harvardháskóla hinum megin við Charlesána sem rennur í gegnum Boston. Það sást langar leiðir að þar fór mikill töffari og hann var þegar þetta var í þann veginn að verða heimsfrægur fyrir kenningu sem New York Times kallaði í forustugrein eitt merkasta framlag hagfræðings í 50 ár. Leiðarahöfundur blaðsins átti við að tæp 50 ár voru þá liðin frá því er faðir þjóðhagfræðinnar, John Maynard Keynes, hafði lagt til leið til að girða fyrir djúpar efnahagskreppur. Stígum á bensíngjöfina ef hagkerfið lendir í lægð, sagði Keynes, og stígum á bremsuna til að sporna gegn ofþenslu. Þessi einfalda uppskrift útheimti vandlegan rökstuðning og er enn í fullu gildi og dugði eftirminnilega til að aftra fjármálakreppunni í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu fyrir áratug frá því að leiða af sér nýja langvinna heimskreppu. Svo fór ekki. Hagfræði gerir gagn sé vel með hana farið.

**Hlutaskipti**

Hugmynd Weitzmans sem New York Times mærði svo mjög og með réttu fjallaði um einfalda leið til að vinna bug á atvinnuleysi samfara verðbólgu sem héldust þá í hendur bæði í Ameríku og Evrópu. Weitzman sagði: Ófullkomin samkeppni á vörumarkaði – fákeppni! – leiðir af sér hærra verð en ella og meðfylgjandi offramboð á vörum og þjónustu svo að seljendur þurfa að bítast um viðskiptavini, t.d. með auglýsingum. Vöruskortur þekkist því varla. Líku máli gegnir um vinnumarkað þar sem ófullkomin samkeppni leiðir af sér hærri laun en ella og meðfylgjandi offramboð vinnuafls og þá um leið atvinnuleysi.

Weitzman lagði til einfalda lausn á vandanum: hlutaskipti. Semji launþegar við fyrirtækin um hlut frekar en, eða til viðbótar við, föst laun verða launin ívið lægri en ella, já, en allir fá vinnu. Íslendingar þekkja þetta. Atvinnuleysi er nær óþekkt meðal íslenzkra sjómanna enda hafa hlutaskipti lengi tíðkazt í sjávarútvegi. Atvinnuleysi þekkist varla heldur í Japan þar eð mörg fyrirtæki þar greiða starfsmönnum bæði föst laun og hlut. Hugmynd Weitzmans náði ekki fram að ganga sem almennt úrræði á vinnumarkaði einkum vegna andstöðu þeirra sem myndu þurfa að sætta sig ívið lægri laun til hagsbóta fyrir heildina.

**Veiðigjald**

Martin Weitzman heimsótti Ísland sem ráðgjafi auðlindanefndar undir forustu dr. Jóhannesar Nordal 1998-2000 og kynnti nefndinni margþætt og sumpart nýstárleg rök fyrir veiðigjaldi sem hagkvæmu og réttlátu fiskveiðistjórnarúrræði. Hann sagði ákvörðun veiðigjalds þó ekki eiga heima í höndum stjórnmálamanna heldur óháðra aðila líkt og sjálfsagt þykir t.d. að dómstólar og nú orðið einnig seðlabankar séu óháðir stjórnmálahagsmunum. Skömmu síðar, 2002, var veiðigjald leitt í lög en þó aðeins að nafninu til og þá þannig að Alþingi ákveður gjaldið. Hálfur sigur vannst.

Fullnaðarsigur bíður þess að Alþingi staðfesti nýju stjórnarskrána með ákvæðinu um auðlindir í þjóðareigu sem 83% kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Síðustu ár fjallaði Martin Weitzman einkum um hlýnun loftslags og undirstrikaði hættuna á að mjög ólíklegir atburðir geta gerzt þrátt fyrir allt. Slíkir atburðir eru kenndir við svarta svani. Hann taldi að loftslag gæti hlýnað hratt, m.a. vegna losunar metans úr freðmýrum jarðar, því hann kunni einnig efnafræði. Weitzman hafði löngu fyrr skipað sér í röð fremstu umhverfishagfræðinga heims og fór víða til að reyna að sýna almenningi og stjórnvöldum fram á nauðsyn markvissra aðgerða gegn vánni. Hann kom í þessu skyni m.a. aftur til Íslands 2008. Sjálfum sér samkvæmur lagði hann megináherzlu á þörfina fyrir að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið með skilvirkri gjaldheimtu. Hlýnun loftslags og ofveiði til sjós eru hliðstæð verkefni og útheimta hliðstæðar varnir. Um þetta eru nú orðið nær allir umhverfishagfræðingar á einu máli og ekki bara þeir. Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa lýst stuðningi við gjaldheimtu til að draga úr hlýnun loftslags. Skömmu áður en þó ekki fyrr en eftir hrun hafði AGS tekið af skarið og mælt opinskátt með hækkun veiðigjalds hér heima og síðan andmælt lækkun þess.

Nú er rödd Martins Weitzman hljóðnuð. Hann lézt fyrir skömmu 77 ára að aldri en hann skilur eftir sig þakkláta samstarfsmenn, vini og aðdáendur um allan heim. Ég er einn þeirra. Hann hélt sig fjarri hamagangi heimsins og kaus heldur að vinna sín verk með hægð. Hann var afburðasnjall hagfræðingur og fjallaði helzt um þau efnahagsmál sem honum þóttu allra brýnust. Atvinnuleysi, óhagkvæmni, ranglæti og umhverfisspjöll að ekki sé talað um heimsvá voru sem eitur í beinum hans. Ævistarf hans allt vitnar um að hann hafði hjartað á réttum stað.



HÚSASMIÐJAN

blómaval



Erikur, **3 stk.**

Erikur/Callunur, 3 stk., að eigin vali.

# 999kr

Nýtt á Íslandi

# Ungplöntumarkaður



**3 stk.**
að eigin vali

**1.999kr**

Hægt að velja úr 30-40 tegundum





28% afsláttur

Rósir, **10 stk.**

**2.490kr**

~~3.490~~ kr



Haustlaukar
Magnpakkningar

**1.990kr/pk.**

Túlípanar, rauður, Riding Hood 10/12, 50 stk.
Túlípanar, Elite tvílitur rauður & gulur, 50 stk.
Túlípanar, rauður, Apeldoorn, 50 stk.
Páskaliljur, magnpakning, 20 stk.
Túlípanar, Peacok Mixed, 50 stk.

Krókus, Flower Record, 50 stk.
Krókus, Jeanne D'ARC, 50 stk.
Túlípanar, Purissima, hvítir lágvaxnir, 50 stk.
Krókusar, blandaðir litir, 50 stk.
Túlípanar, gulur, Golden Oxford, 50 stk.

LADY litur mánaðarins: 8546 **LOCAL GREEN**

# 25% afsláttur

Af allri LADY innimálningu og lakki






## 848 kr

50% afsláttur

~~1.695 kr~~

**Verkfærataska**
Caliber, N15S 15"
5024497



50% afsláttur

## 1.197 kr

~~2.395 kr~~

**Verkfærataska**
Caliber, N18S 18"
5024496




25% afsláttur

9 ltr.

## 7.796 kr

~~10.395 kr~~

**Jotun vegg- og loftamálning**
Hentar bæði á loft og veggi. Þekur vel.
711978-6

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Tilboðsveisla

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

Komdu og gerðu geggjuð kaup – líka í vefverslun **husa.is**



PHILIPS
**20% afsláttur**
Philips ljós Gildir ekki af Philips Hue



PHILIPS
**20% afsláttur**
Philips perur Gildir ekki af Philips Hue



BLACK+DECKER
**25% afsláttur**
Black+Decker verkfæri



BerlingerHaus
**25% afsláttur**
Berlinger Haus búsáhöld

# Meðferðin á útlendingum á vinnumarkaðnum



**Sólveig Anna Jónsdóttir**
formaður Eflingar



**Agnieszka Ewa Ziółkowska**
varaformaður Eflingar

Undanfarin ár hefur miklu púðri verið varið í að vekja athygli á þeim launamun sem ríkir á milli karla og kvenna á Íslandi. Er það afar réttmætt. Á hinn bóginn hafa þau sem stýra umræðunni í samfélaginu sýnt margháttuðum brotum atvinnurekenda gagnvart erlendum starfsmönnum í láglaunastörfum lítinn sem engan áhuga, þrátt fyrir að þar sé augljóslega um kerfisbundið misrétti að ræða.

Nýútkomin skýrsla ASÍ sem ber heitið Hvað mætir útlendingum á íslenskum vinnumarkaði? sýnir svo ekki verður um villst það sem undirritaðar hafa lengi vitað: Á Íslandi eru í það minnsta tveir vinnumarkaðir. Einn er sá sem mætir menntuðu millitekjufólki, vinnumarkaður þar sem launaþjófnaður og ill meðferð eru sjaldgæf fyrirbæri. Allt annar er svo sá sem bíður láglaunafólks, ekki síst þeim sem hingað koma frá öðrum löndum.

Í skýrslunni kemur fram svart á hvítu að helmingur launakrafna fjögurra stærstu aðildarfélaga ASÍ er frá aðfluttu fólki sem eru þó aðeins 19% alls vinnuafls í landinu.

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði eru ekki aðeins líklegri til að verða fyrir launaþjófnaði og að komið sé í veg fyrir að þeir geti nýtt veikinda- og frítökurétt, rétt sem að verkafólk fyrri tíma lagði allt í sölurnar til að vinna. Til viðbótar við þá ömurlegu hegðun atvinnurekenda bætist við vanvirðandi framkoma, hótanir og það að aðgangur að húsaskjóli á gróðavæddum húsnæðismarkaði er notaður til að kúga fólk til hlýðni. Undirritaðar hafa einnig séð með eigin augum hvernig trúnaðarmenn af erlendum uppruna þurfa að þola að atvinnuöryggi þeirra er ógnað af yfirmönnum og atvinnurekendum sem þola ekki að þeir berjist fyrir eigin réttindum og félaga sinna.

Ill meðferð og sviksemi gagnvart útlendingum og öðru láglaunafólki er smán á íslensku samfélagi. En auðvitað er ekki við öðru að búast en að þau sem minnst hafa völdin í samfélaginu verði helst fyrir kerfisbundnu óréttlæti. Réttlæti og sanngirni eru gildi sem hverfa fljótt þegar réttur hins sterka til að græða verður það sem allt snýst um.

**Gróðadýrkunin sem fengið hefur að gegnsýra íslenskt þjóðfélag hefur raunverulegar og alvarlegar afleiðingar fyrir vinnandi fólk og það er löngu tímabært að allir horfist í augu við það.**

Gróðadýrkunin sem fengið hefur að gegnsýra íslenskt þjóðfélag hefur raunverulegar og alvarlegar afleiðingar fyrir vinnandi fólk og það er löngu tímabært að allir horfist í augu við það.

Við setjum fram þá kröfu að á íslenskum vinnumarkaði verði farið í einu og öllu eftir kjarasamningum og að stjórnvöld efni samstundis loforðin frá því síðasta vor um að heimildir til refsinga verði auknar svo að ekki verði lengur hægt að komast með upp að stela af fólki launum eins og ekkert sé. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er nákvæmlega staðan eins og hún er í dag.

Við gerum okkur jafnframt grein fyrir því að eina lausnin sem dugar til langframa er að við sem tilheyrum stétt verka- og láglaunafólks stöndum saman hlið við hlið, sama hvaðan við komum og sýnum að okkur er full alvara þegar við segjumst ætla að knýja fram þær breytingar sem við viljum sjá. Enginn getur neitað því að íslenskt samfélag hvílir á vinnu okkar og við sem lifum af því að selja aðgang að vinnuaflinu okkar vitum að samstaðan er okkar beittasta vopn. Með því að standa saman, hvaðan sem við komum úr veröldinni, tryggjum við best að réttindi okkar allra séu virt.

# Land og synir



**Þórarinn Ingi Pétursson**
bóndi og alþingismaður Framsóknar

Bændur hafa um áratugaskeið verið leiðandi í allri framkvæmd landgræðslu á Íslandi. Í gegnum verkefnin Bændur græða landið og landbótaþætti gæðastýringar hafa verið unnin ótrúleg afrek í endurheimt lífmassa og beitilands. Þá er ekki enn búið að taka til landgræðslustörf bænda sem ekki hafa verið bundin við slík verkefni og hafa margir lagt mikið á sig til að bæta land sitt og auðga, framtíðinni til heilla.

Um 600 bændur eru þátttakendur í verkefninu Bændur græða landið og um 25 landbótaáætlanir eru unnar samhliða vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt. Þeir aðilar er stundað hafa landgræðslu hafa oft og tíðum lagt til mannskap og tæki á sinn eigin kostnað til verkefnanna og er þar um umtalsverðar upphæðir að ræða. Landgræðslan hefur á móti kostað áburð og fræ til verkefna þar sem því er viðkomið, s.s. í rýrt land og til að styrkja vöxt og viðgang nýrra plantna. Samvinna í þessum verkefnum hefur borið ríkulegan ávöxt. Bændur hafa ekki hag af að ganga á landsins gæði, þvert á móti er það hagur þeirra að bæta land og landgæði. Skynsamleg nýting til beitar bætir landkosti íslenskra sveita. Bændur eru stöðugt meðvitaðri um bætta búskaparhætti og hafa unnið markvisst að landbótum í samræmi við ráðgjöf Landgræðslunnar á þeim svæðum þar sem þess hefur þurft við.

Það er því allsérstakt að heyra málflutning fulltrúa Landgræðslunnar og Landbúnaðarháskóla Íslands að undanförnu. Þeim er tíðrætt um óhæft beitiland og hugsanlega friðun afrétta fyrir beit. Það mætti halda að þeir aðilar væru staddir í kvikmyndinni Land og synir sem fjallaði um kreppuárin og flótta fólks úr sveitum á mölina. Hvers vegna? Jú, því aðgerðir þær sem þeir viðra, snúa að hugsanlegri lokun ákveðinna afrétta sem munu hafa veruleg áhrif á afkomu bænda á viðkomandi svæðum.

Á þessum svæðum Íslands býr fólk með börn sín og bústofn og hefur lagt hvað mest á sig í uppgræðslu lands, hvers á það að gjalda. Fólkið sem hefur lagt vinnu sína, tæki og fjármagn í nákvæmlega þau verkefni sem ætla skyldi að væru

**Til að mæta þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér varðandi bæði sjálfbæra nýtingu lands og loftslagsmál væri hægt að samtvinna þessi tvö sjónarmið í einni heildarsýn.**

Landgræðslunni að skapi.

Hins vegar verður að segjast að skort hafi á að Landgræðslan sinni sínu upphaflega hlutverki. Sem var að græða upp land og endurheimta lífmassa. Skynsemin hrópar á að Landgræðslan hvetji til frekari landbóta frekar en að standa í hreinum hótunum við bændur og efli og treysti enn frekar þau verkefni sem unnin hafa verið í samvinnu og enda höfum við þar grunn til að byggja á til framtíðar.

**Landsátak í landgræðslu**

Til að mæta þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér varðandi bæði sjálfbæra nýtingu lands og loftslagsmál væri hægt að samtvinna þessi tvö sjónarmið í einni heildarsýn.

Það er óneitanlega freistandi að fá bændur og Landgræðsluna til að vinna saman að stórátaki í landgræðslu. Bæði til að auka og bæta beitiland og ekki síður til þess að binda kolefni. Slíkt verkefni gæti borið ríkulegan árangur þar sem ómetanleg þekking Landgræðslunnar og mikilvægt vinnuframlag bænda, skili okkur enn lengra áfram. Eins væri stuðningur í því að stjórnvöld komi að með myndarlegum hætti í formi aukins fjármagns til slíks verkefnis. Einnig væri áhugavert að fá almenning í landinu og fyrirtæki sem vilja sýna samfélagslega ábyrgð í loftslagsmálum með í þetta lið.

Að þessu augnamiði mun undirritaður vinna og smíða lagafrumvarp um verkefnið fyrir komandi haustþing og það lagt fram á fyrstu dögum nýs Alþingis, í september. Lagafrumvarpinu verður ætlað að koma til móts við sjónarmið er varða loftslagsmál og sjálfbæra landnýtingu.

Bændur hafa verið og verða áfram gæslumenn landsins. Bændur hafa sýnt það að þeir standa fyllilega undir merkjum sem slíkir og hafa unnið þrekvirki á mörgum stöðum á undanförnum áratugum og munu gera það áfram fái þeir til þess tilhlýðilegan stuðning, allra. – Öflug samvinna ber ríkulegan ávöxt!



# Borgin þarf sjálfstæða skóla



**Pawel B artoszek**
borgarfulltrúi Viðreisnar

Fjölmargir sjálfstætt starfandi grunn- og leikskólar eru í Reykjavík og gegna þeir mikilvægu hlutverki í menntakerfi borgarinnar. Um 1000 börn eru í sjálfstætt reknum leikskólum í borginni og um 700 stunda nám í sjálfstætt reknum grunnskólum.

Það sem af er kjörtímabilinu höfum við í Viðreisn, og meirihlutinn allur, lagt okkur fram við að stuðla að því að starfsumhverfi sjálfstætt rekinna skóla sé sem best. Við tekið höfum freistast til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra og tekið nýjum hugmyndum vel.

Við kláruðum samninga við nítján sjálfstætt starfandi leikskóla til þriggja ára. Meðal annars jukum við svokallað faghlutfall sem þýðir að við skólar sem ná að manna stöður sínar með fagmenntuðu starfsfólki, umfram lagaskyldu, njóta þess fjárhagslega betur en áður.

**Foreldrar eiga að hafa val. Sjálfstæðir skólar gegna mikilvægu hlutverki í menntakerfi höfuðborgarinnar.**

Við samþykktum aukið starfsleyfi til leikskólans Mánagarðs sem rekinn er af Félagsstofnun stúdenta. Leikskólinn getur nú tekið við 60 fleiri börnum. Margir sjálfstætt starfandi skólar hafa nú samið um að hefja rekstur ungbarnadeilda, til dæmis Sælukot, Barnaheimilið Ós og Askja.

Nýr sjálfstætt starfandi leikskóli, Krílasel, tók til starfa í Seljahverfinu. Skólinn hefur leyfi fyrir 20 börn, að þriggja ára aldri.

Stærsta verkefni næstu ára er að brúa bilið, sem sagt að fjölga dagvistunarúrræðum að loknu fæðingarorlofi. Sjálfstætt reknir leikskóla munu taka þátt í því verkefni. Gert er ráð fyrir að börnum í sjálfstætt reknum leikskólum muni fjölga að lágmarki um 100-200 á næstu 3-4 árum.

Það má ekki gleyma dagforeldrum. Við hækkuðum greiðslur til dagforeldra um 15%, meira en hefur verið gert í fjöldamörg ár. Þá samþykktum 300 þúsund króna stofnstyrki handa þeim sem eru að hefja störf. Ákveðið var að þeir dagforeldrar sem störfuðu einir fengju öryggishnapp.

Við sömdum um stóraukið framlag til sjálfstæðra skóla vegna frístundastarfs. Skólarnir fá nú 80% af framlagi Reykjavíkurborgar til borgarrekinna skóla en fengu áður einungis táknræna niðurgreiðslu á gjaldskrá.

Barnaskóli Hjallastefnunnar fékk leyfi til kennslu á miðstigi. Kennsla er þegar hafin.

Við samþykktum inntökureglur vegna reykvískra barna fyrir Arnarskóla, sem er nýr sjálfstætt starfandi sérskóli, staðsettur í Kópavogi.

Foreldrar eiga að hafa val. Sjálfstæðir skólar gegna mikilvægu hlutverki í menntakerfi höfuðborgarinnar. Áfram verður tryggt að þeir geti unnið störf sín af metnaði og alúð.


2 MARAÞON
2
GÓÐIR LANDSMENN
MZ 080
Í KVÖLD Á STÖÐ 2 OG STÖÐ 2 MARAÞON
Góðir landsmenn
Ný og stórskemmtileg þáttaröð með Steinda Jr. sem vendir kvæði sínu í kross og ákveður að gera heimildarþætti um venjulega Íslendinga.
Kristall
ICELANDAIR
stod2.is 1817

# Trump og Grænland



**Birgir Guðjónsson**
læknir

**Það eru fleiri en Trump sem hafa áhuga á Grænlandi vegna legu landsins m.t.t. siglinga og mögulegra hernaðarstöðva.**



Áhugi Donald Trumps á Grænland komst nýlega í heimsfréttir þegar hann lýsti því yfir að hann vildi kaupa Grænland. Framsetning hans var skv. hans „business“ stíl, en svar danska forsætisráðherrans móðgaði hann og skil ég það vel! Hún hefði t.d. vel getað sagt:

„Nei, Donald minn, þótt við Danir seldum ykkur Bandaríkjamönnum Jómfrúaeyjar með manni og mús fyrir hundrað árum getum við ekki gert svona lengur (þótt við kannski vildum!).“

En þegar hún kallar nú sambærilegan gjörning „absúrd“ get ég vel skilið að viðkvæm sál eins og Donald Trump móðgist og hafni matarboði drottningar!

Það eru fleiri en Trump sem hafa áhuga á Grænlandi vegna legu landsins m.t.t. siglinga og mögulegra hernaðarstöðva. Athyglisvert er að varaforseti Bandaríkjanna í nýlegri heimsókn sinni lagði mikla áherslu að vara við áhrifum og fjárfestingum Kínverja á norðurslóðum.

Áhugi á Grænlandi hefur ekki síður verið vegna ýmissa málma sem þar er að finna og get ég lítillega sagt frá því. Vorið 1962 var ég sem miðhluta læknastúdent á vakt á Kleppsspítala þegar ég fékk símhringingu frá fulltrúa danska ræðismannsins. Erindið var að finna lækni sem gæti farið til Meistaravíkur á Grænlandi í 2-3 vikur í millibilsástandi milli ráðninga tveggja danskra lækna. Hafði mikið verið leitað á Íslandi af „alvöru“ læknum en ekki fengist í þetta verkefni.

Eftir að hafa ráðfært mig við Guðmund Thoroddsen prófessor sem vann þá einnig á Kleppspítala sem sem ráðgjafi og hafði unnið í Meistaravík sló ég til. Hafði ég áður fengið þær upplýsingar að þar væru eingöngu fílhraustir námuverkamenn en ekki konur né börn. Mér krossbrá hinsvegar þegar ég kom til Meistaravíkur og uppgötvaði að þar voru tvær konur, önnur ólétt, og fjögurra ára barn og að dvölin gæti orðið tveir til þrír mánuðir. Ekki var hægt að snúa við, en meginstuðningur var „Lægebog for söfarende“ og nánast ótakmörkuð heimild til að biðja um sjúkraflug frá Reykjavík með loftskeyti. Beiðni um sjúkraflug vegna „sick person“ urðu að six persons í loftskeyti og ollu miklum viðbúnaði í Reykjavík. „Læknisstörfin“ redduðust eins sagt er á nútíma íslensku að öðru leyti og fjalla ég ekki meira um það.

Meistaravík gengur inn frá suðurströnd Kong Oscarfjarðar sem er norðan Scoresbysundsfjarðar nyrstu byggðar Inúíta og er á um það bil á 24° v.l. og 72°n.br. Ýtarleg könnun á þessum landshluta og málmleit hófst um 1950 undir forystu Lauge Koch. Á svæðinu fundust ýmsir málmar, smávegis af silfri og kopar en aðeins blý og zink í því magni að vinnsla borgaði sig. Nordisk Mineselskap að mestu í eigu Dana, en með hlutdeild Svía hóf vinnslu um 1950.

Löng flugbraut hafði verið gerð niður með ströndinni. Námaþorp með öllum þægindum hafði verið byggt í dal kallaður Blýdalur 14 km frá ströndinni og með stuttri flugbraut Námurnar voru fulltæmdar 1962, en mikið magn málma beið útskipunar sem aðeins gat farið fram þá 2 mánuði á ári sem fjörðurinn var íslaus.

Molybdenum málmur hafði fundist í fjalli kallað Malmbjerget um 30 km frá Blýdal inni á milli skriðjökla og var meginstarfsemi þetta sumar þar til frekari könnunar. Aðstæður þar voru mjög frumstæðar, aðeins rennandi vatn í eldhúsi og kofa læknisins. Samgöngur að sumarlagi milli staðanna var eingöngu með tveimur Dornier flugvélum útbúnum skíðum sem gátu lent á skriðjökli við Malmbjerget. Mitt megin hlutverk var að koma upp læknisstarfstöð þ.e. „heilsugæslu“ við Malmbjerget og dvelja þar sem oftast.

Danir höfðu fengið lið með sér American Metal Co. og stofnað Artik Mineselskap og áttu Danir 51%. Molybdenum er mikilvægur herslumálmur í stálblöndur. Grafin höfðu verið nokkur 2 km göng lárétt inn í fjallið í mismunandi hæð og síðan borað inn í fjallið í mismunandi stefnur og sýnishornum safnað. Þá þegar var talið að þetta væri annað til þriðja molybdenum ríkasta svæði í heiminum en stofnkostnaður yrði gífurlegur við námuvinnslu og flutningsleiðir til sjávar. Félagið Greenland Resources með höfuðstöðvar í Toronto Kanada hefur tryggt sér réttinn til námuvinnslunnar.

Ég hef síðan lítillega leyft mér að fylgjast með frekari málmleit og vinnslu. Ýmsir málmar hafa fundist í Grænlandi en vinnsla erfið samanber Malmbjerget en búist er við að finna meira þegar jöklar hopa. Meginvinnslusvæði núna í Grænlandi er Kvanefjeld svæðið um 8 km frá Narsaq þorpi og um 35 km frá Narsarsuag í Suðvestur-Grænlandi. Þar eru taldar vera næstu mestu birgðir af „rare earth metals“, þ.e. „sjaldgæfum málmum“ sem eru lykilmálmar í nýjustu rafeindatækni t.d. snjallsímum. Mestu birgðir þessa málma eru í Kína en þeir hafa sett ýmsar hömlur á útflutning þeirra. Einnig eru í fjallinu sjöttu mestu birgðir af uranium.

Námuréttindin á félagið Greenland Minerals and Energy. Höfuðstöðvar þess eru í Perth í Ástralíu og hverjir skyldu vera stærstu hluthafar, jú, Kínverjar, þeir munu þannig geta orðið ráðandi um framboð á þessum mikilvægu málmum.

Donald Trump vill banna sölu á kínversku Huawai tækninni á Vesturlöndum en Huawai situr að aðgangi að þessum lykilmálmum rafeindatækninnar. Donald Trump er því nokkuð seinn að fá áhuga á Grænlandi. Á hann kannski eftir að fara bónarveg til Kínverja til að afla þessara málma og jafnvel þessarar tækni? Það er því viðbúið að meira fjör eigi eftir að færast í leikinn.

# Endurtekin vonbrigði



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
formaður ÖBÍ

**Og enn eitt árið þurfa öryrkjar að herða gatslitna sultarólina til að reyna að láta enda ná saman.**

Enn eitt árið kemur fram fjárlagafrumvarp, uppfullt af vonbrigðum fyrir öryrkja.

Enn eitt árið er öryrkjum ætlað að draga fram lífið á engu. Enn eitt árið er litið á öryrkja sem skítugu börnin hennar Evu. Og enn eitt árið túlkar fjármálaráðuneytið lög um almannatryggingar öryrkjum í óhag.

Fjárlagafrumvarpið er öryrkjum svo sannarlega vonbrigði, enn eitt árið. Við erum svo sem orðin vön því. En kannski örlaði á smá von þegar við á síðasta ári, lásum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, að Ísland ætti að vera land tækifæranna. Og til að svo mætti verða væri þörf á að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Voru loksins bjartari tímar fram undan fyrir þá sem ekki haf annað milli handanna en örorkulífeyrinn. Kannski þykir ríkisstjórninni hún vera að standa við þessi orð með hækkun örorkulífeyris nú um ríflega átta þúsund krónur fyrir skatta. Og skattalækkunin færir öryrkja á strípuðum bótum alveg heilan fimmhundruð kall. Þessar rétt um níu þúsund krónur duga svona rétt fyrir tveim pizzum á vinsælum stað. Það sér hver maður hvað það þýðir mikið innihaldsríkara og sjálfstæðara líf fyrir öryrkja.

Enn eitt árið horfa öryrkjar upp á gjána á milli tekna þeirra og atvinnuleysisbóta breikka. Enn eitt árið kýs fjármálaráðherra að hafa að engu 69. gr laga um almannatryggingar, þegar hann kýs að hækka bætur almannatrygginga um rétt ríflega verðbólgu, í stað þess að fylgja launaþróun eins og lögin eru svo skýr um.

Og enn eitt árið þurfa öryrkjar að herða gatslitna sultarólina til að reyna að láta enda ná saman.

Mikið væri nú gott að sjá stjórnmálamenn standa við orð sín í stað þess að upplifa sömu vonbrigðin á ný, enn eitt árið.

# Herðum róðurinn



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður Vinstri Grænna

Jafnt stjórnmálamenn sem fræðimenn, og fjölmargir aðrir, eru sammála um að herða verulega á aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Á það við um bæði samdrátt í losun (sem nemur árlega að lágmarki 8 til 10 milljónum tonna koltvísýrings á Íslandi) og kolefnisbindingu með margvíslegum aðferðum. Við bætist aukin áhersla á viðbrögð við afleiðingunum – það sem jafnan nefnist aðlögun. Henni verðum við nú þegar að gefa meiri gaum en hingað til. Fella stefnu og áætlanir að stefnu og áætlunum sem varða minni losun og aukna bindingu.

Góðar tillögur hafa komið fram á Alþingi, auk stjórnarfrumvarpa sem mörg hver boða breytingar í þessum efnum. Nefni mál nokkurra VG-þingmanna á Alþingi. Ólafur Þór Gunnarsson leggur til að ferðaþjónustufyrirtækjum verði gert skylt að bjóða viðskiptavinum kolefnisjöfnun. Andrés Ingi Jónsson vill hamla olíuleit á umráðasvæði okkar með skilyrðum, Kolbeinn Óttarsson Proppé stingur upp á Loftslagsbanka sem lánar fé til árangursríkra verkefna í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og ég legg fram frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum. Samkvæmt því má hliðra 0,85% af skattskyldum tekjum lögaðila fram hjá tekjuskatti, ef upphæðin er notuð til kolefnisjöfnunar. Þar er átt við aðferðir svo sem skógrækt, uppgræðslu auðna og illa farins lands, endurheimt votlendis og dælingu koltvísýrings ofan í jarðlög þar sem hann myndar skaðlaust efnasamband (steind). Þetta eru ekki sjömílnaskref en mikilvæg engu að síður og merki þess að loftslagsmál eru unnin skilvirkt, þvert ofan í þvaður og rangfærslur um loftslagsmál. Þvert á afneitun óhæfra ráðamanna á alþjóðavísu.

Loftslagsbaráttan vinnst ekki nema ríki, jafnt og sveitarfélög sem fyrirtæki og almenningur, myndi lið. Þess vegna er Reykjavíkurborg aðili að Parísarsamningi fjölmargra borga og stórfyrirtækja og nýverið gerðist Akureyri og fleiri aðilar/stofnanir á Norðurlandi að samkomulagi og áætlun um aðgerðir til góðs. Þess vegna framleiðir bóndi metan á vélar úr úrgangi og útgerð fyrir sunnan skiptir svartolíu út

**Loftslagsbaráttan vinnst ekki nema ríki, jafnt og sveitarfélög sem fyrirtæki og almenningur, myndi lið.**

fyrir minna mengandi eldsneyti.

Sjálfbærar auðlindanytjar og hringrásarhagskerfi er sú framtíðarsýn sem verður að vísa okkur veginn. Hefðbundinn hagvöxtur verður að víkja að hluta fyrir „grænum skilningi“ á framtíð manns á jörðinni. Við verðum að endurvinna a.m.k. 90% þess sem við notum og breyta bæði framleiðslu- og neysluháttum að ýmsu leyti. Margir vita þetta en fleiri þurfa að slást í hópinn og hjálpa til við að leysa feiknin öll af verkefnum.

Fólk
FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER 2019

Tíska



Nú er liðinn rúmlega áratugur síðan Victoria Beckham sýndi fyrstu fatalínu sína. Victoria er nú orðin einn vinsælasti fatahönnuður Bretlands og fólk flykktist að til að sjá sýningu á nýjustu línu hennar á tískuvikunni í London.

→4



Fyrir umhverfið og þig
mena
www.mena.is




Jens Arne Júlíusson myndlistarkennari og Guðrún Ýr Þorvaldsdóttir verkefnastjóri hjá Klifinu bjóða upp á fjölbreytt námskeið í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjölbreyttar tómstundir fyrir alla

Klifið – Skapandi setur er framsækið skapandi setur í Garðabænum. Klifið býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir börn og fullorðna, eins og sjálfstyrkingar-, myndlistar-, tónlistar- og leiklistarnámskeið svo dæmi séu nefnd. →2







**Klifið býður upp á fjölbreytt námskeið í myndlist fyrir fullorðna.**

**Framhald af forsíðu ➪**

Námskeið haustannarinnar eru hver af öðru að fara af stað“. Við bjóðum upp á námskeið fyrir börn og fullorðna,“ segir Guðrún Ýr Eðvaldsdóttir, verkefnastjóri hjá Klifinu. Barnanámskeiðin hefjast oftast nær í janúar og september á meðan meira flæði er á fullorðinsnámskeiðunum sem kennd eru á vorin og haustin.

Meðal námskeiða sem halda áfram í vetur og hafa verið vinsæl eru myndlistarnámskeið fyrir fullorðna. Klifið býður upp á vatnslitanámskeið, námskeið í akrýlmálun, Photoshop teikninámskeið og módelteikninganámskeið fyrir fullorðna.

„Myndlistarnámskeiðin hafa verið haldin undanfarin misseri og hafa gengið vonum framar. Við höfum kennslu í módelteikningu í fyrra og hefur aðsóknin verið frábær, við fundum fyrir eftirspurn eftir slíkri kennslu sem reyndist rétt. Til okkar kemur ólíkur hópur fólks, byrjendur sem lengra komnir og vanir listamenn.

Akrýlnámskeiðið hentar þeim sem vilja ná grunnfærni í að mála með akrýl. Það verður farið í mismunandi efni og pensla, mismunandi gerðir lita og hvernig á að undirbúa striga áður en byrjað er að mála. Einnig er nemendum kennt að mála hlutföll á þeim hlutum sem þeir mála og hvernig á að vinna með ljós og skugga. Námskeiðið krefst ekki bakgrunns í myndlist, byrjað er á einföldum verkefnum sem henta byrjendum.

Námskeiðið í vatnslitamálun hentar líka fyrir byrjendur, það er farið yfir grunnatriði sem tengjast vatnslitum þeim verkfærum sem notuð eru við vatnslitamálum. Nemandanum er kennt hvernig á að strekkja pappír á plötu svo hann lyftist ekki þegar hann blotnar. Þá verður farið í hvernig á að mála einfaldar myndir með flóknum litum yfir flóknari myndir. Kennarinn aðstoðar nemendur við að sækja sér innblástur og nýta sér hann í málverkunum.

Photoshop námskeiðið hentar byrjendum í Photoshop sem og lengra komnum. Nemandinn þarf að hafa fartölvu með sér á námskeiðið og teikniborð. Hann lærir á stillingar á helstu tólum í Photoshop forritinu til að geta unnið myndirnar sem hann teiknar í tölvu. Farið verður í skissutækni, myndbyggingu og karakterhönnun, bakgrunnshönnun og hvernig hægt er að lita svarthvítar myndir eftir á í Photoshop. „Þetta er grunnnámskeið í því að vinna myndir í tölvu, svipað og er gert er í flestum tölvuteiknuðum myndum í dag,“ segir Guðrún.

## Ný námskeið í bland við eldri

Í haust fer Hönnunarsafn Íslands af stað með námskeið í samstarfi við Klifið sem ber heitið Hönnunarskólinn. Hugmyndin er að kynna ólíkar tegundir hönnunar fyrir ungmennum, þau læra um arkitektúr, spilahönnun, vöruhönnun, fatahönnun og matarhönnun. „Þetta er tíu vikna námskeið. Það verða sjö kennarar á námskeiðinu sem fara yfir undirstöðuatriðin í þessum greinum. Það verður unnið að verkefni í arkitektúr í tvö skipti, spilahönnun í tvö skipti og svo framvegis,“ segir Guðrún. Námskeiðið er ætlað 13-16 ára en fyrirmynd námskeiðsins er Designskolen sem er fræðsluskóli Design Museum í Kaupmannahöfn.

Af öðrum námskeiðum sem Klifið býður upp á er sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn sem kallast Fjársjóðsleitin. Námskeiðið var hannað af Elvu Björk Ágústsdóttur í samstarfi við Klifið en á því leita krakkarnir að sínum innri fjársjóði og styrkleikum. Verkefni og leikir námskeiðsins byggja á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Námskeiðið er hugsað fyrir börn í 2. til 4. bekk grunnskóla.

„Við höldum sjálfstyrkingarnámskeiðið reglulega. Það má alltaf senda okkur tölvupóst og spyrjast fyrir um námskeiðið. Námskeiðið er haldið einu sinni eða tvisvar á ári eftir eftirspurn,“ segir Guðrún.

„Í haust munum við bjóða upp á mörg ólík námskeið fyrir börn, sem öll eiga það þó sameiginlegt að snúast um sköpun. Við höfum fengið til liðs við okkur frábæra kennara líkt og oft áður. En til að nefna nokkra kennir Ninna Þórarinsdóttir hjá okkur Teikningu fyrir 10-12 ára, Dagmar Atladóttir Fjöltækni í myndlist fyrir 9-12 ára og Björk Viggósdóttir Myndlist fyrir 6-9 ára og Spjaldtölvumyndlist fyrir 10-12 ára, frábærar listakonur allar á sínu sviði. Leiklistin er unnin í samstarfi við Leynileikhúsið líkt og undanfarin ár og söngkennarinn Rebekka Sif Stefánsdóttir sér um söngkennsluna okkar.“



**Námskeiðin í Klifinu eru öllum opin óháð búsetu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Námskeið fyrir alla óháð búsetu

Guðrún segir að námskeiðin í Klifinu séu opin öllum óháð búsetu. „Ég fæ oft spurningar frá fólki sem spyr hvort það geti komið á námskeiðin hjá okkur þó það búi ekki í Garðabæ. En það skiptir ekki máli hvar þú býrð. Það eru allir velkomnir á námskeið hjá okkur. Það hefur meira að segja komið fólk á námskeið til okkar sem keyrir frá Akranesi,“ segir Guðrún.

Hún segir að það sama gildi með frístundastyrkinn. Börn utan Garðabæjar geta nýtt styrkinn fyrir námskeið hjá Klifinu enda er frístundastyrkurinn ekki háður búsetu barns, að sögn Guðrúnar.

Það er um að gera að kíkja á vefsíðu Klifsins, klifid.is, og skoða úrvalið af námskeiðum sem í boði er. Þar má finna gítarnámskeið, píanónámskeið, söngnámskeið, trommunámskeið og zúmbanámskeið, leiklistarnámskeið, námskeið í stuttmyndagerð og ýmislegt fleira. Allir ættu að geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi. Bæði börn og fullorðnir.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


NÝ HAUSTLÍNA
BITTE KAI RAND
1981
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM Í ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem vilja læra leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

***Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.***

**Námið:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

**Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á sínu sviði.**
**Boðið er upp á dag eða kvöldnám auk þess sem farið verður í fjölda vettvangsferða.**

**Umsögn:** „Fyrir nokkrum árum stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum mínum. Fjölmargir kennarar komu að kennslunni sem áttu auðvelt með að ná til mín, auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er. Auk þess hvöttu þeir okkur til að virða landið okkar. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
**Námið gefur mikla atvinnumöguleika og það eru spennandi tímar framundan.**



Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

**OPIÐ 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



FLOTTAR BUXUR Í FALLEGUM HAUSTLITUM

VERÐ KR 7.990

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Túnikur // Síðar skyrtur



Kr. 10.990.-
Str. 40/42-56/58
Margir litir og munstur

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030




# Ný lína Beckham vekur athygli

Nú er liðinn rúmlega áratugur síðan fyrrverandi kryddpían Victoria Beckham sýndi fyrstu fatalínu sína. Victoria er nú orðin einn vinsælasti fatahönnuður Bretlands og fólk flykktist að til að sjá sýningu á nýjustu línu hennar á tískuvikunni í London á sunnudaginn.


Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is




Á sýningunni var mikið um flæðandi mittislausa ökklasíða kjóla með flegnu v-hálsmáli og blómaskreytingum. Victoria sagðist leggja mikla áherslu á kjóla í vorlínunni 2020. Hún segir að sér líki við pífur og fellingar sem dansa við hverja hreyfingu. Victoria Beckham hefur alla tíð lagt áherslu á það í fatalínum sínum að fötin séu stílhrein og klæðileg og praktísk fyrir konurnar sem nota fötin.

Victoria segir að áður fyrr hafi hún aðeins notað svört föt og hún skildi ekki þegar fólki sagðist ekki líka það. En núna kýs hún að tjá sig með því að nota liti. „Litir eru svo upplífgandi," sagði hún í viðtali við erlent tískutímarit.

Á sýningunni á sunnudaginn var mikið einnig mikið um einlita kjóla og blússur í sterkum litum, grænum, fjólubláum og gulum. Þar mátti einnig sjá stílhreinar brúntóna dragtir í snyrtilegum einföldum sniðum sem minntu svolítið á 8. áratuginn í bland við buxur og skyrtur í björtum litum tónaðar niður með brúnum frakka eða bleiserjakka.



**Victoria gengur út af sviðinu eftir sýningu á vorlínu sinni 2020 á tískuvikunni í London.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Mikið var um einlita flæðandi kjóla á sýningunni í sterkum litum en Victoria var áður þekkt fyrir að klæðast eingöngu svörtu.**



**Sýningin vakti athygli og hefur Victoria fengið mikið lof fyrir nýjustu fatalínuna sína.**



**Victoria leggur áherslu á að hanna föt með notagildi. Hér blandar hún saman sterkum litum og bláum buxum og gulri skyrtu við brúnan frakka.**

# Miðborgin okkar

FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER 2019




MYND: JÓHANN LUDWIG TORFASON / HJARTA REYKJAVÍKUR

hrím
www.hrim.is

RAMMAGERÐIN
Síðan 1940

ÍSLANDS
APÓTEK

HLEMMUR
MATHÖLL

GRANDI
MATHÖLL

# Blómstrandi mannlíf í miðbænum



Mannlífið blómstrar í miðborginni sem teygir nú úr sér sem aldrei fyrr, alla leið frá Hlemmi út á Granda. Fjölbreytt líf hefur einnig vaknað í hliðargötum miðbæjarins. Í miðbænum má finna spennandi verslanir og veitingastaði á hverju strái, listasöfn og gallerí, tónleika og leiksýningar, bestu kaffihús og götubita borgarinnar, og svo er auðvitað alltaf hægt að kíkja á endurnar á tjörninni. Hér er eitthvað fyrir alla, verið velkomin í miðborgina okkar.









Sveinn Orri Símonarson ljósmyndari fangaði lífið í miðbænum.

# Fjöldi bílahúsa í miðborginni

Vissir þú að lengsta mögulega leiðin sem það tekur að ganga frá bílahúsi og að verslun og þjónustu er að hámarki 350 metrar eða 3 mínútur. 4.189 bílastæði verða í boði á næstu misserum.




**Bílahús miðborgarinnar**

| | Fjöldi stæða |
|---|---|
| Stjörnuport | 191 |
| Vitatorg | 223 |
| Kolaport | 166 |
| Vesturgata | 106 |
| Ráðhúsið | 130 |
| Traðarkot | 270 |
| Bergsstaðir | 58 |
| Harpa | 545 |
| Hafnartorg | 1.160 |
| Höfðatorg | 1.340 |
| **Samtals** | **4.189** |

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103 | Veffang: frettabladid.is




Ný verslun Optical Studio verður opnuð á Hafnartorgi laugardaginn 21. sept. kl 17.

**30% afsláttur opnunarhelgina**

# Mælum árangur í brosum

**Kramhúsið orkustöð miðbæjar Reykjavíkur er að hefja 35. starfsár sitt. Það hefur frá upphafi verið á sama stað í bakgarði við Skólavörðustíg/Bergstaðastræti. Í húsinu ríkir góður andi og gleðin fær að ráða þar ríkjum.**

Vigdís Arna hjá Kramhúsinu segir að mikil tónlist og dans sé á öllum námskeiðum hússins. „Þetta er lista- og danssmiðja frekar en líkamsræktarstöð. Hér leggjum við áherslu á jákvæða líkamsímynd og þó að fólk komi vissulega hingað til að bæta líkamsstöðu, styrkja vöðva og bæta liðleika þá er það félagsskapurinn og innri andi sem skiptir mestu máli. Hér mælum við árangurinn í brosum.“

Frá upphafi hefur verið sami eigandi að Kramhúsinu, Hafdís Árnadóttir. Hún kennir ennþá og er með dyggan hóp nemenda sem hafa stundað leikfimi hjá henni í 35 ár. „Hafdís er hreyfiafl Kramhússins og fyrirmynd annarra kennara og þeirra sem koma hingað að stunda dans og leikfimi. Fjöldinn allur af kennurum Kramhússins hóf feril sinn á dansnámskeiðunum okkar og fór svo að kenna. Þetta eru til dæmis Margrét Erla Maack, Sandra Sano, Rósanna Davidson, Berglind Jónsdóttir og Sigríður Ásgeirsdóttir sem eru í dag okkar helstu danskennarar og hafa sérhæft sig í ýmsum stílum.“

Undanfarið hefur það færst mikið í vöxt hjá Kramhúsinu að vera með sérsniðna einkatíma fyrir hópa, eins og gæsa- og steggjahópa, vinahópa og starfshópa. „Vinahóparnir koma oft í eina klukkustund og læra ýmsa dansa. Sumir hópar eru með það sem árlegan viðburð að koma hingað og læra nýjan dansstíl í hvert sinn. Við skipuleggjum líka lengri tíma þar sem við blöndum saman hópefli, dansi og hreyfingu, allt miðað út frá þörfum hópsins,“ segir Vigdís.

„Þetta er orðið það vinsælt að föstudagseftimiðdagar eru alveg fráteknir fyrir einkatímana. Þetta er mjög skemmtilegt fyrir hópa sem eru komnir niður í miðbæ og geta þá haldið áfram eftir tímann, kíkt út að borða og á pöbbarölt á eftir.“

Vigdís segir að Kramhúsið leggi áherslu á að búa til tíma sem henta þorpinu þeirra, fólkinu sem býr og starfar í miðbænum. „Við erum með morguntíma snemma á morgnana í jóga, Pilates og dansi ásamt stuttum hádegistímum fyrir fólk sem vill skjótast í hádeginu og taka snarpar og góðar æfingar. Við reynum alltaf að hlusta á fólkið hérna í kringum okkur og búa til námskeið sem henta tímaramma þess.“



Afródans hefur lengi verið kenndur í Kramhúsinu við miklar vinsældir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR








MEAT
REYKJAVÍK
5 RÉTTA VEISLA Á 6.990 KR.-
Komdu og fagnaðu með okkur á
REYKJAVÍK MEAT
1 árs afmælinu okkar
allan september

# Snjallasta sorpið á Hafnartorgi

Á Hafnartorgi er nú komið í notkun glænýtt og snjallt sorpflokkunarkerfi sem eykur hagkvæmni og fjárhagslegan ávinning af flokkun og vigtar sorp notanda.



Þessi lausn hefur fengið góðar viðtökur. Margir segja að í fyrsta sinn sé sorp spennandi og sveipað jákvæðu yfirbragði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á Hafnartorgi hefur Reginn fasteignafélag tekið í notkun nýja útfærslu af sorpkerfi sem þau kalla Snjallsorp. Með lausninni er skráð niður á notanda með rafrænum hætti magn og flokk þess sorps sem losað er. Með því næst aukin hagkvæmni og fjárhagslegur ávinningur af flokkun verður enn sýnilegri en áður hefur þekkst.

María Rúnarsdóttir, rekstrarstjóri Regins, segir að þau hafi átt í farsælu samstarfi við Íslenska gámafélagið ehf. og unnið með þeim að þróun þessarar snjöllu sorpflokkunarstöðvar á Hafnartorgi. „Flokkunarstöðin þjónar verslunum og skrifstofum á svæðinu og er liður í aukinni áherslu Regins á umhverfismál og ábyrga umgengni,“ segir María. „Lausnin hefur fengið góðar viðtökur fyrstu notenda sem fagna gegnsæi og auðveldri notkun og margir hafa orð á því að í fyrsta sinn sé sorp spennandi og og sveipað jákvæðu yfirbragði.“

## Nemur þyngd í íláti

Flokkunarstöðin er staðsett í kjallara Hafnartorgs og flokkað er í sex mismunandi flokka. Hver notandi hefur aðgangskort sem lagt er upp að skynjara við viðeigandi lúgu til að skrá notandann inn. Við það opnast lúgan og fyrir innan hana er ílát á vog. Þegar hent er í ílátið nemur vogin þyngdaraukningu í ílátinu sem skráir notkunina á viðkomandi notanda. Skráningu er síðan lokað með því að bera kortið aftur upp að nemanum.

„Snjalllausnin skráir upplýsingar í rauntíma og heldur utan um sorpflokkun hvers og eins notanda. Notendur geta séð flokkunarhlutfall og borið saman árangur milli mánaða. Snjalllausnin gerir kleift að samnýta rými og ílát, samhliða því að hver og einn greiðir einungis fyrir eigin notkun,“ segir María. „Við erum afar stolt af þessari lausn okkar og við hjá Regin hlökkum til að innleiða hana á önnur kjarnasvæði okkar í framtíðinni.“



Flokkunarstöðin er staðsett í kjallara Hafnartorgs og flokkað er í sex mismunandi flokka.






# **Glæsilegar íbúðir** og **vönduð skrifstofuhúsnæði** á Hafnartorgi



Fjölbreyttar stærðir íbúða
frá **75-232** m² til sölu

**Skrifstofurými** til leigu, **fjölbreyttar stærðir í boði** eftir þörfum leigutaka



Stór **bílastæðakjallari**
er undir Hafnartorgi




Sýningaríbúð verður í **Geirsgötu 4, íbúð 407 á milli 16:00 og 19:00**

HAFNARTORG
REYKJAVÍK

www.**hafnartorg**.is

# Vellíðan viðskiptavina í fyrsta sæti

Megingildi verslunarinnar Macland er að bjóða upp á bestu þjónustu sem völ er á. Til að tryggja það er fyrirtækið skipað sérfróðu starfsfólki sem býður persónulega aðstoð.



Gunnar Máni Arnarson, sölu- og innkaupastjóri Macland, er einn af sérfróðu starfsmönnunum sem tryggja að upplifun viðskiptavina sé ánægjuleg. MYNDIR/ANTON BRINK

Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland, stofnaði fyrirtækið árið 2009 á meðan hann var enn að vinna annars staðar. „Ég var alltaf að gera við síma og tölvur fyrir fólk og var orðinn svolítið þreyttur á að vera stöðugt í því meðfram annarri vinnu og fjölskyldulífi og var eitthvað að tuða heima, þegar konan mín sagði mér að hætta þessu væli og stofna bara fyrirtæki,“ segir Hörður. „Það var skortur á þjónustu fyrir Mac-notendur, en hins vegar voru ýmiss konar fyrirtæki að þjónusta notendur á öðrum tölvum. Við ákváðum strax að megingildið hjá okkur yrði að bjóða upp á bestu þjónustu sem völ er á og gera það svolítið að sérkenni okkar.

Þeir sem hafa farið í stórar Apple verslanir úti í heimi hafa upplifað hvernig þjónustan er þar í fyrsta sæti. Það liggur við að maður fái samviskubit ef maður kaupir ekkert,“ segir Hörður. „Við erum að biðja um hátt verð fyrir mjög góðar vörur og það á bara að vera stórkostleg upplifun að kaupa tölvu. Við höfum haldið fast í þessar hugmyndir.

Við viljum líka bara selja þér réttu vöruna, ekki þá dýrustu, og stundum seljum við fólki ekki nýjar vörur, heldur gerum frekar við þær gömlu,“ segir Hörður. „Við komum með rosalega mikla sérþekkingu að þessu og viljum vekja upp stemninguna hjá kaupmanninum á horninu eða gömlum og færum sérfræðingi, eins og úrsmið. Einhverjum sem veit nákvæmlega hvað hann er að gera og gerir það alveg hrokalaust. Viðskiptavinum líður vel við að eiga í slíkum viðskiptum.“

### Nýtt og spennandi

„Á þessum tíma árs er Apple alltaf að kynna nýjustu vörurnar og það sem okkur finnst mest spennandi núna er nýr iPhone, sem er bara rétt handan við hornið og kemur væntanlega á markað í þessum mánuði,“ segir Hörður. „Svo er líka nýtt Apple úr væntanlegt. Apple er alltaf að uppfæra vöruframboðið fyrir jólin og það er margt spennandi í gangi, þannig að það er um að gera að kynna sér úrvalið hjá okkur.“



Verslun Macland á Laugavegi er glæsileg og þjónustar stórt svæði.

### Þjónusta í miðborg mikilvæg

„Mér finnst mikilvægt að við séum í miðborginni. Ég held að það sé dýrmætt að þessi valkostur sé til staðar á Laugavegi, því það er mikilvægt fyrir þá sem búa á þessu svæði og á öðrum nærliggjandi svæðum,“ segir Hörður. „Við erum í rauninni með rosalega stórt þjónustusvæði, allt frá Hlíðunum yfir á Seltjarnarnes. Við erum líka eina tölvubúðin í Kringlunni.

Ég held að fólk hafi ofmetið hversu hratt netvæðing á sölu á vörum og þjónustu myndi byggjast upp. Það virkar vel í ákveðnum geirum og er oft rosalega flott, en það getur ekki komið í staðinn fyrir aðgang að persónulegri þjónustu og sérþekkingu. Það verður alltaf markaður fyrir slíka þjónustu,“ segir Hörður. „Í gegnum vefverslunina okkar þjónustum við samt auðvitað allt landið og meira að segja Íslendinga sem eru í útlöndum, til dæmis í námi, en vilja samt helst kaupa frá okkur.

Það væri auðvelt að loka verslunum okkar og setja alla áherslu á netverslun, en ég held að það væri versta ákvörðun sem við gætum tekið. Það myndi bara klippa sálina úr rekstrinum,“ segir Hörður. „Þess vegna munum við halda áfram að leggja alla áhersluna á frábæra persónulega þjónustu. Á næstunni held ég svo að Íslendingar verði einfaldlega að kjósa með veskinu um hvaða þjónustu þeir vilja hafa í miðbænum.“

# Yfirnáttúruleg sýn á landið

Sigurður Helgason, eigandi DJI Reykjavík, segir að kynni hans af dróna hafi gjörbreytt sýn hans á landið. Þessi undraverða tækni hefur ekki einungis valdið straumhvörfum í heimi myndatöku og rannsókna heldur einnig í því hvernig björgunarsveitir og lögregla starfa. Sjón er sögu ríkari.

Í versluninni sem staðsett er í Lækjargötu, við hlið Hard Rock, geta áhugasamir kíkt inn og fengið að kynnast þessu fyrirbæri af eigin raun. „Það er upplifun fyrir marga að koma hingað og prófa að fljúga dróna í flughermi,“ segir Sigurður. Hann segir fólk oft koma sem sé forvitið og hafi fylgst með öðrum nota dróna en ekki enn lagt í að prófa.

„Ég sjálfur var á hliðarlínunni í tvö ár og horfði á vini mína fljúga dróna, ég hélt þeir hefðu hæfileika af guðs náð eða að þetta hefði eitthvað með jafnvægi að gera,“ segir hann. Það komi fólki mikið á óvart hversu auðvelt það er og segir Sigurður að allir geti lært að stýra dróna.

### Viðurkennd sérverslun með mikið úrval

DJI verslun býður upp á mikið úrval af drónum sem hægt er að nota við fjölbreyttar aðstæður. „Verslunin er viðurkennd af og hönnuð í samstarfi við DJI,“ segir Sigurður. Verslunin nýtur mikillar sérstöðu, enda eina verslunin af þessu tagi hérlendis og eru einungis tólf aðrar verslanir í Evrópu. Þá er mikil áhersla lögð á sanngjörn verð. „Drónarnir hjá okkur eru á sambærilegu verði og í öðrum evrópskum löndum.“

Meðal dróna sem boðið er upp á eru Mavic og Matrice en þeir fyrrnefndu henta byrjendum jafnt sem lengra komnum. Drónarnir eru notaðir í allt á milli himins og jarðar. „Við erum með dróna sem eru með hitamyndavél og við erum með stóra sem eru fyrir kvikmyndagerð og rannsóknir,“ útskýrir Sigurður.




Sigurður Helgason segir alla geta lært að stýra dróna, það taki ekki nema 2-3 mínútur að átta sig á stýringunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Brautin rudd fyrir fagfólk

Drónarnir eru orðnir svo öflugir að þeir geta hreinlega bjargað lífi. „Við erum með Matrice 200 dróna sem eru fyrir björgunarsveitir og lögreglu og Mavic 2 Enterprise sem eru mikið notaðir af lögreglu og björgunarsveitum.“ Matrice 200 er með hitamyndavél, veðurheldur og hefur reynst vel. „Þetta er rosalega öflugt leitartæki og þú getur flogið honum í rigningu og roki,“ segir Sigurður. „Við höfum flogið honum í 17 metrum á sekúndu sem gæti vanalega þýtt að fresta þurfi leit til morguns en dróninn getur séð allt í myrkri, farið mjög hratt yfir svæði og leitað á stöðum sem gangandi menn geta ekki leitað á.“

Möguleikarnir virðast óendanlegir. „Mavic 2 Enterprise hefur líka verið notaður af bændum til að finna búfénað og framkvæmdaraðilum til að skoða ástand húsa, eins og hvar hitinn leitar út,“ útskýrir Sigurður. Þá er tækni af þessari gerð einstaklega hagkvæm. „Þetta er frekar ódýr lausn fyrir dróna með hitamyndavél.“

### Ný sýn á ósnert svæði

Með tilkomu þessarar mögnuðu tækni getur nánast hver sem er skellt sér í hlutverk landkönnuðar. Sigurður segir að þessi tækni hafa opnað nýjan heim fyrir sér, enda Ísland einstakt hvað varðar ókönnuð landsvæði á hálendinu. „Ef maður flýgur yfir jöklana þá sér maður hluti sem fáir hafa séð, jafnvel enginn,“ útskýrir hann. „Ég fann til dæmis foss í Kötlujökli, fyrir tilviljun, sem mjög líklega enginn hefur séð.“

Fundir af þessu tagi eru einstakir fyrir margar sakir. „Þetta umhverfi er alltaf breytilegt, það er ekkert víst að þessi foss sé þar núna,“ segir hann. „Þetta er glæsilegur foss, enda skýrði ég hann eftir sjálfum mér, Siggafoss, eða Sigurðarfoss,“ segir Sigurður flissandi. „Núna er ég alltaf að þæla í hlutum eins og sólsetri, sólarupprás, skýjafari, hvort það séu lægðir en það getur verið flott ef maður sér rigningu í fjarlægð.“



Allir eru velkomnir í DJI verslunina í Lækjargötu til að prófa að fljúga dróna í flughermi, sér að kostnaðarlausu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Fyrsta flokks þjónusta

Þjónustan sem DJI Reykjavík býður upp á er bæði áreiðanleg og vönduð. „Ábyrgðarþjónustan okkar er fljót og góð, við sendum drónana út samdægurs eða í síðasta lagi daginn eftir til framleiðandans ef þarf að gera við þá,“ segir hann. „Þjónustan hjá okkur er mjög hröð og fólk er jafnvel að fá úrlausn sinna mála eftir viku til tíu daga.“ Þá er í boði að fá lánsdróna, sé þess þörf. „Ef okkar viðskiptavinir lenda í vandræðum, eru í verkefni eða öðru, erum við líka með lánsdróna á meðan á viðgerð stendur sem við lánum endurgjaldslaust.“

# Spennandi veitingastaðir á Laugavegi

## Nýtt og glæsilegt Center Hotel Laugavegur sem staðsett er á horni Laugavegs og Snorrabrautar var opnað í byrjun ágúst og hafa eflaust fjölmargir tekið eftir þessu fallega húsi í miðbænum.

Hótelið er einstaklega fallega hannað og var þemað í hönnun þess allt það sem íslenskt er. „Má því sjá íslenska málshætti á veggjum, bækur ýmist um Ísland eða eftir íslenska rithöfunda í bókahillu og myndband um íslenska tónlistarsögu á skjá í móttökunni – allt þannig að gestir geti notið þess að upplifa Ísland og það sem íslenskt er,“ segir Ísey Gréta Þorgrímsdóttir hótelstjóri.

Tveir glæsilegir veitingastaðir eru á hótelinu; Lóa Bar & Bistro og Stökk. Ráðgjafar frá breska fyrirtækinu Egg Soldiers voru fengnir til að taka þátt í bæði hönnun eldhússins og matseðla ásamt því að sjá um þjálfun á öllu starfsfólki staðanna. Ráðgjafar Egg Soldiers eru vel þekktir matreiðslumenn sem unnið hafa á mörgum þekktum veitingastöðum víða um heim. Þeir sérhæfa sig nú í ráðgjöf og vinnu fyrir veitingastaði og keðjur.



Veitingastaðurinn Lóa er einstaklega glæsilega hannaður. Þar er boðið upp á létta og góða rétti á frábæru verði. Happy hour er sömuleiðis frá 16-18.



Á veitingastaðnum Stökk sem opnar klukkan 7.30 er hægt að grípa með sér mat og kaffi til að hafa með sér í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Lóa Bar & Bistro

Lóa er skemmtilegur veitingastaður á jarðhæð hótelsins, en gengið er inn frá Snorrabraut. Veitingastaðurinn opnar kl. 17.00 og er opið til miðnættis alla daga vikunnar. Þemað í matseðli Lóu eru léttir réttir við allra hæfi á afar sanngjörnu verði og má þar finna salöt, fisk og kjötrétti ásamt ýmsum smáréttum þar sem kokkarnir leika sér meðal annars með íslenskt hráefni og hefðbundinn íslenskan mat, svo sem sjávarréttasúpu, plokkfisk og kleinur. „Lögð er áhersla á einfaldleika og því að leyfa hágæða hráefninu að njóta sín. Happy hour hefst á barnum kl. 16 og er þá sértilboð á bjór og víni hússins. Sérstaða barsins er frábært úrval kokteila sem margir hverjir eru blandaðir með íslenskum líkjörum og bera kokteilarnir íslensk fuglanöfn. Létt og góð stemning er einnig á Lóu og á föstudagskvöldum er boðið upp á djass og á laugardagskvöldum sjá plötusnúðar á staðnum um að stemningin sé góð,“ segir Ísey. „Lóa er því mjög skemmtileg viðbót í veitingahúsaflóruna fyrir heimamenn og gesti að njóta í miðborginni.“

### Stökk Food on the Go

Stökk opnar kl. 7.30 á morgnana og er því tilvalinn kostur fyrir þá sem eru snemma á ferð og vilja grípa sér mat fyrir daginn. Matseðillinn á Stökk inniheldur hollan, góðan og umfram allt fljótlegan mat gerðan úr fersku hráefni en þemað á Stökk er að bjóða upp á gæðamat á frábæru verði fyrir fólk á ferð. Í boði er því úrval af salötum, samlokum, súpum og heitum réttum ásamt góðu kaffi og söfum. Allt sem þarf fyrir góðan dag. Alla rétti er hægt að taka með sér eða setjast niður á veitingahúsinu og virða fyrir sér mannlífið fyrir utan gluggann sem snýr út á Laugaveg. Innandyra er einnig líflegt um að vera, segir Ísey, en teikning á veggnum sýnir fólk á ferð sem Elín Elísabet listamaður teiknaði og handmálaði síðan á vegginn, sem endurspeglar einmitt þema veitingastaðarins.

Þeir sem vilja kynna sér matseðla á Stökk og Lóu geta farið inn á heimasíður þeirra, www.stokk.is og www.loa.is. Center Hótel er á Laugavegi 95-99 og síminn þar er 595 8570.

Aukakrónur

Verslaðu í miðbænum með Aukakrónum

66° NORÐUR, EPLI, JOE & THE JUICE, Kaffitár, KRON, SBARRO, BRYGGJAN BRUGGHÚS bistro & brewery, KVENFATAVERZLUN KORMÁKS & SKJALDAR, HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS & SKJALDA Laugavegi 59, ÓB ódýrt bensín, FUEGO, KRONKRON, FJÄLLRÄVEN, Orr, mói, KRÖST, GOTT, GEYSIR, RISTORANTE Caruso, RABBAR BARINN, ÍSLANDS APÓTEK, Löður, olís, Ellingsen, SÓLIR, karlmenn, MADISON ILMHÚS REYKJAVÍK, SKÚLI CRAFT BAR, Bæjarins beztu pylsur, STELLA



**Eins árs afmæli Bóel fagnað með ofurhundinum Maríusi. Frá vinstri: Þuríður Ottesen og Eva Gunnarsdóttir í Bóel með vinkonum úr Fríðu skarti, þeim Fríðu og Gunnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Eins árs afmælisfögnuður í Bóel

Verslunin Bóel á Skólavörðustíg 22 fagnaði eins árs afmæli sínu með pompi og pragt í gær. Við tekur afmælisvika þar sem viðskiptavinum er boðinn 20 prósenta afsláttur af öllu í versluninni.

Bóel er í fögrum afmælisskrúða og skartar nú glænýjum og glæsilegum haustfatnaði frá Rundholz, StudioB3 og Yaya. Einnig var að lenda ný og heillandi töskusending frá Mandarina Duck og æðislegir fjölnotapokar frá Loqi. Það finnst mér vel við hæfi í plastlausum september og virkilega gaman að ganga um með Loqi-pokana sem eru undurfallegir með verkum eftir stærstu meistara listasögunnar en einnig yngri nútímalistamenn. Pokarnir eru einstaklega hentugir í vasa eða veski og þarf ekki annað en að hrista þá út þegar verslað er í matinn eða farið í plastlaust búðaráp,“ segir Þuríður Ottesen, eigandi Bóel.

Fjölnotapokarnir frá Loqi eru vandaðir, sterkir og listrænir. „Pokarnir eru afar vinsælir til gjafa, og sannarlega liggur góður hugur og náttúruvitund að baki. Margir koma og kaupa marga í einu til að eiga á lager til að nota í gjafir. Eða eins og enn viðskiptavinur Bóel sagði: „Þegar manni er boðið í matarboð er virkilega góð hugmynd að færa gestgjafanum fallegan og notadrjúgan Loqi-poka í stað til dæmis rauðvínsflösku“,“ segir Þuríður.

Loqi-pokarnir hafa einnig notið vinsælda í fjáraflanir og vinkvennahópar hafa fjölmennt í Bóel til að velja sér poka fyrir innkaupaferðir til útlanda.

„Þannig kom heilt kvenfélag af landsbyggðinni til okkar í Bóel og keypti átján Loqi-poka en þó engan eins. Það fer svo engum sögum af því að þær hafi verið flottastar í Fríhöfninni en það mætti þó alveg trúa því,“ segir Þuríður og brosir.



**Eva Gunnarsdóttir er glæsileg með kvenlega húfu frá StudioB3.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Vefverslun komin í loftið

Heimasíða Bóel, boel.is, var tekin í gagnið á afmælisdaginn í gær.

„Nú þegar haustlægðirnar eru farnar að herja á landsmenn er góð hugmynd að krækja sér í vetrarúlpu, trefil og húfu fyrir veturinn með frábærum afmælisafslætti,“ segir Þuríður.

„Endilega kíkið á nýju heimasíðuna til að skoða ríkulegt úrvalið. Á næstu dögum verður lögð lokahönd á smíði hennar og því er ekki endanlega búið að virkja netverslunina sem skyldi. Því er ekki endilega að marka þótt standi að flík sé uppseld á meðan lokahnykkurinn á síðunni er í vinnslu,“ útskýrir Þuríður.

> **Mér finnst vel við hæfi í plastlausum september að ganga um með undurfagra Loqi-fjölnotapoka með listaverkum eftir mestu meistara listasögunnar.**




**Í plastlausum september er tilvalið að koma við í Bóel á Skólavörðustíg og kaupa sér listrænan Loqi-fjölnotapoka með 20 prósent afslætti.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bóel er á Skólavörðustíg 22. Fylgið Bóel á Facebook undir boel og skoðið flíkur, skó, töskur, fylgihluti og margt fleira fallegt og skemmtilegt á boel.is.

Hard Rock CAFE
REYKJAVIK

KJALLARINN

Haltu rokkaða veislu
með bestu þjónustunni
og besta matnum.

# Er veisla framundan?

**KJALLARINN og TUNGLIÐ eru frábærir staðir fyrir veislur**



Bókanir og allar frekari upplýsingar - info@hrcreykjavik.com - Sími 856 1229



Inngangur í Kjallarann



Rokk stemning



Haltu öðruvísi veislu





Góð þjónusta og
frábær matur



Fallegur salur



Veisla eftir ykkar óskum

TUNGLIÐ
VEISLUSALUR

Haltu grand veislu
með okkur.
Fágað umhverfi og
fyrsta flokks þjónusta.

Bókanir og allar frekari upplýsingar - info@hrcreykjavik.com - Sími 856 1229

SÍMI 5 600 888 INFO@HRCREYKJAVIK.COM LÆKJARGATA 2 A REYKJAVÍK 101
HARD ROCK CAFE REYKJAVIK HRCREYKJAVIK #THISISHARDROCK

# Hágæða ullarföt í miðbænum

## Ullarkistan er gamalgróin verslun á Laugaveginum sem selur hágæða ullarfatnað fyrir alla fjölskylduna. Fötin eru úr vandaðri Merino ull og frá norsku vörumerkjunum Janus og Safa.

Olga Ingrid Heiðarsdóttir hjá Ullarkistunni segir að verslunin hafi í fyrstu heitið Janusbúðin en nafninu var breytt árið 2015. „Við vildum hafa okkar eigin nafn og lógó í stað þess að kenna okkur bara við merkjavöruna sem við seljum," útskýrir Olga Ingrid en mjög margir þekkja Janus merkið og hafa af því góða reynslu. Ullarkistan hefur verið í miðbænum í 14 ár. „Það er einhver sjarmi yfir miðbænum. Mikið líf og fjör og okkur finnst virkilega gaman að vera hér," segir Olga.

Ullarfatnaðurinn er mjúkur og hlýr. Olga segir að vöruúrvalið sé alltaf að aukast og margvíslegir nýir litir og gerðir hafi komið með vetrarlínunni. „Við fengum stóra sendingu um daginn með alls konar fallegu fyrir veturinn. Þetta eru bæði þægileg heimaföt og ullarföt fyrir útivistarfólk. Svo eru ullarfötin á börnin nauðsynleg fyrir leikskólann en margir leikskólakennarar benda foreldrum á að kíkja til okkar til að græja börnin fyrir haustið og veturinn. Það er svo gott fyrir krakkana að klæðast ullarbolum, sokkabuxum og gammósíum þegar kólnar í veðri. Þá getur maður treyst því að þeim líði vel hvernig sem veðrið er. Í rauninni er hægt að nota þennan fatnað allan ársins hring, bæði inni og úti, þar sem hann heldur vel hita í kulda en stýrir síðan líkamshitanum þegar hlýtt er þannig að manni verður ekkert of heitt," segir Olga og bætir við að þegar fólk hefur prófað að klæðast þessum fötum sé ekki aftur snúið. „Þau eru nánast ávanabindandi," segir hún.

> Þetta eru þægileg heimaföt og ullarföt fyrir útivistarfólk. Svo eru ullarfötin á börnin nauðsynleg fyrir leikskólann en margir leikskólakennarar benda foreldrum á að kíkja til okkar til að græja börnin fyrir veturinn.




**Olga Ingrid og Lillian Rading standa hér í verslun Ullarkistunnar á Laugavegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nú er Ullarkistan líka í Skeifunni 3b og á Glerártorgi á Akureyri þar sem hún hefur verið síðan 2007. „Við seljum þunnan, mjúkan og þægilegan ullarfatnað, sem klæjar ekki undan. Fötin anda vel og þess vegna er gott að nota þau hvort sem er heima, í vinnuna eða í útivistina. Ullarfötin í dag eru í svo mörgum gerðum og litum að allir geta fundið eitthvað sem hentar þeirra notkun. Þau henta vel til daglegra nota í vinnu eða skóla en jafnframt er þetta frábær fatnaður fyrir allt útivistarfólk, hvort sem það stundar skíði eða hjólar," segir Olga. „Við getum mælt 100% með ullarfötunum við alla sem stunda útivist eða vilja láta sér líða vel dagsdaglega. Við bjóðum mjög þunn ullarföt en erum líka með þau þykkari, bæði kósí fatnað og millilag. Janus ullarfötin má þvo á ullarprógrammi í vél og þau halda sér vel eftir þvott," segir Olga.

„Ullarfatnaðurinn er líka umhverfisvænn. Þetta eru gæðaföt úr náttúrulegum efnum sem endast mjög vel. Framleiðslan er sömuleiðis umhverfisvæn og hefur margvíslegar vottanir þess efnis. Bæði Janus og Safa hafa líka sýnt það í verki að margt smátt gerir eitt stórt með því að til dæmis minnka til muna plastnotkun í umbúðum og hætta að senda herðatré með hverri einustu flík. Við sjáum gífurlegan mun fyrir vikið. Fólk er einnig farið að huga mikið að því að kaupa gæðavörur, sem eru náttúrulegar og endast vel, og þá er ullin frábær kostur."

Ullarkistan er einnig starfrækt sem netverslun og sendir um allt land og til útlanda. Þeir sem vilja skoða úrvalið geta kíkt inn á ullarkistan.is. Svo er auðvitað alltaf gaman að koma í miðborgina og kíkja á vöruúrvalið hjá Ullarkistunni á Laugaveginum.

# Skapandi verslun í Hjarta borgarinnar

## Verslunin Hjarta Reykjavíkur var opnuð fyrir sex mánuðum á Hjartatorgi í Reykjavík en flutti nýlega á Laugaveg 30 og hefur því bæst í flóru fjölbreyttrar verslunar við þessa lifandi verslunargötu.

Eigendur verslunarinnar, þau Jóhann Ludwig Torfason og Ragnhildur Jóhanns, segja viðtökurnar við versluninni hafa verið mjög góðar. „Ég gæti trúað að fyrstu tvo mánuðina hafi 70-80% þeirra sem komu í búðina verið Íslendingar. Hér á Laugaveginum er algengara að túristarnir detti inn líka," segir Ragnhildur. „Verslunin byrjaði eiginlega með tveimur bókum," segir Jóhann en hann hafði gefið út tvær bækur með teikningum af húsum í miðbæ Reykjavíkur, „The Heart of Reykjavík" og „Kæri Laugavegur" sem sýnir öll húsin sem standa við þá góðu götu. „Svo fengum við þessa klikkuðu hugmynd, að stofna búð utan um bók, en vöruúrvalið hefur síðan aukist jafnt og þétt."

Í versluninni er hægt að kaupa veggspjöld, bolla, glasamottur, músarmottur, púðaver, segla, klukkur og bækur svo eitthvað sé nefnt. Myndir af Reykjavík prýða allar vörurnar sem Jóhann og Ragnhildur búa til á staðnum, bak við afgreiðslukassann. „Það er ekkert framleitt í mjög stóru upplagi. Við leikum okkur oft með nýjar hugmyndir. Til dæmis um daginn þá var svo mikil rigning að við ákváðum að búa til rigningarbolla," segir Jóhann og sýnir bolla með mynd af Reykjavík í rigningu. „Við gerðum bara nokkur eintök af honum. Við gerðum líka sumarbolla sem varð talsvert vinsæll og seldist upp og menningarnæturbolla með flugeldum, við eigum held ég tvo þannig bolla eftir."

### Bolli volgur úr prentaranum

Jóhann segir að Íslendingar tengi sérstaklega við myndirnar í búðinni. „Ferðamennirnir þekkja helst Hallgrímskirkju en þekkja ekki hin húsin. En Íslendingar koma hér inn og sjá kannski húsið sem þeir ólust upp í. Þeim finnst það mjög skemmtilegt," segir hann og bætir við að einu sinni hafi kona komið inn í búðina og bent á hús á einu veggspjaldinu þar. „Hún spurði hvort við ættum bolla með bara þessu húsi. Ég sagði henni að koma eftir svona tvo tíma, þá gætum við átt hann til." Jóhann fann svo upprunalegu myndina af húsinu og prentaði á bolla fyrir konuna. „Mér líður stundum eins og bakara þegar ég er að selja vörur svona heitar úr prentaranum," segir Jóhann og hlær.



**Ragnhildur Jóhanns og Jóhann Ludwig Torfason búa vörurnar til á staðnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ragnhildur bætir við að vörurnar þeirra séu mjög hentug gjafavara til dæmis til að gefa Íslendingum sem búa erlendis. „Þeir tengja ekkert við alla þessa lunda sem eru í ferðamannabúðunum. Íslendingar hafa ekkert allir séð lunda. En þeir hafa voða gaman af miðbæjarkisunum sem mætti alveg kalla okkar lunda." Hinir frægu miðbæjarkettir Baktus, Púki og Ófelía prýða veggspjöld og púðaver og fleiri vörur í versluninni þar sem þeir kíkja yfir húsþökin í miðbænum. „Við elskum ketti," segir Jóhann. „Þessir kettir eru reglulegir gestir hér í kring og þannig fengum við þá hugmynd að hafa þá á myndunum."

Jóhann og Ragnhildur eru mjög ánægð með viðtökur sem verslunin hefur fengið og veruna í miðbænum. „Hér er svo mikið úrval af veitingastöðum og verslunum og mikið líf. Við vonum bara að sem flestir leggi leið sína hingað niður í bæ og kíki í búðina til okkar. Svo erum við með vefverslun fyrir þá sem eiga ekki heimangengt: hjartareykjavikur.is," segja þau að lokum.

> Hún spurði hvort við ættum bolla með bara þessu húsi. Ég sagði henni að koma eftir tvo tíma þá gætum við átt hann til. Mér líður stundum eins og bakara þegar ég er að selja vörur heitar úr prentaranum.
>
> **Jóhann Ludwig Torfason**



**Rigningarbollinn var búinn til á rigningardegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR




## Dömudagar

Dagana 19-22.sept

**20-50% afsláttur** af völdum vörum

**20% afsláttur** af ÖLLUM buxum!

B.

BRANDTEX

## Góðgerðardagur Kringlunnar

**Við gefum 5% af veltu dagsins í dag til góðgerðarmála** í samstarfi við Kringluna!

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX JENSEN

# Demi Moore opnar sig

Demi Moore, 56 ára, opnar sig í viðtali við nýtt Harper's Bazaar en hún er nakin á forsíðunni.

Demi Moore er glæsileg á októberforsíðu Harper's Bazaar og ber aldurinn vel. Það eina sem hún klæðist er barðastór bleikur hattur. Að auki er hún með demantsarmband. Á Instagram-reikningi sínum segir Demi sjálf svo frá: „Sýni allt í októberútgáfu Harper's Bazaar.

Í viðtalinu ræðir hún um nýja sjálfsævisögu, Inside Out, sem er væntanleg í bókabúðir 24. september en í henni segir hún sögu sína sem eflaust á eftir að koma einhverjum á óvart. Mörg sár augnablik eru rifjuð upp í bókinni. Meðal annars rifjar hún upp fósturmissi þegar hún var komin sex mánuði á leið. Þá var hún gift leikaranum Ashton Kutcher. Barnið var stúlka og þau höfðu þegar ákveðið nafn á hana.

Demi var 42 ára þegar hún játaðist Ashton Kutcher árið 2005. Hann var þá 27 ára og hjónabandið vakti mikla athygli enda talsverður aldursmunur. Þau skildu árið 2013. Demi viðurkennir í viðtalinu að hún hafi átt slæm tímabil í lífinu þar sem hún misnotaði áfengi. Hún segist oft hafa mætt mótlæti í lífinu en lítur samt ekki á sig sem eitthvert fórnarlamb. „Allt sem gerist í lífinu mótar okkur sem manneskjur,“ segir hún í viðtali við blaðið.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Demi fækkar fötum í myndatöku. Fræg mynd var tekin af henni nakinni fyrir Vanity Fair árið 1991. Þá var hún kasólétt og myndin vakti svo mikla athygli að hún er enn notuð sem dæmi um frábæra myndatöku. Það var ljósmyndarinn Annie Leibovitz sem tók þá mynd en hún hefur náð heimsfrægð fyrir þá mynd og fleiri.



Ashton Kutcher og Demi Moore á meðan allt lék í lyndi. Hjónaband þeirra vakti mikla athygli.




Októberblað Harper's Bazaar.










# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 228.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

i-mop revolutionary cleaning

PATENTED

Gólfþvottavél sem auðveldar þrif og sparar tíma.

Pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

### Húsnæði til sölu



**5.500.000.**
Nýtt 50 ferm. stöðuhýsi 2 svefnh. 2 baðherb..Fullbúið.tilbúið til flutnings. verð nú 5,5 millj. plús vsk. uppl. 820-5181

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773-3376.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir vinnu sem fyrst, vanur fiskvinnslu, einnig matvælaverksmiðja. Uppl. 618-2027 Öddi.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is



**Nissan Micra**
Nýskráður 8/2012, ekinn 88 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr. 690.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði.



**Mercedes-Benz B 180 CDi**
Nýskráður 6/2007, ekinn 116 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.290.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Civic Prestige**
Nýskráður 3/2018, ekinn 12 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr. 3.290.000**
Afborgun kr. 41.419 á mánuði.*



**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 11/2014, ekinn 51 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.390.000**
Afborgun kr. 42.673 á mánuði.*



**Honda CR-V Lifestyle**
Nýskráður 5/2015, ekinn 63 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**
Afborgun kr. 40.165 á mánuði.*

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## SMURSTÖÐ / YFIRMAÐUR

Óskum eftir að ráða yfirmann til starfa á lítilli smurstöð í Reykjavík. Smurstöðin er gamalgróin og með mikla viðskiptavild.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ríka þjónustulund.

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsóknir berist til starfstrax@gmail.com








**233,4 fm einbýlishús á þremur hæðum og bílskúr við Sólvallagötu 63**

- Fimm svefnherbergi
- Þrjú baðherbergi
- Yfirbyggðar svalir
- Aukaíbúð
- Vinsæl staðsetning í miðbænum

Verð: **142 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is sími: 775 1515

**MIKLABORG** 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar




**job**
Finnum draumastarfið **saman**



# Erum við að leita **að þér?**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

EYJALIND

## Gúmmíbelti

- Fyrir smágröfur





Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**job**
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bildshöfða 16, Rvk.

PREKTÆKI

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Stöðvum 5G



**Sölvi Jónsson**
félagsliði og tónlistarmaður

Almenningur hefur nú þegar aðgang að mjög hraðvirku alneti og hefur ekkert við meiri gagnahraða að gera. 5G mun taka frá okkur störfin, auka eftirlit með okkur og það sem er verst, skaða heilsu okkar. 5G er tæknimartröð framtíðarinnar.

5G er forsendan fyrir sjálfkeyrandi bílum. Bílarnir fá þær upplýsingar sem þeir þurfa um umhverfi sitt nógu hratt til að forðast árekstra. Með 5G biðja tækin um gögn og fá þau í sömu andrá. Við þekkjum snjallsíma og snjallsjónvörp en eigum eftir að fá snjallheimili, snjallverksmiðjur, snjallspítala og já snjallborgir. Róbótar munu taka við störfunum okkar í snjallverksmiðjum og vélmenni framtíðarinnar eiga að geta framkvæmt flóknar skurðaðgerðir inni á snjallspítölum. Maður spyr sig, ef fólk á meira og minna að sitja heima í framtíðinni og þiggja ölmusu frá stjórnvöldum, hver á þá að kaupa vörurnar sem róbótarnir framleiða? Hér áður voru tækniframfarirnar til að auka afkastagetuna og létta manninum störfin. Lyftari þurfti mann til að keyra hann en nú er framtíðin semsagt sjálfkeyrandi lyftari.

Á síðasta ári kvittaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fyrir því að Ísland skyldi verða hluti af best tengda 5G-svæði heims og nokkur tilraunaverkefni eru komin á laggirnar. Við Ráðhúsið og Höfðatorg eru t.d. snjöll hjólastæði sem hægt er að læsa með korti eða appi. Ef einhver reynir að stela hjóli gefur hjólastæðið frá sér viðvörunarhljóð og smellir mynd af viðkomandi. Viljum við að tortryggnin gagnvart náunganum verði svo mikil í framtíðinni að hér verði allt stútfullt af myndavélum og minnstu smáglæpir upplýstir með þeim? Á snjallheimilum framtíðarinnar verður hægt að fylgjast með raforkunotkun hvers einasta heimilistækis og hvenær þau eru í notkun með snjallrafmagnsmælum. Kannski ágætt að það myndi fljótt uppgötvast ef einhver væri að reyna að rækta kannabis á heimili sínu?

Helsta áhyggjuefnið er hins vegar að við verðum stöðugt útsett fyrir rafgeislun sem verður tífalt til hundraðfalt meiri en þekkist í dag. 5G starfar á mun hærri tíðni en gamla tæknin og bylgjurnar ná skemur og eiga erfiðara með að komast í gegnum fast efni. Þetta þýðir að setja þarf sendi á sennilega annan hvern ljósastaur og upp á mörg húsþök og eitthvað á það nú eftir að kosta. Ætlar svo Vodafone að vera með einn sendi, Síminn annan og Nova síðan enn einn sendinn einsog þekkist í gamla kerfinu?

Á netinu er að finna bréf 231 vísindamanna og lækna frá 36 löndum frá árinu 2017 til Evrópusambandsins: „Vísindamenn vara við hugsanlegum alvarlegum heilsufarsskaða af völdum 5G“ (Scientists warn of potential serious health effects of 5G). Vísindamennirnir skora á Evrópusambandið að fresta uppsetningu á 5G uns afleiðingar þess á mannfólk og umhverfi hafi að fullu verið rannsakaðar af vísindamönnum óháðum hagsmunaöflunum. Vísindamennirnir fullyrða að fjöldi rannsókna hafi með sannfærandi hætti staðfest skaðsemi þráðlausrar tækni. Þeir vitna til dæmis í stærstu rannsóknina sem gerð hefur verið (kostaði 25 milljónir dollara), niðurstöður hennar var að geislun undir öryggismörkum olli tölfræðilega marktækri aukningu á heila og hjartakrabbameini hjá tilraunadýrunum. Þeir vitna í varnaðarorð frá árinu 2016 (EUROPA EM-EMF Guideline 2016) þar sem segir: „Það eru sterkar sannanir fyrir því að langtíma rafgeislun getur valdið sjúkdómum eins og krabbameini, alzheimer og ófrjósemi ... Algeng einkenni hjá fólki sem er mjög næmt fyrir rafgeislun er höfuðverkur, einbeitingarerfiðleikar, svefnörðugleikar, þunglyndi, orkuskortur, síþreyta og flensulík einkenni.“

Á netinu er að finna undirskriftasöfnun gegn 5G sem vert er að kynna sér. Undirskriftirnar eru komnar yfir 100 þúsund: „International appeal: Stop 5G on earth and in space“.

Ætlum við virkilega að fara íslensku leiðina í þessu? Vinna eitthvert kapphlaup, henda upp 5G og taka síðan afleiðingunum af því sem verða sennilega mjög alvarlegar.

**Viljum við að tortryggnin gagnvart náunganum verði svo mikil í framtíðinni að hér verði allt stútfullt af myndavélum og minnstu smáglæpir upplýstir með þeim?**

# Ólöglegir vextir og óraunhæfar væntingar



**Már Wolfgang Mixa**
fjármálafræðingur

Tveir stærstu lífeyrissjóðir landsins ákváðu í sumar að hætta notkun á áður auglýstum viðmiðum verðtryggðra íbúðalána með breytilegum vöxtum. Mikið var deilt um þá ákvörðun, meðal annars vegna þess að nýlegir kjarasamningar áttu að stuðla að lækkun vaxta. Eitt hefur ekki farið hátt í þeirri umræðu en það er að í 34. grein laga um fasteignalán til neytenda kemur fram að lánveitendur megi einungis miða breytilega vexti við skýr viðmið, sem í tilfelli ofangreindra lána voru markaðsvextir íbúðabréfa. Lífeyrissjóðirnir hafa í fjöldamörg ár auglýst þau viðmið á heimasíðu sinni en hafa nú breytt þeim með lakari vaxtakjörum til þeirra sem tóku þá áhættu að vaxtastig gæti allt eins hækkað eins og lækkað. Því er þessi viðsnúningur sjóðanna að mínu mati ólöglegur. Ég bíð eftir að Neytendastofa bregðist við þessu.

Ein þeirra raka sem fram komu af hálfu lífeyrissjóðanna voru að vaxtastig væri orðið svo lágt að það væri ekki í þágu sjóðanna að lækka vaxtakjör enn frekar. Það eru undarleg rök þar sem þeir stýra sjálfir að stórum hluta vaxtastiginu í landinu, sem vextir ofangreindra húsnæðislána miðast við. Þetta ætti þó ekki að hafa komið lífeyrissjóðunum alveg á óvart. Ég og dr. Ólafur Margeirsson vöruðum ítrekað við í upphafi þessa áratugar að þær forsendur að raunávöxtun framtíðarinnar yrði 3,5% árlega væru ekki lengur fyrir hendi, meðal annars á síðum Fréttablaðsins. Í einni slíkri grein skrifaði ég: Hægt er að horfast í augu við þær staðreyndir að í óbreyttu ástandi eru framtíðarvæntingar óraunhæfar. Slíkt kallar á endurmat lífeyrissparnaðar. Slíkt endurmat ætti þó ekki að knýja lífeyrissjóði til þess að brjóta lög í garð lántaka þeirra. Það að þeir grípi til slíkra ráðstafana hlýtur hins vegar að vera aðvörun um að sú prósenta sem í dag er lögð í lífeyri sé síst of há.

**Því er þessi viðsnúningur sjóðanna að mínu mati ólöglegur. Ég bíð eftir að Neytendastofa bregðist við þessu.**





## Fossháls 1

**Til leigu** um 600 m² húsnæði á jarðhæð við Fossháls 1 í Reykjavík. Laust skv. nánara samkomulagi.

**Nánari lýsing:** Húsnæðið er innréttað sem verslunarhúsnæði og skiptist í stóran sal, bás fyrir sölumenn, fundarherbergi, skrifstofa og eldhús. Inngangur af bílastæði og er rafdrifin inngönguhurð á hlið sem snýr að bílastæði. Góð aðkoma er á eigninni, en hún stendur við gatnamót Hálsabrautar og Fossháls.

## Lyngháls 2

**Til leigu** um 1400 m² húsnæði á jarðhæð við Lyngháls 2 í Reykjavík. Laust skv. nánara samkomulagi.

**Nánari lýsing:** Húsnæðið skiptist í stórt opið rými, lager, skrifstofu og starfsmannaaðstöðu. Lofthæðin er um 4,6 m til 5,2 m. Í opna rýminu er niðurtekið gólf að hluta og góðar innkeyrsludyr sem snúa að Lynghálsi.
Aðkoma að húsnæðinu er góð frá gatnamótum Hálsabrautar og Lyngháls. Mjög auðvelt er að breyta húsnæðinu í verslunarhúsnæði með góðum sýningarsal. Málning var áður með starfsemi í þessum hluta hússins.

J Á S
FASTEIGNIR

**Frekari upplýsingar veita**
**Sverrir Pálmason,** löggiltur fasteignasali og lögmaður, í s: 867-1001 (sverrir@jas.is)
og **Arnar Sölvason** í s: 896-3601.







## Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

## En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!

FRETTABLADID.IS



Sauðkrækingurinn Rúnar Már Sigurjónsson hefur byrjað dvöl sína hjá Astana vel og skorað sjö mörk í sextán leikjum eftir vistaskiptin frá Sviss til Kasakstan. MYND/TWITTER-SÍÐA ASTANA

# Mun fá gæsahúð á Old Trafford

**Sigurjón M. Alexandersson getur ekki beðið eftir því að klukkan slái 19.00 í kvöld. Þá leikur sonur hans Rúnar Már Sigurjónsson með liði sínu Astana gegn Manchester United en þeir feðgar og flestir í stórfjölskyldunni eru gallharðir stuðningsmenn Man. Utd.**

**FÓTBOLTI** Rúnar Már Sigurjónsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, fær æskudraum sinn uppfylltan í kvöld þegar lið hans, Astana, sækir Manchester United heim í fyrstu umferð riðlakeppninnar í Evrópudeildinni. Rúnar Már hefur verið harður stuðningsmaður Manchester United frá æsku og bæði faðir hans og móðir styðja sama lið. Þá eru allflestir í frændgarðinum í báðar ættir á bandi Manchester United. Systir Rúnars Más syndir reyndar á móti straumnum og heldur með Liverpool.

Sigurjón Margeir Alexandersson, faðir Rúnars Más, segir að ekki hafi annað komið til greina þegar það lá ljóst fyrir að Rúnar Már myndi spila á Old Trafford en að fjölskyldan fjölmennti á leikinn. Sigurjón Margeir hefur fylgst vel með framgangi knattspyrnuferils Rúnars Más og hann segir það draumi líkast að hugsa til þess að Rúnar Már sé að fara að etja kappi við Manchester United.

„Það er algerlega geggjað að Rúnar Már sé að fara að spila við Manchester United. Tilfinningin var frábær þegar ég sá að Astana væri með Manchester United í riðli og það lá fyrir að draumur Rúnars Más frá æsku myndi rætast. Hann var gjörsamlega heltekinn af Manchester United þegar hann var pjakkur. Herbergið hans var málað í litum Manchester United og veggirnir þaktir af myndum af leikmönnum liðsins. Við förum nokkrum sinnum á leiki á Old Trafford þegar Rúnar Már var gutti og það er hálf súrrealískt að hann sé að fara að rölta inn á völlinn og spila þar við Manchester United,“ segir Sigurjón Margeir í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta verður kvöld sem ég mun aldrei gleyma og ég get ekki beðið eftir því að leikurinn byrji. Sama hvernig leikurinn fer mun ég njóta kvöldsins og þetta verður stór stund fyrir okkur öll. Það er gaman að við séum svona mörg saman komin til þess að samgleðjast Rúnari Má á einum af hápunktunum á knattspyrnuferli hans,“ segir hann um leikinn sem fram undan er.

> **Sama hvernig leikurinn fer mun ég njóta kvöldsins. Það er gaman að við séum svona mörg saman komin til þess að samgleðjast Rúnari Má á einum af hápunktunum á knattspyrnuferli hans.**
>
> Sigurjón Margeir Alexandersson, faðir Rúnars Más

### Leikir hjá Rúnari Má eina gilda ástæðan fyrir fjarveru úr vinnu

„Við erum hér tæplega 20 saman í þessari ferð úr fjölskyldu Rúnars Más bæði úr föður- og móðurfjölskyldu hans og Íslendingahópurinn sem verður á vellinum og ég veit af telur hátt í 50 manns. Ég ætla að gera undantekningu í þessum leik og halda með Astana. Mig langar að syni mínum gangi vel í þessum leik og Astana fari áfram með Manchester United upp úr riðlinum. Ég mun klárlega fá mikla gæsahúð þegar ég sé Rúnar Má spila í leikhúsi draumanna. Það er eitthvað sem ég átti ekki von á að myndi gerast þegar hann var að vaxa úr grasi í Skagafirðinum,“ segir faðirinn stoltur.

„Ég hef ávallt reynt að fylgjast vel með því sem Rúnar Már er að gera. Það var til að mynda í eina skiptið sem ég tók mér frí frá vinnu þegar Rúnar Már var að fara að spila með Val. Þá mætti ég klukkutíma fyrir leik og studdi vel við bakið á honum úr stúkunni. Það er frábært að sjá hvað hann hefur náð langt á ferli sínum og afar gaman að sjá hvað honum gengur vel í Kasakstan. Honum og fjölskyldu hans líður vel þar í landi og Rúnar Már hefur fundið gleðina aftur inni á knattspyrnuvellinum eftir erfiða tíma í Sviss,“ segir Sigurjón enn fremur hreykinn af syni sínum.

„Mér líst annars bara vel á það sem er í gangi hjá Manchester United þessa stundina. Liðið hikstaði aðeins í byrjun tímabilsins en hefur verið að spila betur í síðustu leikjum liðsins að mínu mati. Uppáhaldsleikmaður minn sem leikið hefur í búningi Manchester United er Diego Forlan. Það er minn maður og ég er með nafnið hans í tölvupóstfanginu mínu. Ég var að lesa að Paul Pogba verði ekki með í þessum leik en það hefði verið gaman að sjá Rúnar Má kljást við hann inni á miðsvæðinu,“ segir þessi gallharði Manchester United-maður.

Pogba og Rúnar Már lentu í snörpum orðaskiptum eftir harða tæklingu Rúnars Más á Kylian Mbappé í vináttulandsleik Íslands og Frakklands fyrir tæpu ári. Pogba var allt annað en sáttur við meðferðina sem Mbappé fékk frá Rúnari Má og lét nokkur vel valin orð falla.

hjorvaro@frettabladid.is


Rúnar Már gaf sér tíma að hitta fjölskyldu og vini á hóteli fyrir leik í Manchester-borg í gær.

### Astana sýndi fyrst áhuga árið 2017

Í samtali við vefsíðuna The Athletic í aðdraganda leiksins greindi Rúnar Már frá því að Astana hefði fyrst sýnt honum áhuga árið 2017. Tveimur árum síðar ákvað hann að stökkva á tækifærið að prófa eitthvað nýtt þegar samningur hans var búinn í Sviss og Grasshopper, félag hans, fallið niður um deild. Sauðkrækingurinn hefur áður leikið með PEC Zwolle í Hollandi, Sundsvall í Svíþjóð, Grasshopper og St. Gallen í Sviss á atvinnumannsferlinum.




**NIVEA MicellAIR** hreinsivatnið fjarlægir farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni.
Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónatan Ólafsson**
Lindasíðu 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 15. september. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 24. september kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Björns Rúnarssonar: Banki 0354-13-200686, kt. 141251-3259.

**Sigrún Halldórsdóttir**
**Rögnvaldur Jónatansson — Ásdís R. Jónsdóttir**
**Ólafía Jónatansdóttir — Haukur Konráðsson**
**Sigurdrif Jónatansdóttir — Björn J. Sighvatz**
**Brynjar Bragason — Anna Þ. Ingólfsdóttir**
**Kristján Hálfdánarson — Jóhanna S. Hansen**
**Rúnar Hálfdánarson — Inga Helga Björnsdóttir**
**Daði Hálfdánsson — Ráðhildur Stefánsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Marzilía Ingvarsdóttir**
Sólborgarhóli, Hörgárbyggð,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi, 13. september. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 30. september klukkan 13.30. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Ingvar Gunnar Óskarsson — Lena Cecilia Nyberg**
**Viglín Óskarsdóttir — Ólafur Haraldsson**
**Óskar Rafn Ólafsson**
**Baldur Örn Ólafsson**
**Heiðbjört Ingvarsdóttir**
**Valberg Ingvarsson**
**Borghildur Ingvarsdóttir — Gerhard Neppl**
**Kristbjörg Ingvarsdóttir**
**Katrín Ingvarsdóttir**
**Amalía Kruuse**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Dagbjört R. Bjarnadóttir**
Rauðalæk 21, Reykjavík,
frá Berserkseyri, Eyrarsveit,

lést 14. september.

**Linda Björk Pétursdóttir — Kristín Pétursdóttir**
**Ásta Bjarney Pétursdóttir — Nicolai Jónasson**
**Yngvi Pétursson — Marta Konráðsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**



✝

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við fráfall okkar ástkæra

**Arnar Helgasonar**
prófessors emeritus.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Líknardeilar LSH og hjúkrunarfræðinga Heru fyrir alúðlega umönnun.

**Bjarney Kristjánsdóttir**
**Ívar Örn Arnarson — Guðný Ævarsdóttir**
**Hörður Hinrik Arnarson — Emelía Victorsdóttir**
**Lúðvík Arnarson — Nína Hrönn Sigurðardóttir**



Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR
540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is



Hér eru Derek Mundell og Ninný í myndrænu umhverfi. Ninný er ein Íslendinga að sýna í Greve. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýnir vatnslitaverk með nýrri áferð í Danmörku

**Listakonan Jónína Magnúsdóttir, betur þekkt sem Ninný, er nú stödd í Danaveldi meðal útvalinna vatnslitamálara sem boðið var að sýna myndir á afmælissýningu listafélagsins Køge Bugt. Þar nýtur hún þess að mála utan dyra í góðviðrinu.**

Mér finnst það mikill heiður að vera valin til að taka þátt í sýningu listafélagsins Køge Bugt. Það er að halda upp á fimmtíu ára afmæli og opnar vatnslitasýningu í tilefni af því núna á laugardaginn, 21. september,“ segir Jónína Magnúsdóttir myndlistarkona kampakát.

Jónína er vel þekkt undir listamannsnafninu Ninný. Hún starfaði í Norræna vatnslitafélaginu tæp sex ár og rekur heiðurinn sem listafélagið Køge Bugt sýnir henni til þess. „Þetta var formlegt boð og ég þurfti að skrifa undir samning.“

Hún segir alla listamennina sem hún sýnir með vera þekkta innan myndlistarinnar. Nokkra þeirra þekki hún persónulega fyrir. „Flestir eru frá Norðurlöndunum og Danir eru fjölmennasta þjóðin en einn er frá Spáni, annar frá Belgíu og ég er ein frá Íslandi.“

Sýningin verður í Portalens Galleri í Greve sem er í nágrenni Kaupmannahafnar. „Mikið væri nú gaman að hitta einhverja Íslendinga á opnuninni,“ segir Ninný glaðlega. Hún kveðst hafa farið með tíu myndir frá Íslandi til að hengja þar upp. „Ég hef verið að vinna vatnslitaverk á nýjan pappír sem heitir yupo og er ólíkur hefðbundnum vatnslitapappír. Ég er nokkuð viss um að norrænu þjóðirnar hafa ekki séð mikið af verkum sem unnin eru á þennan hátt og hlakka til að sýna þau.“

Ninný kveðst panta yupo-pappírinn frá Bandaríkjunum. „Það er allt öðruvísi að vinna á hann en hefðbundinn vatnslitapappír sem drekkur svo mikið í sig. Þessi er svolítið húðaður þannig að litirnir koma allt öðru vísi út og áferðin verður önnur.“

Þessa dagana, áður en sýningin verður opnuð, tekur Ninný þátt í því sem kallast Fri Akedmi. „Þar erum við fjórtán listamenn að vinna með vatnsliti í góðu yfirlæti í fjóra daga. Það er fínasta veður og við getum unnið úti af og til, það er langskemmtilegast.“



Ein af nýju myndunum sem Ninný málaði á ameríska yupo-pappírinn.

**Mikið væri nú gaman að hitta einhverja Íslendinga á opnuninni.**

Hún segir vatnslitamálun að aukast á Íslandi. Ekki sé þó jafn sterk hefð fyrir henni og á hinum Norðurlöndunum. „En það er þó búið að stofna Vatnslitafélag Íslands.“

Þegar Ninný kemur heim kveðst hún fara beint í að leggja lokahönd á undirbúning listamessu á Korpúlfsstöðum, sem haldin verði fyrstu helgina í október á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna. Það verður annað árið í röð sem hún er á dagskrá. Þar ætlar Ninný að sýna hálf-abstrakt olíumálverk. „Þau eru unnin á allt annan hátt en vatnslitamyndirnar,“ segir hún og bætir við: „Það hentar mér vel að hafa fjölbreytni í vinnunni og ná tökum bæði á vatnslitum og olíu.“

**gun@frettabladid.is**

ALLIR SEM VERSLA
**FÁ BÓK AÐ GJÖF!**

# Rýmingarsala bókaútgefenda í
# **Holtagörðum**

Allt að **90%** afsláttur

Bækur frá **99 kr.**




## **Opnunartími 10-18** alla daga vikunnar




Saumað, skref fyrir skref
**Verð: 990 kr.**




Vísindabók Villa
**Verð: 990 kr.**




Partísett prinsessunnar
**Verð: 1.499 kr.**




25 gönguleiðir á Hvalfjarðarsvæðinu
**Verð: 1.990 kr.**




Nigella
**Verð: 490 kr.**




Nýja tilvitnanabókin
**Verð: 1.490 kr.**




Stærsta og sniðugasta myndaorðabók í heimi
**Verð: 490 kr.**




Týnda hafið litabók
**Verð: 490 kr.**




Lífið í lit
**Verð: 1.999 kr.**




Hvernig gleðja á pabba
**Verð: 799 kr.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 8 |
| Ísafjörður | 5 | 2 |
| Akureyri | 12 | 2 |
| Egilsstaðir | 13 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 4 |
| Hveravellir | 7 | 12 |

Sunnan 8-13 í dag með súld eða rigningu og hita 8 til 13 stig, en úrkomulítið austanlands og heldur hlýrra.

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 2 |
| Ísafjörður | 5 | 5 |
| Akureyri | 13 | 2 |
| Egilsstaðir | 14 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 2 |
| Hveravellir | 7 | 7 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 7 |
| Ísafjörður | 10 | 3 |
| Akureyri | 13 | 1 |
| Egilsstaðir | 13 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 5 |
| Hveravellir | 9 | 11 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | 1 | | |
| 9 | | 5 | | 8 | | | | |
| | 7 | | 6 | 5 | | 4 | | |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | 4 |
| | | 2 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | | 6 | | 4 | |
| | 2 | | | | | | 9 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 skarð
5 gætir
6 víst!
8 tileinkar
10 kvik
11 mjög
12 leynd
13 urt
15 granaldin
17 endaveggur

**LÓÐRÉTT**
1 tendra
2 farvegur
3 önug
4 afrétt
7 ráðning
9 lystisemda
12 botnfall
14 þar til
16 undan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 kleif, 5 ver, 6 jú, 8 eignar, 10 ið, 11 all, 12 hula, 13 jurt, 15 ananas, 17 stafn.
**LÓÐRÉTT:** 1 kveikja, 2 leið, 3 erg, 4 fjall, 7 úrlausn, 9 nautna, 12 hrat, 14 uns, 16 af.

## Skák Gunnar Björnsson

Gusseinov átt leik gegn Jegin í Taschkent árið 1985.

Svartur á leik



**1...Rg4+! 2. hxg4 hxg4 3. f3 Bxd4 4. fxg4 Rc3 0-1.**
Fimmta umferð Haustmóts TR fór fram í gær. Þá mættust Hjörvar Steinn Grétarsson og Guðmundur Kjartansson en þeir voru efstir og jafnir með fullt hús. Sextán skákmenn eru nú eftir á Heimsbikarmótinu í Khanty-Mansiysk.

**www.skak.is:** Haustmót TR

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




# PRÓFAÐU FRAMANDI MATARGERÐ MEÐ VÖRUM

## FRÁ INSPRING FOOD

FÆST EINGÖNGU Í SUPER1



**SUPER1**
HALLVEIGARSTÍG 1



**SUPER1**
SMIÐJUVEGI 2



**OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA**

# Yfireftirspurn eftir vetnisbíl Hyundai

Margföld eftirspurn er eftir Hyundai Nexo vetnisbílnum og hefur Hyundai gert ráðstafanir til að margfalda framleiðslu hans.

Hyundai hefur engan veginn undan eftirspurninni eftir vetnisbílnum Hyundai Nexo, en Hyundai hafði áætlað 1.500 bíla sölu hans á árinu en bara í heimalandinu S-Kóreu hafa nú þegar borist 5.500 pantanir í bílinn og því hefur ekki verið hægt að sinna eftirspurninni í Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem hún er einnig mikil.

Hyundai er hins vegar að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að auka framleiðslu á bílnum og hefur gert ráðstafanir til framleiðslu á 40.000 bílum á ári. Sú tala er á pari við þá framleiðslu Toyota á vetnisbílum, en þessi tvö bílafyrirtæki hafa verið í fararbroddi í framleiðslu vetnisbíla. Þessar framleiðslutölur eru samt í raun dropi í hafið þegar framleiðslumarkaður bíla í heiminum öllum er hafður í huga.

### Stærðarhagkvæmni ekki náð

Hyundai telur að þegar vetnisbílamarkaðurinn verður kominn yfir 200.000 bíla á ári sé kominn grundvöllur fyrir stærðarhagkvæmni í framleiðslu vetnisbíla þannig að þeir séu samkeppnishæfir í verði við rafmagnsbíla. Þannig er það ekki nú og eru vetnisbílar ennþá nokkru dýrari. Það mun gerast á innan við 5 árum að mati Hyundai.

Hyundai er einnig að vinna að þróun vetnisbíla sem atvinnubíla. Slíkir bílar yrðu hugsaðir með 5-10 sinnum meiri endingu en hefðbundnir atvinnubílar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og ætti því að endast til 1.000.000 kílómetra aksturs. Hyundai stefnir að framleiðslu slíkra bíla sem gætu ekið 500.000 km á næstu 2-3 árum með sýn á tvöföldun þess innan tíðar. Þessi þróun á ekki endilega að þýða dýrari bílar, heldur er lausnin falin í betri tækni.




Hyundai gerir allt sem í sínu valdi stendur til að auka framleiðslu á bílnum.



Kia Stinger hefur fengið einróma lof bílagagnrýnenda.

## Dræm sala á rafvæddum Stinger kemur á óvart

Kia var ljóst að bíll af þessari gerð yrði seint magnsölubíll, en hærri hugmyndir voru þó uppi um söluna, sérstaklega vestanhafs.

Framtíð hins gullfallega sportbíls Kia Stinger er í hættu vegna dræmrar sölu bílsins. Ekki er víst hvort næsta kynslóð muni sjá dagsljósið að sögn forsvarsmanna Kia. Þeim var ljóst fyrirfram að bíll af þessari gerð yrði seint magnsölubíll, en gerðu sér þó örlítið hærri hugmyndir um sölu hans og það sérstaklega í Bandaríkjunum. Bílkaupendur eru ekki vanir svo öflugum og dýrum bíl frá Kia og er þar kannski ástæðunnar að leita fyrir dræmri sölu. Í þessari gerð bíla er fólk vant að sjá merki einhvers lúxusbílaframleiðendanna á húddinu.

### Hefur fengið einróma lof

Kia Stinger hefur þó fengið einróma lof bílagagnrýnenda og þykir hann fagur að innan sem utan, góður akstursbíll og gríðaröflugur í sinni aflmestu gerð. Sala Stinger er um helmingur þess sem áætlað var bæði í Bandaríkjunum og Ástralíu. Salan í Bandaríkjunum hefur fallið á milli ára og er 9.435 á fyrstu 8 mánuðum ársins en var 11.624 á sama tíma í fyrra. Bílasölur hafa verið að bjóða Stinger á afsláttarkjörum vegna hárrar lagerstöðu, en það hefur ekki dugað til.

Raddir fróðra um framtíð Stinger hafa bent á að framhaldslíf hans gæti oltið á því að hann verði rafvæddur að hluta eða öllu leyti. Mikil eftirsjá yrði að Kia Stinger því þar fer fríður og einkar akstursæfur bíll. Framtíðin ein mun skýra framhaldslíf hans.

BÍLAR
www.frettabladid.is



Umsjón
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

## Nýr Golf GTE fær 201 eða 241 hestafl

Með áttundu kynslóð Golf hverfur e-Golf því hinn nýi rafmagnsbíll ID 3 leysir hann af hólmi.

Volkswagen vinnur nú að þróun næstu kynslóðar tengiltvinnbílsins Golf GTE. Kaupendur hans munu geta valið á milli tveggja aflgerða, það er 201 og 241 hestafla aflrása. Í viðtali við Frank Welsch, einn af stjórnarmönnum í Volkswagen, kom fram að núverandi Volkswagen GTI væri 241 hestafl og því ætti GTE einnig að skarta jafnmiklu afli. Sumir vilja þó áfram sama GTE og er í boði núna, svo fyrirtækið ætlar líka að bjóða hann áfram þannig. Útlitsmunur verður á þessum gerðum GTE og verður sá aflminni svo til eins og hefðbundinn Golf.



Áttunda kynslóð Golf-bílsins verður kynnt í næsta mánuði.

### e-Golf hverfur með 8. kynslóð

Í næstu kynslóð Golf hverfur e-Golf þar sem hinn nýi ID 3 leysir hann af hólmi. Áttunda kynslóð Golf-bílsins verður kynnt í næsta mánuði og þá með hið nýja lógó Volkswagen sem er látlausara að gerð og í tvíviðu formi, en ekki þrívíðu. Til stóð reyndar að kynna 8. kynslóð Golf á bílasýningunni í Frankfurt sem nú stendur yfir, en síðan var ákveðið að eftirláta rafmagnsbílnum ID 3 alfarið sviðið þar og kynna Golf örlítið síðar. Sala nýs Golf hefst snemma á næsta ári. Volkswagen Golf er ein lífseigasta og söluhæsta bílgerð allra tíma.

## 0% vextir á notuðum bílum hjá Benna

Vaxtakjör á Íslandi hafa lengi þótt vera óaðgengileg fyrir íslenska neytendur. Nú berast þær fréttir að Bílabúð Benna sé að hrista upp í markaðnum með því að kynna til sögunnar núll prósent vexti við fjármögnun á völdum notuðum bílum. Aðspurður segir Benedikt Eyjólfsson hjá Bílabúð Benna að þessi áfangi hafi átt sér nokkurn aðdraganda.

„Við leitum sífellt nýrra leiða til að geta veitt viðskiptavinum okkar betri kjör og erum stolt af því að geta nú boðið 0% vexti í samstarfi við Lykil fjármögnun,“ segir Benedikt. „Undir þessa skilmála fellur breitt úrval notaðra bíla hjá okkur af öllum stærðum og gerðum, bæði notaðir bílar af bílasölunni okkar á Krókhálsi sem og frá Bílaleigunni Sixt.“ Fram kemur að umræddir 0% vextir verði í boði hjá Bílabúð Benna – Notuðum bílum í takmarkaðan tíma.



Bílabúð Benna ætlar að kynna til sögunnar núll prósent vexti.

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

**6. október** kl. 20.00
**Eldborg** Hörpu

Nat King Cole 100 ára

# NAT & NATALIE



**SÖNGVARAR**
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson
Páll Rósinkranz
Unnsteinn Manuel Stefánsson

**STJÓRNANDI OG KYNNIR**
Sigurður Flosason

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Finna frelsi sitt innan fræða Rudolfs Steiner

**Sýningin Fullt af litlu fólki er innblásin af áhrifum frá austurríska mannspekingnum Rudolf Steiner (1861-1925). Hún verður opnuð í dag í Gerðarsafni í Kópavogi, á 100 ára afmæli Waldorfskólanna í heiminum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það hefur lengi verið draumur okkar að setja upp sýningu með töflunum hans Rudolfs Steiner, upphafsmanns antroposófíunnar og Waldorfstefnunnar," segir Guðrún Vera Hjartardóttir myndlistarmaður. „Hann gerði töflurnar til útskýringar á fyrirlestrum sínum um leið og hann flutti þá," útskýrir hún. Guðrún er ein þeirra sem standa að baki sýningunni Fullt af litlu fólki sem opnuð verður í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs, í kvöld klukkan 19 og var þar að störfum þegar Fréttablaðsfólk leit inn, ásamt hinum sýningarstjórunum, Sigrúnu Halldóru Gunnarsdóttur, Jóni B. K. Ransu og Jasper Bock. Flest eiga þau verk á sýningunni, auk þess raða þau öll upp list annarra.

Fjórar töflur Steiners eru komnar upp á veggi, þar má greina ýmis líkamleg form svo sem olnboga, hné, mjöðm og meltingarveg, eða brot úr þeim. Fyrirlestrar hans verða aðgengilegir líka. Meðal annars einn með heiti sem þýða má: Beinagrindin er sæti andans.

Titill sýningarinnar, Fullt af litlu fólki, er sóttur í skýringarmynd sem Steiner teiknaði á fyrirlestri árið 1922. „Sýningin byggir á hugmyndum Rudolfs Steiner fyrst og fremst, en hann lagði áherslu á frelsi einstaklingsins þannig að við erum ekki að elta einhvern gúrú, heldur finna frelsi okkar inni í hans fræðum og teygja okkur út fyrir þau líka," tekur Sigrún fram.

Guðrún er að vinna að gólfverkinu Draumahlið, með litlum svörtum höfðum, þar verður fullt af litlu fólki. „Við byrjuðum á að stúdera formin á töflum Steiners, athuga hvað kveikti í okkur, því við Sigrún erum báðar í Antroposofiska félaginu og höfum lengi velt fyrir okkur samhengi listar og anda," segir hún.

Sería gvassmynda eftir Hilmu af Klint (1862-1944) sýnir líka geometrísk form, listafólkið greinir þar spíritísk áhrif. „Hilma sendi þessi málverk til Rudolfs Steiner til að kynna honum list sína og andlega leit. Þar fundust þau í safni með ritverkum Steiners, Albert Steffen Stiftung, og nú er komin heilmikil traffík þangað til að skoða þau en við fengum þau lánuð," upplýsir Jón og heldur áfram: „Hilma er nýstirni í listinni, þó hún sé löngu látin. Guggenheimsafnið í New York setti upp sýningu með list hennar síðasta vetur og það er aðsóknarmesta sýning í sögu safnsins. Hún var að gera þessi abstrakt verk rétt upp úr aldamótunum 1900, áður en abstrakt bylgjan kom inn í listasöguna. Þá voru þau ekki sýnd, en hún var að sjálfsögðu frumkvöðull."

Skúlptúr eftir Gerði Helgadóttur, sem safnið heitir eftir, kallast á við verk Hilmu. Gerður var frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar hér á landi. Hún iðkaði líkams-og hugrækt og lagði stund á „heilaga dansa" sem byggja á geómetrísku kerfi – þannig að allt ber að sama brunni.

Á sama vegg og verk Hilmu prýða – en í hæfilegri fjarlægð – eru tvær krítartöflur eftir hinn þýska Joseph Beuys (1921-1986). Þær eru sláandi einfaldar en birta þó grunnstoðir formfræðinnar, beina línu og boga. Gegnt þeim í salnum er veggverk Elsu Dórótheu Gísladóttur sem tengist inn í lífræna ræktun og mun taka breytingum á sýningartímanum.

Yfir tuttugu þátttakendur verða í sýningunni, bæði íslenskir og erlendir. Þeir eiga það sameiginlegt að rannsaka hið óþekkta og sækja innblástur í andleg gildi. Útkoman birtist í myndlist, grafískri hönnun, dansi, tónlist og fræðum því viðamikil viðburðadagskrá verður í tengslum við sýninguna á næstu þremur mánuðum. „Þau framlög hafa heilmikið vægi, ekki síður en verkin sem eru sett hér upp," tekur Sigrún fram og nefnir fyrirlestra og vinnusmiðjur, pallborðsumræður og dans. Barnahornið breytist líka eftir því sem sýningunni vindur fram."

Þess má geta að málþing á vegum sýningarinnar verður haldið þar á laugardaginn klukkan 14 og á sunnudaginn klukkan 13 verður þátttökugjörningur sem nefnist Bara drekka te. Báðir viðburðirnir eru ókeypis.



Gólfverkið 206 bein leita nýs uppruna er eftir Guðrúnu Veru, myndlistarmann og sýningarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sýningarstjórarnir Jasper Bock, Sigrún Halldóra, Guðrún Vera og Jón B. K. Ransu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Listamenn og þátttakendur

Hilma af Klint
Gerður Helgadóttir
Rudolf Steiner
Joseph Beuys
Guðrún Vera Hjartardóttir
Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir
Elsa Dórótea Gísladóttir
Dawn Nilo
Martje Brandsma
Silvana Gabrielli
Sati Katerina Fitzova
Philipp Tok
Julius Rothlaender
Ruth Bellinkx
Erla Þórarinsdóttir
Palli Banine
Walter Kugler
Johannes Nilo
Edward de Boer
Jón B. K. Ransu
Jasper Bock




Ein af töflum Rudolfs Steiner, þær hafa aldrei verið sýndar fyrr á Íslandi.

> **Hilma er nýstirni í listinni, þó hún sé löngu látin.**
>
> Jón B. K. Ransu

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. SEPTEMBER 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Bókmenntaverðlaun veitt
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Veröld - hús Vigdísar
Breski rithöfundurinn Ian McEwan tekur við alþjóðlegum bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness. Katrín Jakobsdóttir, afhendir þau. Árni Óskarsson, þýðandi segir frá höfundinum og verkum hans og McEwan flytur erindi. Frítt inn og allir velkomnir. Bækur verða til sölu og möguleiki á áritun af hendi höfundar.

**Hvað?** Útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Svikaskáld fagna útkomu nýrrar ljóðabókar, Nú sker ég netin mín.

### Myndlist

**Hvað?** Listamannsspjall
**Hvenær?** 18.00 -19.00
**Hvar?** Gallerí Grótta, Eiðistorgi
Hulda Vilhjálmsdóttir tekur á móti gestum og býður upp á listamannaspjall um sýningu sína Víðátta / Wilderness. Allir velkomnir.

**Hvað?** Fullt af litlu fólki / I Lots of tiny people
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gerðarsafn Kópavogi
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar, opnar sýninguna formlega.

### Tónlist

**Hvað?** Þríeykið - tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholti, Grundarstíg
Sérsmíðuð tónlist og textar feðginanna Valgeirs og Vigdísar Völu sem leika og syngja ásamt bakhjarlinum og verkfræðingnum Magnúsi Oddssyni.

**Hvað?** Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Hafnarfirði
Útgáfu hljómplötunnar Paradox með frumsömdum djassópusum Andrésar Þórs verður fagnað. Andrés Þór á gítar, Agnar Már Magnússon á píanó ásamt Orlando Le Fleming á bassa og Colin Stranahan á trommur.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Hún – nýtt dansverk
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Deiglan, Listagilinu Akureyri
Höfundur dansverksins Hún, Ólöf Ósk Þorgeirsdóttir, sækir innblástur í álit samfélagsins á sjálfsöryggi ungra kvenna. Miðinn kostar 1.000 kr. og ekki posi á staðnum.

**Hvað?** Harry Potter spilaklúbbur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafn Spönginni
Klúbburinn er fyrir 13-18 ára. Engin skráning, kostar ekkert og verið hjartanlega velkomin!

**Hvað?** Kvikmyndaknæpugáta
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti 7
RIFF heldur viðburð þar sem uppistandararnir Hugleikur Dagsson og Jonathan Duffy sömdu dagskrána og flytja hana.

**Hvað?** Styrktarkvöldverður Jómfrúarinnar
**Hvenær?** 18.00 - 21.00
**Hvar?** Vagninn, Flateyri
Einn af hliðarviðburðum gamanmyndahátíðarinnar Iceland Comedy Film Festival á Flateyri, sem hófst í dag og stendur í fimm daga með fjölbreyttri dagskrá. Þar verða sýndar á fjórða tug mynda.

**Hvað?** Kvöldskemmtun Tvíhöfða
**Hvenær?** 21.00 - 23.00
**Hvar?** Samkomuhúsið Flateyri

**Hvað?** Gamanmyndagleði
**Hvenær?** 23.00 – 01.00
**Hvar?** Vagninn, Flateyri



Þríeykið Magnús, Vigdís Vala og Valgeir syngur og leikur í Hannesarholti í kvöld.






Mikið fjör var á Flateyri í fyrra og verður varla minna í ár.

# Bíógrínið byrjað á Flateyri

Iceland Comedy Film Festival hófst á Flateyri í gær. Dagskrá hátíðarinnar hefur aldrei verið eins vegleg og stendur hátíðin yfir í fimm daga.

Á hátíðinni í ár verða sýndar á fjórða tug íslenskra og erlenda gamanmynda. Hátíðin leggur áherslu á að sýna skemmtilegar og fyndnar kvikmyndir, bæði stuttar og í fullri lengd. Fyrir vikið hefur hátíðin vaxið mjög undanfarin ár og er orðin ein mest sótta kvikmyndahátíð landsins, enda fátt skemmtilegra en að hlæja saman yfir góðri gamanmynd.

**» Í ÁR VERÐUR EINNIG LÖGÐ MIKIL ÁHERSLA Á DAGSKRÁ FYRIR BÖRN.**

Heiðursgestur í ár er Edda Björgvinsdóttir og verður hún heiðruð á Flateyri fyrir framlag sitt til gamanmyndagerðar, með sérstakri hátíðarsýningu á Stellu í Orlofi.

Fyrir utan gamanmyndasýningar er dagskrá hliðarviðburða mjög fjölbreytt, þar má nefna yfirtöku Jómfrúarinnar á Vagninum, kvöldvöku Tvíhöfða, Laxaveislu Arctic Fish, setningu Lýðskóla Flateyrar, Flugeldasýningu, að ógleymdu fyrsta sveitaballi hljómsveitarinnar Á móti sól á Vagninum.

Í ár verður einnig lögð mikil áhersla á dagskrá fyrir börn, þökk sé Barnamenningarsjóði Íslands. Meðal annars mun Leiklistarskóli Borgarleikhússins bruna vestur og halda námskeið í persónusköpun fyrir börn auk þess sem Steypustöðin mun bjóða börnum upp á 10 ára afmælissýningu á Algjör Sveppi og leitin að Villa, þar sem Sveppi sjálfur mun mæta og sprella með krökkunum á undan sýningunni.


Arndís Hrönn og Siggi Sigurjóns dansa eins og tveir grimmir en lúmskir kettir kringum heitan mjólkurgraut.

# Góðir Framsóknarmenn!

KVIKMYNDIR

**Héraðið**

★★★★☆

**Leikstjórn:** Grímur Hákonarson
**Aðalhlutverk:** Arndís Hrönn Egilsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Hannes Óli Ágústsson

Grímur Hákonarson er einn áhugaverðasti kvikmyndaleikstjórinn sem sinnir list sinni af hugsjón á Íslandi. Hann hefur alltaf verið svolítið sér á parti og samkvæmur sjálfum sér í gegnum tíðina hefur hann mótað sín sterku höfundareinkenni.

Hann sló verðskuldað í gegn með Hrútum 2015 og heldur sig enn í sveitinni í Héraði en samt er rétt að halda vandlega til haga að þessi bráðsnjalla, litla sveitasaga er ekki Hrútar II. Því fer fjarri þótt hún fjalli öðrum þræði um hálfgerða hrúta sem manngerast í staðalmyndum af kaupfélagsbullum og Framsóknarmönnum sem skara grimmt eld að eigin köku í skálkaskjóli umgmennafélagsandans og samvinnuhugsjónarinnar.

Nokkuð er liðið síðan Héraðið var frumsýnt en seint birtast sumir bíódómar en birtast þó enda með öllu ótækt að Fréttablaðið láti sem ekkert sé þá sjaldan sem rammpólistísk, íslensk kvikmynd birtist á tjaldinu.

Inga er bóndi sem stendur höllum fæti með sitt stafræna kúabú þegar eiginmaður hennar, borinn og barnfæddur Framsóknarmaður í Erpsfirði, fellur skyndilega frá. Hún er varla búin að jarða ösku eiginmannsins þegar kaupfélagið fer að herða hálstak sitt á henni.

Hún er hins vegar laus við innræktaða Framsóknarþrælslundina og snýr vörn í sókn. Bóndakona fer í stríð ef svo má segja og velgir stórbokkum sveitarinnar heldur betur undir uggum á öllum vígstöðvum; Facebook og í mjólkurbúskapnum.

Arndís Hrönn Egilsdóttir er prímusmótorinn sem knýr þessa öskureiðu mjaltavél áfram og fer alveg á kostum í hlutverki Ingu. Dyggilega stutt úrvalsliði leikara í minni hlutverkum þar sem ekki verður hjá því komist að nefna sérstaklega Sigurð Sigurjónsson sem skilar býsna góðum skúrki í kaupfélagsstjóranum Eyjólfi.

Þá getur það varla verið helber tilviljun að í hlutverk helsta handrukkara og erindreka kaupfélagseinokunarinnar hafi valist Hannes Óli Ágústsson sem minnir skuggalega á persónu sem hann hefur slegið eign sinni á í skaupum síðustu ára. Bráðskemmtilegur að vanda.


Arndís Hrönn Egilsdóttir er alveg frábær í hlutverki Ingu sem lætur ekki kaupfélagið kúga sig.

Þótt þessi litla saga sé lyginni líkust í þessum efnum fer hún sorglega nærri kunnuglegum raunveruleikanum og er þannig helvíti hressileg hugvekja í öllum sínum einfaldleika.

Héraðið er snotur og einhvern veginn sérlega krúttleg baráttusaga þar sem saman fer örugg leikstjórn, sniðugt og á köflum drepfyndið handrit sem öflugur leikhópur afgreiðir í alíslensku sveitaumhverfi þar sem sérstaklega viðeigandi og skemmtileg tónlist Valgeirs Sigurðssonar svífur yfir túnum, stjórnar taktinum og fullkomnar heildarmyndina. **Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ósköp lítil og snotur saga úr sveitinni um baráttu sterkrar bóndakonu við ofurefli kaupfélagsveldisins. Þessi lúmskt fyndna tragikómedía úr alíslenskum raunveruleika springur út í dæmisögu sem á við alls staðar á öllum tímum.

# RIFF byrjar í næstu viku

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, hefst eftir slétta viku, fimmtudaginn 26. september, með frumsýningu á End of Sentence eftir Elvar Aðalsteins. Hátíðinni lýkur svo 6. október með frumsýningu á Parasite, eftir Bong Joon-ho, en sú mynd vann aðalverðlaunin í Cannes í vor.

RIFF er nú haldin í sextánda sinn og er dagskráin sérlega glæsileg af því tilefni. Myndirnar á hátíðinni eiga það flestar sammerkt að vera splunkunýjar, margar hverjar heimsfrumsýndar nýlega í Cannes, Feneyjum og Toronto, og endurspegla það besta sem alþjóðleg kvikmyndagerð hefur upp á að bjóða. Um er að ræða gæðamyndir af ýmsu tagi eftir virta leikstjóra og með heimsfrægum leikurum á borð við John Hawkes, Willem DaFoe, Tilda Swinton, Robert Pattison og Bill Murray.

Myndirnar fjalla um allt milli himins og jarðar, allt frá framhjáhaldi, fantaskap og földum gröfum til póetískrar myndar um bóndahjón að bregða búi á Krossnesi á Ströndum. RIFF er fjölbreytt, sólrík en jafnframt skuggaleg, og þar verður hægt að finna allt litróf mannlegra tilfinninga.

Meðal mynda sem sýndar verða eru The Lighthouse sem sló í gegn á Cannes-hátíðinni í vor, en þær þrjár myndir sem vöktu mesta athygli á þeirri hátíð verða allar sýndar á RIFF, hinar tvær voru Parasite og The Dead don't die eftir Jim Jarmusch.

Sérstök athygli verður veitt myndum frá Austurríki í ár. Myndir eins og Earth, sem fjallar ekki um loftslagsbreytingar heldur landslagsbreytingar af mannavöldum. Chaos eftir Söruh Fattahl sem er sýrlenskur flóttamaður í Vín og er orðin ein af efnilegustu leikstjórum Austurríkis. Nobadi eftir Karl Markovics sem var heimsfrumsýnd í Toronto í síðustu viku, Movements of a nearby mountain eftir Nahen Bergs, The Children of the Dead eftir Kelly Copper og Pavol Liska, Space Dogs eftir Elsu Kremser og Levin Peter að ógleymdri Little Joe eftir Jessicu Hausner, en hún vakti mikla athygli á Cannes-hátíðinni í vor og vann aðalleikkona myndarinnar, Emily Beecham, aðal leikaraverðlaunin á hátíðinni í vor. – þþ



Hann var vaskur og glaðbeittur, RIFF-hópurinn, sem kynnti herlegheitin sem framundan eru á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# nettó

# KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook síðu Nettó varðandi kynningar í verslunum á Heilsudögum.




# OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

## Fimmtudagur 19. september

*Tilboð dagsins*




**Vit Hit drykkur**
Immunitea, Lean&Green
159 KR/STK
ÁÐUR: 259 KR/STK




**Græn epli (kg)**

## Föstudagur 20. september

*Tilboð dagsins*




**Prótein pönnukaka**
Súkkulaði, karamella eða vanilla
179 KR/STK
ÁÐUR: 269 KR/STK




**Spergilkál (kg)**

## Laugardagur 21. september

*Tilboð dagsins*




**GoGo drykkur**
Flower, Tropic
99 KR/STK
ÁÐUR: 219 KR/STK




**Gullón Twins sykurlaust kex**
210 gr
159 KR/PK
ÁÐUR: 299 KR/PK




**Mangó (kg)**

## Sunnudagur 22. september

*Tilboð dagsins*




**Isola möndlumjólk m/kalki**
1 L
199 KR/STK
ÁÐUR: 399 KR/STK




**Túrmerikrót (50g)**



# ALLT Á HEILSUDÖGUM Í VEFVERSLUNINNI

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS

**Heilsudagar standa yfir dagana 12. – 22. september 2019**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss




**Hefst í kvöld**

kl. 20.05

Ný, íslensk þáttaröð um geðheilsu og greiningu á andlegri vanheilsu ungs fólks í umsjón Steineyjar Skúladóttur og Sigurlaugar Söru Gunnarsdóttur. Í fyrsta þætti er fjallað almennt um geðheilsu, sjálfsmynd, samfélagið, meðferðir og úrlausnir.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35** Kastljós
**12.50** Menningin
**12.55** Útsvar 2017-2018 Hveragerði - Ölfus
**14.20** Rómantísku meistararnir. Tónlistarbylting 19. aldar
**15.20** Popppunktur 2012 Stóriðja - náttúra
**16.20** Í garðinum með Gurrý Gurrý hugar að uppskerunni og því sem fylgir haustinu í garðinum. Sultun og súrsun eru m.a. gerð góð skil og eins sýnir Gurrý hvernig standa skal að frágangi jurta og plantna fyrir veturinn.
**16.50** Krónikan
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** NetgulliðTrio. Cybergullet
**18.25** Anna og vélmennin
**18.47** Hjá dýralækninum Norskir þættir þar sem fylgst er með dýralæknum að störfum. e.
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05** Heilabrot Almennt um geðheilsu Er hægt að hringja sig inn geðveikan í vinnu? Í þessari sex þátta röð fjalla Steiney og Sigurlaug Sara um geðheilsu og greiningu á andlegri vanheilsu ungs fólks, en líkt og fjórða til fimmta hver manneskja á Íslandi hafa þær báðar glímt við andlegar áskoranir. Í þessum þætti er fjallað almennt um geðheilsu, sjálfsmynd, samfélagið, meðferð og úrlausnir.
**20.35** Uppáhaldsréttir Nadiyu
**21.10** Vammlaus Önnur þáttaröð þessara bresku þátta um lögreglumenn sem starfa í versta hluta Manchester-borgar þar sem virðist vera ógjörningur að halda uppi lögum og reglu. Meðal leikenda eru: Joanna Scanlan, Elaine Cassidy og Will Mellor. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Spilaborg
**23.15** Poldark Fjórða þáttaröð þessara vinsælu bresku þátta. Nú þurfa Ross Poldark og eiginkona hans, Demelza, bæði að horfast í augu við gjörðir sínar og takast á við afleiðingar þeirra fyrir hjónabandið. Ross ákveður að hætta öllu sem honum er kært til þess að hefja feril sem stjórnmálamaður. Aðalhlutverk: Aidan Turner, Eleanor Tomlinson og íslenska leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir, eða Heida Reed. e.
**00.10** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**09.00** BMW PGA Championship Bein útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
**17.10** PGA Special. Tour Life Áhugaverður þáttur um lífið í PGA.
**17.35** Inside the PGA Tour Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.00** Sanderson Farms Championship Bein útsending frá Sanderson Farms Championship á PGA mótaröðinni.
**22.00** Golfing World
**22.50** Champions Tour Highlights
**23.45** Inside the PGA Tour

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Younger
**14.15** Will and Grace
**14.40** Our Cartoon President
**15.10** 90210
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Single Parents
**20.10** Ást
**21.35** The Passage
**22.25** In the Dark
**23.10** The Code
**23.55** The Tonight Show
**00.40** The Late Late Show
**01.25** NCIS
**02.10** Billions
**03.10** The Handmaid's Tale
**04.05** Kidding
**04.35** SMILF

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Ljóðabókin syngur IILjóð
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk - Fjallað um Sigríði Sigþórsdóttur arkitekt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp UngRÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld
**19.27** Sinfóníutónleikar
**20.15** Umfjöllun í hléi
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.00** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**13.10** Sundays at Tiffanys
**14.40** Fly Away Home
**16.25** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**18.40** Sundays at Tiffanys
**20.10** Fly Away Home
**22.00** Dragonheart. Battle for the Heartfire
**23.40** How To Be a Latin Lover
**01.35** Tale of Tales
**03.45** Dragonheart. Battle for the Heartfire

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.45** Gilmore Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Great News
**10.00** Grand Desings. House of the Year
**10.55** Dýraspítalinn
**11.35** Ísskápastríð
**12.10** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Scent of a Woman
**15.30** Destined to Ride
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Ellen
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Næturvaktin
**19.50** Fresh Off The Boat
**20.15** Masterchef USA
**21.00** Góðir landsmenn
**21.30** Mr. Mercedes
**22.25** Alex
**23.10** Warrior
**23.55** Real Time With Bill Maher
**00.55** Deep Water
**01.45** Beforeigners
**02.30** Cardinal
**03.10** Cardinal
**03.55** Manifest
**04.35** Manifest
**05.20** Friends

## STÖÐ 3

**19.10** Mom
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**21.00** Stelpurnar
**21.25** Underground
**22.20** Réttur
**23.05** Barry
**23.40** Famous In love
**00.25** American Dad
**00.50** Mom
**01.15** The Big Bang Theory
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Pepsi Max Mörk karla
**07.55** Atletico Madrid - Juventus Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**09.35** Shakhtar Donetsk - Manchester City Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**11.15** Bayern München - Rauða stjarnan Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**12.55** Olympiacos - Tottenham Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**14.35** PSG - Real Madrid Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**16.15** Meistaradeildarmörkin
**16.45** Dynamo Kiev - Malmö FF Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**18.50** Manchester United - FC Astana Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**21.30** UFC Fight Night. Cowboy vs. Gaethje Útsending frá UFC Fight Night þar sem Donald Cerrone og Justin Gaethje mætast í aðalbardaga kvöldsins.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**16.45** Eintracht Frankfurt - Arsenal Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**18.50** FK Partizan - AZ Alkmaar Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSUM KJARAKAUPUM!



weber

### Q1000 gasgrill

1 ryðfrír brennari, 2,5 kW/klst. Grillflötur 43 x 32 cm. Glerungshúðuð grind úr steypujárni og bakka til fitusöfnunar. Tilvalið til ferðalaga. Hægt að kaupa vagn aukalega.

**29.995.-**

~~34.995.-~~

## TILBOÐSSPRENGJA Á WEBER GRILLUM

weber

### Q2000 gasgrill

1 ryðfrír brennari, 3,5 kW/klst. Grillflötur 55 x 39 cm. Glerungshúðuð grind og plata úr steypujárni. Mjög hentug stærð til flutninga og því tilvalið til ferðalaga. Niðurfellanleg hliðarborð.



**39.995.-**

~~49.995.-~~

**Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 19. september til og með sunnudeginum 29. september.**

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# Vinina langaði að kýla hana

**Ingunn Mía Blöndal** birtist á skjánum 6. október í þáttunum Pabbahelgar. Hún hefur áður leikið í eigin útskriftarverkefni, mynd um ofbeldi í hinsegin samböndum. Persóna hennar í Pabbahelgum var svo sannfærandi að vinir hennar vildu kýla hana.



Ingunn var að vonum himinlifandi þegar henni var boðið hlutverk í Pabbahelgum og segir að þar með hafi draumur ræst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ingunn Mía Blöndal er uppalin í Breiðholtinu og segist alltaf hafa verið límd við skjáinn og lærði til dæmis ensku með því að horfa á The Simpsons. „Ég var alltaf gólandi og með útvarpsþætti heima á milli þess sem ég var í tónskólanum að læra á þverflautu.“ Ingunn nefnir sem dæmi um fyrirganginn á sínum yngri árum þegar hún, níu ára gömul, hljóp inn í félagsmiðstöðina í hverfinu: „Þar hoppaði ég upp á borð fyrir framan alla unglingana, dansaði Macarena, söng hástöfum og hljóp aftur út.“

Eins og heyra má stefndi hugurinn fljótt á einhvers konar sviðslistir en frumraun hennar í leiklist var í Kvikmyndaskóla Íslands þar sem hún lék í fyrsta verkefni vinkonu sinnar Lovísu Láru árið 2012. „Það var svo árið 2015 að mér og manninum mínum var boðið á leiksýningu nemenda á annarri önn í leiklist við skólann. Við sátum límd við sætin og ég sótti um skólavist um leið og ég kom heim!“

Ingunn hóf í framhaldi nám á leiklistarbraut þar sem hún naut meðal annars leiðsagnar Nönnu Kristínar Magnúsdóttur, leikstjóra og handritshöfundar þáttanna Pabbahelgar. „Námið var krefjandi og það skemmtilegasta sem ég hef tekið mér fyrir hendur.“

Ingunn útskrifaðist árið 2017 og var útskriftarverkefnið myndin Fyrirgefðu sem var skrifuð og leikstýrt af fyrrnefndri Lovísu Láru. „Það má í raun segja að ég hafi leitt hana inn í skólann og hún hafi leitt mig út úr honum.“

**Það eru fávitar alls staðar**

Fyrirgefðu fjallar um heimilisofbeldi í hinsegin samböndum og hefur myndin verið sýnd á hátíðum í fimm heimsálfum og fengið góð viðbrögð og unnið til verðlauna.

„Hinsegin er regnhlífarhugtak yfir fólk sem er ekki gagnkynhneigt. Ég skilgreini mig sem hinsegin, en ég er ekki samkynhneigð,“ útskýrir Ingunn aðspurð. „Við vildum fjalla um þetta efni því að það er algjört tabú. Það talar enginn um heimilisofbeldi í hinsegin samböndum, og ef það er gert er það ávallt léttvægt. Það er eins þegar konur eru gerendur, þá er eins og fólk yppti bara öxlum.“

Ingunn telur aftur á móti að ofbeldi sé jafn algengt í hinsegin samböndum og gagnkynhneigðum. „Það eru fávitar alls staðar en þar sem hinsegin fólk þarf alltaf að sanna sig og vera góð fyrirmynd þá er ekki talað um þetta. Sjálf er ég hinsegin, hef verið þolandi í ofbeldissambandi með karlmanni og lenti í kynferðisofbeldi af hálfu konu þegar ég var átta ára gömul. Ég held að við skrifum og vinnum út frá eigin reynsluheimi og það hefur ýtt undir að sjálf er ég hinsegin.“

Verkefnið var erfitt, flókið og spennandi en ég var ótrúlega heppin með samstarfsfólk. Við Lovísa höfum verið vinkonur í mörg ár og hún kann alveg á mig, og svo voru allir sem að komu mjög skilningsríkir og þá sérstaklega Hildur sem lék kærustuna mína.“

**Gifti sig öllum að óvörum**

Síðasti mánuður ársins 2017 var sannarlega viðburðaríkur í lífi Ingunnar en þá útskrifaðist hún frá Kvikmyndaskólanum, frumsýndi myndina og gifti sig í útskriftarveislunni, öllum að óvörum.

„Ég og maðurinn minn, Daníel Þór Þórisson, smöluðum öllum saman og sögðumst vera að halda upp á útskriftina, en vorum í raun búin að slá tveimur partíum í eitt. Í miðri veislunni skruppum við út, hittum athafnastjórann frá Siðmennt, Margréti Gauju Magnúsdóttur, gripum blómin sem voru falin í skottinu og leiddumst inn veislugólfið.

Það fyndnasta var að einn gesturinn öskraði upp fyrir sig „Holy shit!“ þegar hann fattaði loksins hvað var í gangi,“ rifjar Ingunn upp hlæjandi.

> **ÞAÐ ERU FÁVITAR ALLS STAÐAR EN ÞAR SEM HINSEGIN FÓLK ÞARF ALLTAF AÐ SANNA SIG OG VERA GÓÐ FYRIRMYND ÞÁ ER EKKI TALAÐ UM ÞETTA.**



Ingunn Mía nær svo góðum tökum á pirrandi persónu sem jafnvel vini hennar langar til að gefa á kjaftinn.

**Ekkert þeirra hefur sagst vilja kýla mig áður**

Eins og fyrr segir hafði Nanna Kristín, leikstjóri og handritshöfundur Pabbahelga, leiðbeint Ingunni í náminu og vissi hvað í henni bjó. Hún bauð henni því að koma í prufu fyrir hlutverk leikskólakennara sem er mikilvægt fyrir söguna þó að ekki sé um burðarhlutverk að ræða. Ingunn hreppti hlutverkið og segir þar með ákveðinn draum hafa ræst.

„Þetta var rosalega spennandi verkefni og það var mjög gaman að vinna með Nönnu og öllum á setti. Ég leik leikskólakennara og sá fyrir mér að hún væri að bíða eftir að komast heim úr vinnunni. Nokkrir vina minna sögðust vilja kýla karakterinn minn og tel ég það vera til marks um að túlkunin hafi verið sannfærandi, þar sem ekkert þeirra hefur sagst vilja kýla mig áður,“ segir Ingunn í léttum tón að lokum. bjork@frettabladid.is

# FRAMTÍÐAR–FORTÍÐ

TILBOÐSVERÐ:
**3.299.-**
Verð:
3.999.-






*Ian McEwan*
Höfundur

**„Vélar eins og ég minnir á að Ian McEwan er einstakur höfundur sem býður í senn upp á lestrarlega nautn, vitsmunalega afstöðu og örvar ímyndunaraflið.“**
Spectator

**„Einn jafnbesti rithöfundur Bretlands tekst á við nýjan og spennandi veruleika.“**
Esquire

HALLDÓR LAXNESS • INTERNATIONAL LITERARY PRIZE •

**Vélar eins og ég**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-

**Ian McEwan hlýtur í ár fyrstur allra Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness.**
**Hann veitir þeim viðtöku í Veröld – Húsi Vigdísar í dag, fimmtudag, kl. 11.30**
**og talar þar jafnframt um skáldskap sinn.**
**Að því loknu mun hann árita bækur sínar. Láttu sjá þig!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 23. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ofbeldi hafið yfir konur og grín

Breska dagblaðið The Guardian birti nýlega á vef sínum lista yfir 100 bestu sjónvarpsþætti 21. aldarinnar eða Athygli vekur að karllægir ofbeldisþættir eru yfirsettir grínþáttum og þáttum sem hverfast um konur.

Ekki þarf að deila um að mafíósaþættirnir The Sopranos mörkuðu ákveðin þáttaskil í framleiðslu sjónvarpsþátta sem lyftist í kjölfarið á hærra plan. Dósahláturinn er að mestu þagnaður og það besta í sjónvarpi jafnast á við almennilegar bíómyndir.

„Það sést náttúrlega ef horft er á listann í heild að grínþættir og kvenlægir þættir eru að mínu mati gjarnan settir lægra en þeir eiga skilið," segir Laufey Haraldsdóttir leikkona sem er heldur betur vel séð þegar sjónvarpsþættir eru annars vegar. Hún hefur líka búið í Bretlandi og þekkir vel hvað mótar sjónvarpssmekk þarlendra.

Hún nefnir þættina The Mighty Boosh, Flight of the Conchords, Parks and Recreation, Black Books og Broad City sem dæmi um vanmetið grín. „Ég meina The Good Place er bara einhvers staðar í miðjunni og Gavin and Stacey sem er einn besti þáttur í heimi er líka bara mjög neðarlega," segir Laufey og bætir við að hún sé vel meðvituð um að fólk beri ekki jafn mikla virðingu fyrir gríni og drama.

Þetta sjáist vel á toppsætunum þar sem ofbeldi og dramatík eru í öndvegi í til dæmis efstu sætunum þar sem The Sopranos, The Wire og Breaking Bad eru í efsta laginu. „Og svo auðvitað Mad Men sem eru fullir af öðruvísi ofbeldi á meðan grínið er allt sett lægra með einhverju alls konar rusli eins og Big Brother. En þetta er breskur listi og það verður að hafa í huga að Bretar elska þetta," segir Laufey um innantómt raunveruleikasjónvarpið.

Þetta sjáist vel á toppsætunum þar sem ofbeldi og dramatík eru í öndvegi í til dæmis efstu sætunum þar sem The Sopranos, The Wire og Breaking Bad eru í efsta laginu. „Og svo auðvitað Mad Men sem eru fullir af öðruvísi ofbeldi á meðan grínið er allt sett lægra með einhverju alls konar rusli eins og Big Brother. En þetta er breskur listi og það verður að hafa í huga að Bretar elska þetta," segir Laufey um innantómt raunveruleikasjónvarpið.

Laufey nefnir RuPaul einnig sem dæmi um þessa tilhneigingu. „Þátturinn hans er menningarfyrirbæri sem konur og samkynhneigðir karlar elska og er rosalega vel framleitt sjónvarpsefni en bara í 93. sæti."

Laufey bendir einnig á að velta megi fyrir sér hvort nokkrum þáttaröðum, til dæmis Lost og Game of Thrones, sem hafi verið frábærar en komið með lélegar seríur inn á milli sé refsað fyrir mistökin. „Og þá spyr ég, hvar eru Gilmore Girls? Er verið að refsa þeim fyrir að hafa verið með slæman tíu ára endurfund? Eða er verið að refsa þeim fyrir að vera grínþættir með konum í aðalhlutverki? Mér finnst skrítið að Gilmore Girls vanti bara alveg," segir hún en móðgar síðan sjálfsagt marga með þessum úrskurði:

„Í miðjunni eru alls konar þættir sem sumir myndu halda að ættu að vera ofar en mér finnst einmitt vera svona rétt yfir meðallagi. Eins og Sherlock, Doctor Who, Sex and the City, Downtown Abbey, og Orange is the New Black. Þetta eru allt mjög góðir svona eitthvað fyrir alla þættir sem eiga einmitt heima þarna rétt yfir miðju og hafa einmitt allir átt seríur sem eru lélegar."

thorarinn@frettabladid.is


Hverjir eru bestir? Ítalskættaðir mafíósar. The Sopranos njóta þess líklega að þeir ruddu brautina fyrir gæðaefni.


Phoebe Waller-Bridge veit að öllu gamni fylgir alvara og sýnir það í Fleabag.


Guardian sýnir RuPaul lítinn sóma.


Þótt góður rómur hafi verið gerður að Netflix-þáttunum um ævi Elísabetar II og leik Claire Foy nær The Crown ekki nema 44. sæti hjá The Guardian.


Hvað klikkaði, Jessie? Walter White glansaði í Breaking Bad en endaði í 5.

## Fleabag hefði mátt vera ofar

Þótt Laufey hafi heilmargt við lista The Guardian að athuga er breski þátturinn Fleabag henni efst í huga. Fleabag er hugarfóstur leikkonunnar Phoebe Waller-Bridge sem byggir þá á einleik sínum sem hún flutti af sviði í sjónvarp með frábærum árangri.

Þátturinn hafnaði í 8. sæti listans en Laufey hefði viljað sjá hann aðeins ofar og færir fyrir því sterk og sannfærandi rök. „Ég elska þessa þætti. Örugglega af því að ég er leiklistarmenntuð en þeir byrjuðu sem einnar konu sýning á sviði," segir Laufey.

„Þetta eru tvær þáttaraðir og sú fyrsta var byggð á sviðsverkinu og hún er stórkostleg hún Phoebe. Hún brýtur fjórða vegginn en það er mjög sjaldgæft að það virki í sjónvarpi þótt það geri það á sviði. En þar sem þetta er einleikur þurfti hún að brjóta vegginn."

Laufey segir galdur Fleabag ekki síst fólginn í því að undir öllu gríninu kraumar mikil alvara, jafnvel harmur. „Maður var stanslaust hlæjandi þangað til maður fattaði af hverju maður ætti ekki að vera að hlæja. Það er það sem er svo fallegt við þetta og mér þykir svo vænt um. Að það er alvara í gríni. Öllu gamni fylgir nokkur alvara og það er svo skýrt í þessu.

Maður átti síðan ekki von á að hún gæti toppað sig í seinni seríunni en það gerði hún svo sannarlega," segir Laufey. „Þetta eru fyndnar aðstæður en rosalega sorgmætt fólk. Mér þykir rosalega vænt um þessa þætti. Þeir eru drepfyndnir, kvenlægir og mér finnst þeir öðruvísi en annað sem ég hef séð. Það er einhver rosalegur tilfinningalegur kjarni í þessu og ég hefði viljað sjá þættina aðeins ofar."

**MAÐUR VAR STANSLAUST HLÆJANDI ÞANGAÐ TIL MAÐUR FATTAÐI AF HVERJU MAÐUR ÆTTI EKKI AÐ VERA AÐ HLÆJA.**

Laufey Haraldsdóttir, leikkona



## Lítið gert úr krúnunni

Ég er mjög hissa á að The Crown lendi ekki miklu ofar á listanum, því þeir eru með eindæmum vandaðir þættir," segir Sigríður Pétursdóttir, kvikmyndakona sem gerði á sínum tíma gott mót með útvarpsþættinum Kviku á Rás 1. „Þetta er frábær þáttagerð hvernig sem á það er litið og The Crown ættu reyndar að vera langt fyrir ofan Downtown Abbey," segir Sigríður um aðra hátimbraða breska þáttaröð sem dólar sér í 50. sæti aðeins fyrir neðan The Crown.

„Því þótt ég hafi gaman af að horfa á Downtown Abbey þá eru þeir frekar eins og risastórt súkkulaðistykki, sem maður nartar í á síðkvöldi. Helst fyrir framan arinn."

Og vitaskuld hefur Sigríður sitthvað fleira við lista The Guardian að athuga. „Ég hefði líka viljað sjá Twin Peaks miklu framar og fannst undarlegt að Breaking Bad væru í fimmta sæti en var hins vegar ánægð með að sjá Fleabag svona framarlega, þótt þeir séu mjög nýlegir og bara tvær seríur."

**ÉG HEFÐI LÍKA VILJAÐ SJÁ TWIN PEAKS MIKLU FRAMAR OG FANNST UNDARLEGT AÐ BREAKING BAD VÆRU Í FIMMTA SÆTI.**

Sigríður Pétursdóttir, kvikmyndakona



# 100 bestu þættirnir

100 I'm a Celebrity ... Get Me Out of Here!
99 Life on Mars
98 The Mighty Boosh
97 The Shadow Line
96 Broad City
95 The Trip
94 Skins
93 RuPaul's Drag Race
92 Garth Marenghi's Darkplace
91 Silicon Valley
90 24
89 The L Word
88 Justified
87 The Leftovers
86 Fresh Meat
85 Gogglebox
84 Looking
83 Buffy the Vampire Slayer
82 Strictly Come Dancing
81 Gavin and Stacey
80 Veep
79 Halt and Catch Fire
78 Freaks and Geeks
77 The Shield
76 A Very English Scandal
75 It's Always Sunny in Philadelphia
74 The Inbetweeners
73 Spiral
72 Planet Earth
71 Lost
70 Shameless
69 The Good Place
68 Band of Brothers
67 Borgen
66 Inside No 9
65 Flight of the Conchords
64 Six Feet Under
63 Show Me a Hero
62 Succession
61 State of Play
60 Sherlock
59 Wolf Hall
58 Orange Is the New Black
57 Sex and the City
56 The Jinx
55 Utopia
54 Parks and Recreation
53 Black Books
52 The Good Fight
51 Patrick Melrose
50 Downton Abbey
49 Insecure
48 Better Call Saul
47 Nathan Barley
46 Doctor Who
45 The Bridge
44 The Crown
43 The Americans
42 South Park
41 Friday Night Lights
40 The Power of Nightmares
39 The Good Wife
38 Detectorists
37 Brass Eye: Paedogeddon
36 The Great British Bake Off
35 This is England
34 Catastrophe
33 Big Brother
32 The Office (BNA)
31 Blue Planet
30 Killing
29 Spaced
28 The Killing
27 Transparent
26 Red Riding Trilogy
25 The Handmaid's Tale
24 The Daily Show with Jon Stewart
23 Black Mirror
22 Twin Peaks: The Return
21 Arrested Development
20 OJ: Made in America
19 The Vietnam War
18 Girls
17 Deadwood
16 Nighty Night
15 The West Wing
14 Curb Your Enthusiasm
13 Line of Duty
12 30 Rock
11 Happy Valley
10 Atlanta
9 Peep Show
8 Fleabag
7 Game of Thrones
6 The Office (UK)
5 Breaking Bad
4 The Thick of It
3 Mad Men
2 The Wire
1 The Sopranos

# Breaking Bad ætti að toppa The Sopranos

Bara af því að það er gaman að röfla aðeins yfir listum þá skil ég ekki af hverju Breaking Bad er aðeins í fimmta sæti á þessum lista en ekki því fyrsta þar sem þátturinn á heima," segir Ásgrímur Sverrisson, kvikmyndagerðarmaður og ritstjóri Klapptré. is með fyrirvara um að hafa ekki séð The Wire sem er í öðru sæti listans á eftir The Sopranos.

„The Sopranos voru auðvitað afbragð og ruddu dálítið brautina fyrir þáttaraðir með hægri uppbyggingu og meiri dýpt í persónusköpun, allavega í Ameríku, en Breaking Bad er samt sterkari heild og kynngimagnaðri, meiri gloría.

Ferðalag persónanna er stærra, bæði í sinni tragísku dýpt og epísku breidd. Svo eru þættirnir sjónrænt afar sterkir og þar hjálpast allt að; meðferð lita, leikmynd, ljós og myndskurður," segir Ásgrímur um Breaking Bad.

„Allt undirstrikar þetta afar vel ferðalagið frá örvæntingu hvunndagsmannsins til algerrar firringar hins ósnertanlega eiturlyfjabaróns. Þetta er svona heimur sem maður vill ekkert af vita en um leið getur maður ekki slitið sig frá honum. Að ná þessu fram er svolítið kraftaverk."

Ásgrímur segir margt gott tínt til á listanum en þó vanti ýmislegt. „Til dæmis ætti Boardwalk Empire, allavega fyrstu syrpurnar, að vera í topp fimm en er hvergi. Og hvar er Næturvaktin? Ég spyr. Miklu betra stöff en margt þarna."

– þþ


Ásgrímur Sverrisson, leikstjóri



# Vona að engum verði dömpað í Austurbæ

Grínistarnir **Hugleikur** og **Jonathan** verða með sína síðustu sýningu í bili í Austurbæjarbíói. Þeir hafa í nokkur ár haldið úti hinu vinsæla hlaðvarpi Icetralia. Hugleikur flytur til Berlínar í október.

Á morgun fer fram uppistandssýning Hugleiks Dagssonar og Jonathans Duffy sem kallast Icetralia í Austurbæ. Þetta er síðasta sýningin í bili því Hugleikur heldur af landi brott í október, ætlar að setjast að í Berlín.

**Allt fyrir pening**

Jonathan flutti hingað til lands fyrir fjórum árum.

„Ég er ástralskur, ég er grínisti og ég hef líka gert aðra hluti fyrir pening," segir Jonathan. Inntur efir útskýringu á hverslags hlutir það væru svarar hann um hæl hlæjandi: „Allt sem er borgað."

Upphaflega ætlaði hann einungis að stoppa hér í stutta stund til að leikstýra myndbandi við lagi fyrir Pál Óskar, en Jonathan er mikill áhugamaður um Eurovision-keppnina.

„Ég þekkti til hans. Vinkona mín Ólöf Erla þekkti hann persónulega en hann hafði spurt hana hvort hún gæti gert myndband með honum. Hún stakk svo upp á að ég myndi leikstýra því með henni svo við unnum það saman. Eftir það fékk ég svo bara fleiri og fleiri atvinnutilboð og hér er ég enn."

Um það leyti sem ég flyt hingað var verið að byrja með svokölluð open mic-kvöld á ensku. Í kjölfarið var ég svo bókaður á hin og þessi kvöld og skemmtanir um allan bæ. Svo héldum við Ólöf líka áfram að vinna saman og aðstoðuðum við sköpun atriðis Gretu Salome í Eurovision árið 2016."

**Þynnka og matareitrun**

Hann og Hugleikur kynntust í gegnum uppistandssenuna.

„Ég sá hann oft baksviðs en talaði aldrei við hann því mér fannst hann svo töff. Svo vorum við einu sinni saman í jólasýningu með öðrum uppistöndurum Tjarnarbíói. Hugleikur var þunnur og ég var með matareitrun. Þannig að þá loks létum við báðir vörnina falla og töluðum saman," segir Jonathan.

Í kjölfarið ákváðu þeir að vera saman með uppistand á ensku fyrir túrista.

„Við ákváðum svo að byrja með hlaðvarpið eftir það en nú höfum við ferðast saman um alla Evrópu með uppstand og fórum með sýninguna til San Francisco. Ég hef oftar sofið í sama rúmi og hann en ég kæri mig um að opinbera," segir Jonathan hlæjandi.

Hann segir það að fara á túr á borð við það sem þeir fóru um Evrópu hafa valdið því að þeir hafi kynnst hratt.

„Maður uppgötvar hratt kosti fólks og galla. Hann er meiri einfari en ég til dæmis. Fyrir sýningar labbar hann um og einbeitir sé að því að undirbúa sig meðan ég er meira að spjalla við hina kannski. Þegar hann þrammar um ákveðinn baksviðs spyr fólk mig hvort það það sé ekki allt í góðu hjá honum. Ég útskýri auðvitað bara að hann geri þetta fyrir flestar sýningar."

Jonathan segir Hugleik þó mörgum kostum gæddan og hafa meðal annars kennt honum að vera jákvæðari.

„Já, við bætum hvor annan upp, þar sem mig skortir hefur hann og öfugt. Svo hrjótum við báðir svo við erum látnir gista í sama herbergi. Eitt sinn var hann vakandi þegar ég svaf og þegar ég vaknaði horfði hann á mig og sagði að ég hljómaði eins og ég væri að deyja þegar ég hryti. Ég spurði hann þá af hverju hann hefði ekki reynt að bjarga mér fyrst hann hélt að ég væri að deyja," segir Jonathan hlæjandi.

Jonathan segist hlakka mikið til að koma fram í Austurbæ, en salurinn var nýverið tekinn í gegn og endurbættur.

„Það eru svo fáir staðir eftir þar sem hægt er að halda uppistand á svo þetta er kærkomin viðbót í flóruna. Salurinn er flottur og við vorum mjög til í að halda sýningu þar þegar það bauðst."

**Sambandsslit í beinni**

Jonathan og Hugleikur hafa gefið út Icetralia-þættina á netinu síðastliðin þrjú ár, en í þættinum taka þeir við bréfum frá hlustendum í leit að ráðum.

„Það er eiginlega skemmtilegasti hluti þáttarins. Fólk hefur sent okkur mjög persónulegar spurningar, eins og hvort það ætti að fara í trekant og annað í slíkum dúr. Eitt sinn þegar við vorum með þáttinn í beinni drógum við upp úr hattinum miða frá stúlku sem spurði hvort hún ætti að hætta með kærastanum sínum eftir sýninguna. Allt í einu stendur upp í salnum maður og labbar út. Hún þurfti ekki að segja honum upp, hann bara vissi."

Jonathan segir því kjörið fyrir fólk í einhvers konar krísu að koma á sýninguna og leita á þeirra náðir.

„Við vonum samt að engum verði dömpað, en það er aldrei að vita. Fólk getur fengið ráð við hverju sem er en líka bara mæta til að skemmta sér. Við verðum með uppistand saman og í sitt hvoru lagi og það er aldrei að vita nema að það verði stórkostlegt dansatriði líka," svarar Jonathan lúmskur.

Miða er hægt að nálgast á tix.is og við hurð en sýningin hefst klukkan 21.00. **- ssþ**





**K371 sófi**
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!




Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur




Mamma Veit Best
HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is

"Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.„
Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is




Doktor.is Ráðgjöf — Fræðsla — Forvarnir


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# BIOEFFECT

NÝJAR VÖRUR

## KYNNINGARDAGAR
## 19.–25. SEPTEMBER




*Hámarkaðu EGF áhrifin*

Við kynnum tvær spennandi nýjungar frá BIOEFFECT: EGF Essence, nærandi andlitsvatn sem eykur raka og undirbýr húðina fyrir serum, og Imprinting Hydrogel Mask, rakagefandi gelmaski sem er sérstaklega hannaður til að hámarka áhrif EGF seruma. EGF er einn mikilvægasti frumuvaki húðarinnar og viðheldur unglegri, heilbrigðri og þéttri húð.

**Boðið verður upp á ráðgjöf og sérfræðingur BIOEFFECT mun einnig bjóða upp á mælingu á rakastigi húðar í Hagkaup Kringlunni milli 13-17, laugardaginn 21. september og sunnudaginn 22. september.**

BIOEFFECT.COM / @BIOEFFECTOFFICIAL

FÆST Í VERSLUNUM HAGKAUP Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, SKEIFUNNI, GARÐABÆ OG AKUREYRI

BORN FROM **SCIENCE**
MADE IN **ICELAND**

20% AFSLÁTTUR AF
BIOEFFECT HÚÐVÖRUM

HAGKAUP

Meira svona alla daga




## OSWALD
3ja sæta sófi

Slitsterkt, dökkgrátt Malmö áklæði og ljósir viðarfætur

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **49.445 kr.**




## OSWALD
stóll

Dökkgrátt Malmö áklæði og ljósir viðarfætur

**Fullt verð: 59.900 kr.**

Aðeins **32.945 kr.**

## KOLDING
hægindastóll m/skemli




Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða dökkgrátt leður/PVC.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925**




## TAMPA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 129.900**

Aðeins **97.425 kr.**

SCAPA




## NEW MALMÖ
u-sófi

Gátt, slitsterkt antrazit áklæði. Hægri eða vinstri tunga.

**Fullt verð: 269.900 kr.**

Aðeins **188.930 kr.**

SCAPA

# ÁTTU VON Á GESTUM?

## Fjölbreytt úrval svefnsófa






## BARCELONA
svefnsófi

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar liggur heil (laus) 194×140×13 cm svampdýna sem fylgir. Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár.

**Fullt verð: 199.900 kr.**

Kynningarverð aðeins **169.915 kr.**




B: 77 D: 35 H: 181 cm

## SEAFORD
bókahilla

6 hillur svartur askur eða vilt eik

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **31.920 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Tilboðin gilda til 30. september 2019 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Fjörugt haust í fjórum búðum

Smáratorgi | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN



Nature's Bedding

## NATURE'S REST
### heilsurúm m/Classic botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$
- Góðar kantstyrkingar

| Stærð í cm | Fullt verð með Classic botni | DORMA HAUSTTILBOÐ |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 | 44.720 |
| 90x200 | 59.900 | 47.920 |
| 100x200 | 63.900 | 51.120 |
| 120x200 | 69.900 | 55.920 |
| 140x200 | 79.900 | 63.920 |
| 160x200 | 89.900 | 71.920 |
| 180x200 | 99.900 | 79.920 |

DORMA Hausttilboð
20%
AFSLÁTTUR




Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.dorma.is
Spennandi tilboð á 24 síðum

FRÁBÆRT VERÐ

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kolbeins Marteinssonar




## Tíminn

Með hærri aldri þykir mér sífellt vænna um tíma minn. Það er eðlilegt því að eftir því sem ég eldist á ég á sífellt minna af honum. Við fæðingu gat ég vænst þess að eiga tæpa 29.500 daga til ráðstöfunar á ævi minni næði ég meðalaldri íslenskra karlmanna sem er um 81 ár. Íslenskar konur eru aðeins ríkari en þær fá 30.500 daga sé miðað við meðalaldur þeirra 83,6 ár. Miðað við núverandi stöðu er ég búinn að eyða 16.680 dögum af þeim 30.500, um 56%, nái ég áðurnefndum meðalaldri. Þá á ég 12.820 daga eftir. Sú tala setur hlutina í samhengi og brýnir fyrir mér að fara vel með þann tíma sem eftir er. Ég hugsa með hneykslan til allra þeirra stunda sem maður sólundaði í vitleysu, sannfærður um að inneignin væri ótæmandi.

Verst er þó sú staðreynd að tíminn líður miklu hraðar eftir því sem ég eldist. Og ekki batnar það. Þegar börn okkar flytja að heiman höfum við samkvæmt rannsóknum varið 90% af þeim tíma sem við eigum með þeim á allri ævi okkar. Þessi litlu 10% sem eftir eru til ráðstöfunar eru svo hefðbundnar fjölskyldusamvistir. Tíminn er því það verðmætasta sem við eigum. Best við hann er að við fáum flest jafn mikið af honum. Við getum alltaf unnið okkur inn peninga og lögmál þeirra er að við eigum yfirleitt meira af þeim eftir því sem líður á ævina. Við getum hins vegar aldrei unnið til baka tapaðan tíma.

Því ætla ég að fara vel með þessa tæpu 13.000 daga sem ég á eftir. Forðast leiðindi, ekki vinna of mikið, sinna áhugamálum mínum og eyða eins miklum tíma með mínum nánustu og vinum og kostur er. Kæri lesandi, við lestur þessa pistils eyddir þú 1-2 mínútum af tíma þínum, ég vona að hann hafi verið þess virði.





HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



